Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Gjörðabók fasteignanefndar 1909-1914

Aðfnr. 253

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.

Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.

**© Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

SKJALASAFN
REYKJAVÍKURBÆJAR

# Gjörðabók fasteignarnefndar

1909
:
1914

.077.5 - .073.544

Ab/nr. 253

BÆJARINS

...bók
...fasteignarnefndar
1909–1914

REYKJA... ...JAR

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

SKJALASAFN
REYKJAVÍKURBÆJAR
253

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Gjörðabók fasteignarnefndar Reykjavíkur

SKJALASAFN
REYKJAVÍKURBÆJAR

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1909 þ. 16. marz átti fasteigna-nefnd Reykjavíkur fund með sjer á skrifstofu borgarstjóra. Allir nefndarmenn-irnir á fundi. Gjörðist það, er hjer segir:

1°

Lögð fram til umsagnar tilboð frá ekkjunni Jórunni Guðmundsdóttur að selja bænum býlið Skaptholt í Eyðislandi, húsin og lóðarrjettindin fyrir 300 krónur. Var það jafnframt upplýst á fundinum, að ábúandinn á Eyði býðist til að greiða 30 króna hærra árlegt eptirgjald eptir jörð-ina, ef Skaptholt yrði keypt og lagt undir jörðina aptur, og hann megi nota við-inn úr Skaptholtsbænum til endurbóta á jarðarhúsunum að Eyði.

Nefndin leggur til að bærinn kaupi Skaptholt með þessum skilyrðum og að borgarstjóra verði falið að gjöra samninga þá, er hjer að lúta.–

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

2°

Var lögð fram til umsagnar brjef Gunnlaugs Pjeturssonar dags. 15. des. f. á., þar sem hann býður bænum kaup á fjósi, er hann eigi í Ártúnum. Á fundinum var lagt fram eptirrit af afhendingargjörð, er fram hefur farið á hendur hinu núverandi ábúanda á Ártúnum og samkvæmt henni hefur ábúandinn tekið við fjósi þessu á sama tíma hjá bænum og við burtför sína lofað að greiða andvirði þess með 165 kr.

Nefndin leggur það til að fjósið verði keypt fyrir 150 kr., en það væntist fáanlegt fyrir það verð

3°

Var lögð fram til umsagnar beiðni J. Tomassen um að fá leigt grjótland, helzt í Skildinganesshólum.

Nefndin ræður frá því að honum verði leyfð grjóttaka í Skildinganesshólunum, en mælir hinsvegar með því að

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

honum verði leyft grjóttaka í Skólavörðu-
holtinu sunnanverðu eða Öskjuhlíð
eptir útvísun bæjarverkfræðingsins, svo
mikil að nægi til þess að hann geti
fullnægt samningi þeim, er hann hefur
gjört við veganefndina, að selja henni
200 álnir af stjettarsteinum. Gjaldið fyrir
grjóttökuleyfið álítur nefndin hæfilega
ákveðið 6 kr. —

4.

Var lagt fram brjef Eiríks járnsmiðs
Bjarnasonar dags. 2. þ. m., en í brjefi
þessu býður hann bæjarstjórninni kaup
á erfðafestutúnbletti sínum vestanvert
við Tjarnarendann syðri. –

Meiri hluti nefndarinnar formaður-
inn og yfirdómari Jón Jensson leggja
það til að bæjarstjórnin kaupi túnblett
þennan, ef erfðafestueigandi vill selja
hann fyrir 4500 kr., og með þeim skil-
málum, að 1000 kr. greiðist um leið og
kaupin fara fram en eptirstöðvarnar

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

með 500 kr. afborgun á ári auk 4% vaxta og ef seljandi vill leigja túnblettinn næstu 7 ár fyrir 180 kr. árlegt afgjald, ef bæjarstjórnin ekki vill ráðstafa honum á annan hátt.–

Háyfirdómari Kristján Jónsson vill þvi að ~~um~~ láta kaupa, að kaupverðið verði ekki hærra en 3000 kr.

Fleira gjörðist ekki
Fundi slitið
Páll Einarsson
Kristján Jónsson.

Ár 1909, laugardaginn þ. 29. mai átti fasteignanefndin fund með sjer á skrifstofu borgarstjóra. Allir nefndarmennirnir á fundi. Gjörðist þá það er hjer segir:

1.

Var rætt ~~um~~ og samþykkt frumvarp til

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

almennra skilmála fyrir erfðafestulöndum er einstökum mönnum kunna að verða heimiluð. Verður frumvarpið síðan fært inn í gjörðabókina, eins og það kann að verða samþykkt af bæjarstjórninni.

2.

Var lögð fram beiðni Brynjólfs Jónssonar um að fá 60 x 15 faðma breiða landspildu á erfðafestu aukna af erfðafestulandi því, er hann nú hefur fengið fyrir neðan Laugaveg. Nefndin leggur það til að beiðni þessari verði sinnt, þannig að efri takmörk lóðarinnar verði ekki nær Laugaveginum en 25. faðma, og sje hann skyldur (til) að hafa ræktað landið innan þriggja ára frá því að honum er það útvísað.

3.

Var lögð fram beiðni Vilhjálms Bjarnasonar um að ~~fá~~ land til erfða-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

festu svo mikið sem bæjarstjórnin sjái sjer fært af landi því, er liggur milli erfðafestulandi Brynjólfs Jónssonar að vestan og vegarins að Lauganesi að austan. Nefndin mælir með því, að honum verði látin á erfðafestu allt að 4 dagsláttur af landi þessu, eptir nánari útmælingu bæjarverkfræðingsins. Sje efri takmörk landsins ekki nær Laugavegi en 25 faðmar, og hann sje skyldur að hafa ræktað landið að fullu áður en þrjú ár eru liðin frá útvísun.

4°

Pjetur kaupmaður Hjaltested biður um að fá á erfðafestu þríhyrnda landspildu, er liggur sunnanvert við erfðafestuland hans og upp með erfðafestulandi Bjarna Magnússonar og Guðmundar Jafetssonar og ennfremur í samhengi við þá landspildu, landstykki vestanvert við

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Kringlumýri að stærð að gizka 10-15 dagsláttur. Nefndin leggur það til að hann ef hann óskar fái þríhyrnu þá, er liggur sunnanvert við túnið hans sjálfs að frátekinni nægilega breiðri spildu undir svonefndan Sigurðlaugarstíg. En hinsvegar leggur nefndin til að honum verði synjað um þá spildu af þríhyrnunni, er liggur meðfram löndum Bjarna Magnússonar og Guðmundar Jafetssonar og ennfremur um landspilduna upp af þríhyrnu þessari og vestanvert við Kringlumýrina.

5.

Páll Halldórsson biður um að fá á erfðafestu c. 12 dagsláttur úr hinu afgirta beitarsvæði í Kleppslandi inn undir Elliðaárin. Nefndinni þótti það of mikil skerðing á beitarlandinu að láta allt hið umbeðna svæði, en mælir hinsvegar með, að skólastjórinn fái á tilgreindum

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

stað ef hann óskar hæfilega stóra lóð
fyrir sumarbústað.

6º

Hjálpræðisherinn biður um að fá á erfðafestu c. 25000 ferálnir við suðurhlíð syðsta ræktaða blettsins vestanvert við tjörnina. Tveir úr nefndinni voru því meðmæltir að sinna bæri beiðni þessari, þannig að landið skyldi vera fullræktað áður en liðin væru þrjú ár frá útmælingu. En einn úr nefndinni var því mótfallinn að beiðninni yrði synjt.

7º

Helgi Hannesson úrsmiður, biður um að fá á erfðafestu 3-5 dagsláttur sunnan í Skólavörðuholtinu sunnanvert við erfðafestuland Matthíasar Matthíassonar. Nefndin var einhuga um að synja bæri beiðni þessari, því gjöra má ráð fyrir að svæði þetta byggist í nánustu framtíð og þar

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

er grjóttökuland, enda erlandið erfitt og illa fallið til ræktunar. –

8°

Páll Bergsson kaupmaður biður um að fá keypta spildu úr Fossvogi, en nefndin er öll því mótfallin, að beiðni hans verði sinnt.

Fleira gjörðist ekki
Fundi slitið. –

Kristian Jörgensen. – Páll Einarsson
Jón Jensson

Ár 1909 þ. 14. júní átti fasteignarnefndin fund með sjer á skrifstofu borgarstjóra. Allir nefndarmennirnir á fundi. Gjörðist þá það, er hjer segir:

1°

Var lögð fram beiðni frá Bjarna Magnússyni frá Engey dags. 28. f. m.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

um að fá á erfðafestu landspildu sunnanvert við tún hans og jafnlanga túninu. Nefndin leggur til að hann fái spildu þessa á erfðafestu, að frátekinni ræmu nægilega breiðri undir Sigurlaugarstíg.

2°

Var lögð fram beiðni frá Runólfi Pjeturssyni dags. 8. þ.m. um að fá á erfðafestu c. 10 dagsláttur úr landi Bústaða inn undir Elliðaánum, en á landi þessu ætlar hann að byggja hús til þess að geta tekið á móti ferðamönnum og hestum þeirra. Nefndin leggur til að beiðni þessari verði synjað, þegar af þeirri ástæðu að slík útvísun kæmi í bága við ábúðarjett ábúanda Bústaða.

3°

Olaf Overaas biður um leyfi til að mega setja upp einn eða tvo bræðslupotta í Örfirisey til þess þar að bræða um 30 tunnur af lifur. Nefndin leggur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

til að honum sje heimilað þetta gegn
10 kr. grunnleigu. En leyfið er bundið
því skilyrði, að ekki sje brætt þegar –
vindur stendur af eynni á bæinn,
og að hann að öðru leyti sje skyldur
til að hlýta skilyrðum þeim, er sett
verða um meðferð á eynni, þrifnað
o. fl., og sje hann ennfremur skyldur
til að flytja bræðslupottana burt,
hvenær sem þess verður krafist af
fasteignanefnd.

4°

X Var ákveðið að bjóða upp slægjur
í Örfirisey á þessu sumri.

5°

Samþykkt að leigja veiðirjett
fyrir landi Knútskots ef hann fæst
fyrir 50 kr. og borgarstjóra falið að gjöra leigu-
samninginn.

Fleira gjörðist ekki. Fundi slitið.

Páll Einarsson
Kristján Jónsson   Jón Jensson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1909 þ. 6. júlí átti fasteignanefndin fund með sjer á skrifstofu borgarstjóra. Allir nefndarmennirnir á fundi. Gjörðist þá það, er hjer segir:

1°

Lagt fram til umsagnar erindi Bergs Einarssonar sútara dags. 14. f. m. þar sem hann fer þess á leit að fá Móakotslóðina leigða um 15 ára tímabil, eða keypta, og er það ætlun hans að reisa þar sútarastöð.

Nefndin leggur til að honum verði leigð lóð þessi, þó eigi lengra niður en að fyrirhugaðri strandgötu, um 15 ára tímabil, og þannig að eptir þann tíma megi segja upp lóðinni með 6 mánaða fyrirvara, og hann þá skyldur til að flytja burtu bænum að kostnaðarlausu mannvirki þau, er hann kann að hafa gjört á lóðinni. En sútarastöðina skal hann hafa reist fyrir næsta vor. Leigan á lóðinni þykir nefndinni hæfilega

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

ákveðin 40 kr. á ári, er greiðist fyrir 31. des. ár hvert.

2°

Lögð fram beiðni Helga Hannessonar úrsmiðs um að fá á erfðafestu landspildu sunnan á Skólavörðuhæðinni. Nefndin leggur til að beiðni þessari verði synjað.

3°

Erfðafestubeiðnir frá þessum voru lagðar fram:

a, Hólmfríði Gísladóttur, er vill fá ½ dagsláttu næst fyrir sunnan Einholt.
b, Birni Jónssyni, er vill fá 2 dagsláttur við Kaplaskjólsveg sunnanvert við túnblett Halldórs Ólafssonar.
c, Guðmundar Jónssonar, er vill fá land milli Einholts og Sauðagerðis.

Öllum þessum erfðafestubeiðnum vill nefndin vísa til bæjarverkfræðingsins og fá álit hans um þær og uppdrætti af hverju landinu fyrir sig, er sýni afstöðu þess o. s. fr.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fleira gjörðist ekki
Fundi slitið
Páll Einarsson
Jón Jensson   Kristinn Jónsson.

Ár 1909 þ. 3. ágúst átti fasteignarnefndin fund með sjer á skrifstofu borgarstjóra. Allir nefndarmennirnir á fundi. Gjörðist þá á fundinum það, er hjer segir:

1°

Lögð fram beiðni Hólmfríðar Gísladóttur að fá til garðræktar og erfðafestu hálfa dagsláttu af landi bæjarins fyrir sunnan Einholt. Nefndin leggur það til að henni verði veitt ½–1 dagslátta á erfðafestu til garðræktar og sje henni skylt að hafa ræktað landið að fullu á þremur árum.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

2°

× Guðmundur Jónsson biður um að fá land á erfðafestu á sama stað og Hólmfríður Gísladóttir. Nefndin leggur til að þessari beiðni verði synjað.

3°

Björn Jónsson, Bræðraborgarstíg 37, óskar að fá á erfðafestu c. 2 dagsláttur sunnanvert við túnblett Halldórs Ólafs-
× sonar meðfram Kaplaskjólsvegi. Nefndin leggur til að honum verði veitt land þetta og verði neðri takmörk landsins sett 15 faðma frá Kaplaskjólsvegi. Landið verði fullræktað að liðnum 5 árum frá útmælingu.

4°

Magnús Vigfússon biður um að fá
× á erfðafestu c. 1½ dagsláttu meðfram norðurtakmörkum á erfðafestulandi hans, Kirkjubóli, og c. 3 dagsláttur
– austanvert við Laugarnesveg meðfram syðri takmörkum á erfðafestulandi hans þar. Nefndin vill veita honum á

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

erfðafestu c. 1½ dagsláttu vestan Lauganesvegarins og sje ræktunartíminn 2 ár, en leggur hinsvegar til, að honum að svo komnu verði synjað um land það, er hann biður um austan Lauganesvegarins

5°

Páll Bergsson biður um að fá á erfðafestu 10 dagsláttur uppi á Öskjuhlíð og enn 20 dagsláttur við Elliðaárnar. Nefndin leggur til, að honum sje synjað um hvorutveggja. —

6°

Guðmundur Þorsteinsson biður um að fá 8 dagsláttur af Vatnsmýrinni sunnanvert við erfðafestuland Þorleifs barnakennara Jónssonar. Þetta er sama landið sem bæjarstjórnin synjaði hjálpræðishernum um, og leggur nefndin til að beiðninni verði synjað. —

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

7.

Axel Meinholt biður um c. 4 dagsláttur á sama stað. Nefndin leggur til, að þeirri beiðni verði einnig synjað. –

8.

Grímúlfur Ólafsson, Ólafur Ólafsson og Kristinn Jónsson biðja um 5 dagsláttur austan við veg þann, er liggur af sjóðveginum niður í Laugarnar. Nefndin vill fresta að taka ákvörðun um beiðni þessa fyrst um sinn.

9.

Sömuleiðis vill nefndin fresta at taka ákvörðun um beiðni Tómasar Tómassen, er vill fá á erfðafestu við Laugarnesspítalaveginn eða við Laugarnar.

10.

Lögð fram beiðni Páls Halldórssonar um að fá land til sumarbústaðar við Elliðaárvog (sjá fundargjörð 29. maí þ.á., 5. lið). Nefndin er því ennþá mótfallin, að hann fái land þetta. –

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

11°

x Lagt fram til umsagnar brjef Guðmundar Egilssonar, dags. 7. f. m. þar sem hann býður bænum forkaupsrjett að Melstaðarbletti, er hann vill selja fyrir 1000 kr. — Nefndin leggur til að bæjarstjórnin hafni forkaupsrjettinum.

Fleira ekki fyrirtekið
Fundi slitið. —
Páll Einarsson
Kristján Þorgrímsson
Jón Jensson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1909 þ. 14. sept. átti fasteignanefndin fund með sjer á skrifstofu borgarstjóra. Allir nefndarmenn á fundi. Á fundinum gjörðist það, er hjer segir:

1.

Páll Halldórsson, skólastjóri biður um að fá c. 13 dagsláttur á erfðafestu af landi í Kringlumýri, er liggur milli vatnsveituvegarins og akvegarins af Laugaveginum upp á vatnsveituveginn og vestur að girðingu Árna Gíslasonar, í Lækjarhvammi.

Nefndin leggur það til að honum verði veittar á erfðafestu c. 8 dagsláttur af landi þessu eptir nánara samkomulagi og útmælingu bæjarverkfræðingsins og sje ræktunartíminn 6 ár, að meðtöldu ári því, er hann hefur til að girða landið. —

2.

Guðni Þorsteinsson, steinsmiður sækir um að fá land á erfðafestu til

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

garðræktað, 6-7 dagsláttur norðan
meðfram vatnsveituveginum austan
við afleggjara þann, er liggur af
þjóðveginum fyrir innan Árna
póst og upp á vatnsveituveginn.
Nefndin mælir með því að honum
verði veittar c. 3 dagsláttur af landi
þessu, er hann skuli hafa fullræktað
að liðnum 6 árum frá útmælingu

3.

Grímúlfur Ólafsson, Ólafur Ólafsson
og Kristinn Jónsson biðja um að fá á
erfðafestu 5 dagsláttur í horni hins
afgirta beitarlands Laugarneslands.
Meiri hluti nefndarinnar vill ekki að
svo komnu skerða hið afgirta beitar_
land og leggur því til að beiðni þessari
verði synjað, en vill jafnframt
benda beiðendunum á, að land muni
geta fengist til ræktunar í Norðurmýrinni.

4

Á sama hátt leggur nefndin til

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

að svarað verði beiðni Tómar Tómassen um að fá c. 8 dagslátttu af landi annaðhvort við spítalaveginn að Lauganesi eða ~~á~~ í nánd við Laugarnar og að honum verði synjað um land þetta.

5.

Magnús Egilsson sækir um að fá c. 1 dagsláttu á erfðafestu til ræktunar í holtinu norðan við dynamitgeymsluhús bæjarins. Land þetta er eintómt grjótland, að miklu leyti óunnið og alls ekki að svo komnu fallið til ræktunar, og leggur því nefndin til, að honum verði synjað um landið, en bent á að leita fyrir sjer annarstaðar, þar sem betur er fallið til ræktunar.

Fleira gjörðist ekki

Fundi slitið

Páll Einarsson

Kristján Jónsson

Jón Jensson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1909 þ. 5. okt. átti fasteignanefndin fund með sjer á skrifstofu borgarstjóra. Kristján Jónsson hæstiréttardómari var ekki mættur. Gjörðist það er hjer segir:

1.

Lögð fram beiðni Þorsteins Jónssonar járnsmiðs um að fá á erfðafestu c. 5 dagsláttur við Kaplaskjólsveginn vestanvert við erfðafestuland hans.

Nefndin leggur til að honum verði veitt á erfðafestu með hinum nýju erfðafestuskilmálum allt að 2 hektarar á tilgreindum stað og eptir nánara samkomulagi og útmælingu bæjarverkfræðingsins og sje ræktunartíminn 4 ár, að meðtöldu því ári, sem ætlað er til að girða landið.

2.

Axel Meinholt biður um að fá 6 dagsláttur á erfðafestu í Norðurmýr-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

inni. Nefndin leggur til að konum verði veittur 1 hektar á erfðafestu í Norðurmýrinni, þar sem bæjarverkfræðingurinn eptir samkomulagi við umsækjanda og fasteignanefnd mælir út handa konum og sje ræktunartíminn 4 ár að meðtöldu girðingarárinu

3.

Nefndin mælir einnig með, að Pjetri kaupmanni Hjaltested verði veitt á erfðafestu 2 hektarar af landi í Norðurmýrinni eptir nánari útmælingu bæjarverkfræðingsins. Sje ræktunartíminn 4 ár að meðtöldu girðingarárinu.

4.

Þórhallur Bjarnarson biskup biður um á erfðafestu c. 5 dagslættur af landi úr Vatnsmýrinni, áfast núverandi erfðafestulandi hans og með ummerkjum þeim, sem til-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

greind eru í brjefinu.

Vegna sjerstaklegrar legu lands þessa í sambandi (~~í sambandi~~) við erfðafestuland hans hið eldra vill nefndin mæla með þessari beiðni hans, og sje ræktunartíminn um 4 ár að meðtöldu því ári, sem ætlað er til að girða landið

5.

Beiðni Guðmundar Jónssonar, Bræðraborgarstíg 18, vill nefndin að frestað sje að taka ákvörðun um að þessu sinni, þar til nægilega sje upplýst hvort þar sje ekki fyrirhugað vegarstæði. –

Fleira gjörðist ekki

Fundi slitið

Páll Einarsson

Jón Jensson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1909 þ. 20. okt. átti fasteignarnefndin fund með sjer á skrifstofu borgarstjóra. Allir nefndarmennirnir á fundi. Gjörðist þá það, er hjer segir:

1º

Lögð fram beiðni frá Th. Rostgaard og Kr. Kronborg um að fá á erfðafestu til ræktunar og byggingar landspildu austan við Elliðaárnar úr landi Ártúna. Að veita leyfi til þess mundi skerða rjett ábúandans á Ártúnum og yrði ekki gjört nema með hans samþykki. Nefndin vill heldur ekki hlynna að, að bygð reisist kringum Elliðaárvoginn og vill að beiðninni verði synjað. –

2º

Lögð fram beiðni Einars Helgasonar að fá á erfðafestu c. 10 dagslättur í Vatnsmýrinni fyrir austan suðurhorn gróðrarstöðvarinnar en sunnan

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

26

við Aldamótagarðinn. Nefndin vill ekki að svo komnu úthluta erfðafestulöndum að neinum mun úr Vatnsmýrinni og umsækjandinum á líka óræktaðan nokkurn hluta af erfðafestulandi, er honum fyrir mörgum árum var veitt. Nefndin leggur því til, að honum verði synjað.

3°

Guðmundur Jónsson, Bræðraborgarstíg 18 biður um landræmu mjóa sunnan með túni Jóhanns Þorkelssonar dómkirkjuprests vestan við Bræðraborgarstíg. Yfir þessa landspildu liggur nú vegstæði að Bráðræði og er spildan ætluð undir veg. Nefndin leggur til að beiðninni verði synjað.—

4°

Pjetur Ingimundarson tréEtari og Helgi Jónsson steinsmiður biðja um að fá á erfðafestu c. 8 dagsláttur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

af landi í Kringlumýrinni norðan-
verðri, norðan meðfram vatnsveitu-
veginum og upp að löndum Árna
Gíslasonar pósts og Páls Halldórs-
sonar skólastjóra. Nefndin er því
meðmælt að umsækjendunum
verði veitt land þetta á erfðafestu
þó ekki meira en 2.5 hektarar
og sje ræktunartíminn 4 ár
að meðtöldu girðingarárinu.

5º.

Tekið til íhugunar brjef M.
Bartholomeus dags. 30. f.m., en í
brjefi þessu býðst hann til að leigja
Elliðaárnar næsta ár fyrir 350£,
með rjetti til að fá leiguna fram-
lengda um 2 næstu ár. Nefndin leggur
það til að honum verði boðin leiga
á ánum næsta ár fyrir 400 £ með
rjetti til framlengingar um 2 ár.

Fleira

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

gjörðist ekki
Fundi slitið.

Páll Einarsson

Kristinn Jónsson    Jón Jensson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1909 þ. 8. nóvember kom fasteignanefndin saman á fund á skrifstofu borgarstjóra. Nefndarmennirnir mættir að undanteknum Kristjáni Jónssyni.

Gjörðist það á fundinum sem hjer segir:

1.

Lagt fram erindi Jóns Guðmundssonar á Laugalandi, þar sem hann býður bænum forkaupsrjett að erfðafestulandi sínu við Laugarná ásamt húsum, er hann ætlar að selja vjelastjóra Ólafi Jónssyni fyrir 10320 kr. – Nefndin leggur til að bæjarstjórnin hafni tilboðinu um að nota forkaupsrjett sinn.

2

Þorst. Jónsson, járnsm. Vesturg. 33 endurnýjar beiðni sína um að fá á erfðafestu ca. 5 dagsl. sunnanvert við Bræðraborgarstíg áfast við tún hans

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

sjá fundargj. 5. okt. - Og fylgir með
beiðni hans yfirlýsing frá Birni
Jónssyni ~~...~~ Bræðraborgarstíg 37
um að hann afsali sjer í hendur
Þorsteini rjetti þeim til erfðafestu,
er bæjarstjórnin hafði veitt honum
til hluta af þessu landi sbr. fund-
argjörð 3. ágúst. þ. á. -

Nefndin leggur til að Þorsteini
Jónssyni verði veitt á erfðafestu
með hinum nýju erfðafestuskil-
málum allt að 25 hektarar á
tilgreindum stað og eptir nán-
ara samkomulagi og útmælingu
bæjarverkfræðingsins og sje
ræktunartíminn 4 ár að með-
töldu því ári, sem ætlað er til
að girða landið. -

3

Erindi frá Lárusi Pálssyni og
Bjarna Björnssyni um að fá
erfðafestuland í Norðurmýrinni.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

vísað til bæjarverkfræðingsins til rannsóknar á staðháttum.

Fleira gjörðist ekki

Fundi slitið

Páll Einarsson

Jón Jensson

Ár 1909 þ. 24. nóv. átti fasteignanefndin fund með sjer, allir nefndarmennirnir á fundi. Gjörðist þá það, er hjer segir:

1.

Var tekin á ný til athugunar beiðni Þórhalls biskups Bjarnarsonar um að fá á erfðafestu c. 5 dagsláttur úr Vatnsmýrinni, áfast við erfðafestuland hans, og var jafnframt lagt fram kort af öllu landi hans. Sýnir kort þetta, að hin fyrirhugaða hringbraut um bæinn, að eins

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

suðvestur horn af landi því, er hann nú biður um, og að það líka liggur fyrir utan fyrirhugaðs skemmtigarðssvæði. Nefndin endurtekur því tillögu sína frá fundi 5. f. m. að umsækjanda verði veitt hið umbeðna land á erfðafestu og sje ræktunartíminn 4 ár að meðtöldu girðingarárinu.

2

Jón Zoega biður um að fá á erfðafestu c. 8 dagslátttur úr Kringlumýrinni, sunnanvert við vatnsveituveginn, næst Rauðarárholti.

Nefndin mælir með því, að honum verði veitt á erfðafestu með hinum nýju skilmálum á tilgreindum stað 2 hektara, jafnhliða ferhyrningur, og sje ræktunartíminn 5 ár, að meðtöldu girðingarárinu.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

3.

Einar Jónsson og Hannes Hannesson biðja um að fá land til ræktunar sunnan til við Óðinsgötu. Nefndin leggur til að beiðni þessari verði synjað.

4.

Erindum frá Guðmundi Guðmundssyni, Jóhannesi Magnússyni, Sigurði Þorkelssyni og Þorláki Halldórssyni og Þorsteini Einarssyni um að fá land til ræktunar var vísað til bæjarverkfræðingsins til rannsóknar og kortgjörðar.

Fleira gjörðist ekki.

Fundi slitið

Páll Einarsson

Knútur Zimsen Jón Jensson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1909 þ. 14. desbr. átti fasteignar-
nefndin fund með sjer á skrifstofu
borgarstjóra. Á fundinum gjörðist
það er hjer segir:

1.

Guðm. Guðmundsson. Kárastíg 5
biður um að fá viðbót við erfða-
festuland hans nr. 8 í Norður-
mýrinni, 400 □ faðma. Nefndin
leggur til að beiðni þessari sje synjað,
af því hið umbeðna svæði liggur
þar sem vegur væntanlega verð-
ur lagður en ennþá ekki búið
að ákveða.

2.

Lögð fram beiðni Lárusar Páls-
sonar um að fá viðbót við erfða-
festuland hans norðanvert við
Hafnarfjarðarveginn. Nefndin
leggur til að beiðni þessari
verði synjað að svo komnu af
sömu ástæðu og Guðm. Guðmundss.,

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

enda hefir umsækjandi ekki enn þá fullræktað erfðafestuland hans meðfram Hafnarfjarðarvegi. –

3.

Jóhannes Magnússon, Bræðraborgarstíg 15 sækir um að fá viðbót við erfðafestuland hans svonefndan Hólsblett í austur og suður frá honum, en þannig að hann nái suður að Kaplaskjólsvegi. Nefndin leggur til að honum verði veitt land alt að 1 hektar ef til er, í austur frá Hólsbletti, en synjað um land fyrir sunnan blettinn að Kaplaskjólsveginum. Ræktunartími landsins sje 4 ár að meðtöldu girðingarárinu.

x veitt

4.

Sigmundur Þórkelsson og Þorlákur Halldórsson biðja um að fá á erfðafestu alt að 5 dagsl. sunnan–

x veitt

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

vert við svonefndan Árablett og
vestanvert við land Árna Þórðs.
Nefndin leggur til að þeim verði
veitt land þetta á erfðafestu
með venjulegum kjörum og
sje ræktunartíminn 5 ár að
girðingarárinu meðtöldu.

5.

Sveinn Sigfússon biður um að
fá á erfðafestu ca. 14 dagsláttur
í Kringlumýrinni við austur-
takmörk hennar sunnanvert
við vatnsveituveginn. Af því
hjer er að ræða um besta mó-
land bæjarins, sem ekki er tekin
ákvörðun um hvernig nota
skuli, leggur nefndin til að beiðni
þessari verði synjað að svo komnu.

6.

Pjetur Ingimundarson og
Helgi Jónsson sækja um viðbót

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

við þá ca. 2,5 hektara, er þeim hefur verið látnir á erfðafestu í Kringlumýri. Nefndin leggur til að þeim sje synjað um viðbót þessa, bæði af þeirri ástæðu, að þeir hafa fengið svo mikið land, enda er land það er þeir biðja um nú, þegar útbýtt öðrum. –

Synjað

7.

Þorsteinn Einarsson, Skuggahverfi biður um land til ræktunar milli túns hans og ekkjunnar Halldórs sonar. ca. 400 ☐al. Blettur þessi liggur ~~ált~~ þar sem gjört hefur verið ráð fyrir götuleiðina meir og vill nefndin því ekki að hann sje látinn á erfðafestu, en bendir á, að ef blettur þessi verður leigður, ætti að leigja hann sem hálgarð slétt með uppsagnar fresti

Synjað

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

38

8.

× Erindi Ólafs Jónssonar, Hverfisgötu, um niðbót við erfðafestuland við laugarnar, vísað til bæjarverkfræðingsins. –

Fleira gjörðist ekki
Fundi slitið
Páll Einarsson
Kristinn Sveinsson  Jón Jensson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1910 þ. 18. jan. átti fasteignanefndin fund með sjer á skrifstofu borgarstjóra. Allir nefndarmennirnir á fundi. Gjörðist þá það er hjer segir:

1.

Lögð fram beiðni Bjarna Bjarnasonar Eskihlíð um að fá á erfðafestu land í Norðurmýrinni. — Nefndin leggur til, að honum verði látið á erfðafestu allt að því 1 hektar í Norðurmýrinni eptir nánari útmælingu og útvísun bæjarverkfræðingsins. Sje ræktunartíminn 4 ár að meðtöldu girðingarárinu.

2.

Var lögð fram beiðni Helga Jónssonar um að fá á erfðafestu land austanvert við veginn að Laugarnesspítala. Nefndin vildi fá mælda stærð landsins þessa

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

áður en hún lætur uppi álit sitt um beiðnina og var málinu því frestað.—

3.

Var tekin fyrir beiðni Ágúst Einarssonar um erfðafestuland, en þar sem bæjarverkfræðingurinn ekki hafði getað vegna snjóa athugað og afmarkað landið, var frestað að gjöra tillögu.

4.

Jón Hannesson biður um að fá leigðan Móabæjarkálgarð. Fól nefndin formanni sínum að gjöra leigusamning um hann þetta ár fyrir 8 kr., að fengnum nýjum upplýsingum.

Fleira gjörðist ekki
Fundi slitið

Páll Einarsson.
Kristinn [illegible]

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1910 þ. 31. jan. átti fasteignanefndin fund með sjer á skrifstofu borgarstjóra. Allir nefndarmennirnir á fundi og sömuleiðis bæjarverkfræðingurinn. Fór þá fram það er hjer segir:

1.

Magnús Sigmundsson á Hlíðarenda sækir um að fá keypt með aðgengilegum kjörum landspildu úr landi jarðarinnar Eyðis í Seltjarnarneshreppi, nálega 1700 □ faðm. er hann hefir fengið á leigu hjá fyrverandi eiganda jarðarinnar. Nefndin áleit ekki rjett að selja land þetta og leggur til að beiðninni verði synjað. –

2.

Helgi Jónsson steinsmiður sækir um að fá á erfðafestu

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

½

landspildu er liggur fram með veginum að Laugarnesspítala að austan upp að Laugavegi og nær austur að erfðafestulandi Einars Benediktssonar og um að fá að byggja þar íbúðarhús og gripahús. Landið er þríhyrningur og tjer um bil 12 dagsláttur að flatarmáli. Meiri hluti nefndarinnar vill ekki að svo komnu láta land þetta á erfðafestu til neins einstaks manns, af því búast má við, að bærinn sjálfur vildi nota landið annaðhvort til ræktunar eða til annars, og er það því lagt til að beiðninni verði synjað. Einn úr nefndinni vildi leggja það til, að landið verði látið umsækjanda á erfðafestu með venjulegum skilmálum.

Veitt á fund. bæjarstjórnar 3. febr. 1910

3.

Lesið var til athugunar erindi fyrverandi bankastjóra Tryggva Gunnarssonar, dags. 14. þ. m., þar sem hann fer þess á leit, að ekki verði krafizt erfðafestugjaldið af sjer fyrir Melkotstúnið nema sem svari af 483 ferföðmum, en að hinn hluti gjaldsins verði sumpart látinn falla niður fyrir þann hluta túnsins, er búið sje að breyta í byggingarlóðir eða taka á annan veg, og að nokkur hluti gjaldsins verði innheimtur hjá Guðmundi trjesmið Egilssyni, er nú sje eigandi túnsins vestanvert við Tjarnargötu, sem ekki hefur verið breytt í byggingalóðir.-

Nefndin vildi útvega sjer frekari upplýsingar um þetta og frestaði að gjöra tillögur um

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

málið.

Fleira gjörðist ekki
Fundi slitið.–

Páll Einarsson. Jón Jensson
Kristján Jónsson

Ár 1910 þ. 5. apríl átti fasteignar-
nefndin fund með sjer á skrifstofu
borgarstjóra. Á fundinum mættu
borgarstjóri og bæjarfulltrúi Kristján
Jónsson, en bæjarfulltrúi Jón Jensson
gat ekki komið sökum veikinda.
Bæjarverkfræðingurinn var og á
fundinum. Gjörðist þá það er
hjer segir:

1.

Bæjarstjórnin hefur vísað til
umsagnar nefndarinnar brjefi
Guðm. Jakobssonar, dags. 2. febr., þar
sem hann krefst þess að fá erfðafestu-
brjef fyrir fremur erfðafestulöndum.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

er hann telur sig eiga, Erfðafestulöndin eru:

a „Leynimýri“ á Öskjuhlíð innanverðri c. 10 dagsláttur að stærð. Land þetta er umsækjanda veitt á erfðafestu þ. 15. sept. 1904, og hefur hann girt það og ræktað skilmálunum samkv. Telur því nefndin sjálfsagt, að hann fái erfðafestubrjef fyrir landinu með kjörum þeim, er þá voru í gildi. –

b Norðurmýrarblettur Nr. 2; c. 7 dagsláttur að stærð. Land þetta hefur 5. nóv. 1903 verið látið á erfðafestu til Sigurðar Guðmundssonar og Einars Finns Jónssonar. Skilyrðið fyrir því að Guðm. Jakobsson geti fengið erfðafestubrjef fyrir landinu er fyrst, að hann sanni eignarheimild sína. En þess utan athugast, að af landinu hefur ekki verið ræktað meira en ein dagslátta eða c. 1/7 hluti, en girt–

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

ingar verða að teljast samningi samkvæmar. Nú er það nokkuð vafasamt hvort umsækjandi á rjett á að fá erfðafestubrjef, þar sem svo lítið hefur verið ræktað, og verður það skýrt nánara munnlega á fundinum. Nefndin telur þó rjett, að hann fái erfðafestubrjef fyrir landinu, en að afgjaldið hækki skilmálum samkv. ef tímaákvörðun þeirra um ræktunina ekki verður fullnægt. Leggur því nefndin til að erfðafestubrjef verði látið umsækjanda í tje með framangreindum skilyrðum. -

c. Norðurmýrarblett þann er Ólafi Stefánssyni var látinn á erfðafestu 15. sept. 1904. Landið hefur verið girt, en alls ekkert af því ræktað. Tillögur og umsögn nefndarinnar hinar sömu og

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

viðvíkjandi Norðurmýrarbletti Nr. 21.

2.

Var athugað erindi ábúandans á Ártúnum um styrk til húsa-byggingar. Áður en nefndin gjörir endanlegar tillögur í því efni vill hún heyra undirtektir bæjar-stjórnarinnar um hvort hún vill leggja fram fje til að byggja húsið að fullu, þannig að bæjar-sjóður sje eigandi hússins, en að ábúandi greiði auk [afgjald-sins fulla vexti af fje því, er lagt yrði til byggingarinnar og viðhaldi hússins, eða að nokkur skerfur yrði lagður fram gegn hækkuðu eptir-gjaldi þannig að húsið yrði í sameign. Fleira gjörðist ekki

Fundi slitið

Páll Einarsson  Kristján Jónsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1910 þ. 24. apríl átti fasteignar-
nefndin fund með sjer á skrifstofu
borgarstjóra. Allir nefndarmenn mættir
á fundi. Gjörðist það er hjer segir:

1.

Var tekið til athugunar erindi
ábúandans á Ártúnum um styrk til
húsbygginga. Ber hann þess á leit,
að hann megi rífa íbúðarhúsið
sem nú er þar og nota efni þess í nýtt
timburhús, er hann vill byggja 11x8
álnir með kjallara, samkv. teikningu,
er hann hefur sent. Fylgir lausleg
áætlun um að húsið muni kosta ca.
2000 kr. auk efnisins úr gamla húsinu.

Er hinn núverandi ábúandi tók
við Ártúnum voru húsin öll virt í
hendur honum, og á hann við brott-
för sína að skila af sjer fyrirfram
ákveðnu virðingarverði annaðhvort
í húsum eða í peningum. Íbúðar-
húsið var virt í hendur honum á 900

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

kr. – Nú vill hann helst fá að byggja upp húsið fyrir eigin reikning ef bæjarstjórnin vill lofa að kaupa það eptir virðingu, er hann fer frá.

Nefndin telur þetta ekki óheppilegra fyrir bæjarstjórnina, heldur en að byggja út fje nú þegar til byggingarinnar og leggur nefndin því til, að ábúandanum verði leyft að byggja upp húsið og láta gamla húsið ganga upp í það með því skilyrði, að bærinn fái fyrsta veðrjett í húsinu nýja. fyrir andvirði gamla hússins 900 kr.; og ennfremur að bæjarstjórnin skuldbindi sig til þess að kaupa við frá för hans húsið eptir virðingu eða sjá um að næsti ábúandi kaupi það þó þannig, að skuldbinding bæjarstjórnarinnar fari ekki fram úr tiltekinni upphæð t. d. 1600 kr. umfram áðurgreindar 900 kr. –

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

2.

Nonnlögð fram frumvörp til bygg-
ingarbrjefa fyrir Laugarnesi og Breið-
holti, sem ekkert fannst athugavert.

3.

Magnús Egilsson steinsm. sækir um
að fá á erfðafestu landspildu c. 2 dagsl.
í hollinu sunnanvert við Laugaveg
upp með stíg þeim, er liggur upp að
"Arabletti". Land þetta er grjótland
og ekki fallið til ræktunar. Leggur
nefndin til að beiðninni verði synjað.

4.

Ólafur Jónsson, vjelstj. sem nú er
eigandi túnsins við Laugarnar (Lauga-
lands), og íbúðarhússins þar, sækir um
að fá á erfðafestu tæpar þrjár vallar-
dagsláttur austanvert við tún hans
og áfastar við það. Nefndin mælir
með því að honum verði veitt
land þetta á erfðafestu með venju-
legum kjörum, þó ræktunartíminn
fær, að girðingarárinu meðtöldu -

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

5.

Guðm. Helgason, Laugav. 119 sækir um að fá á erfðafestu allt að 12 dagsláttur úr "kirkjumýrinni" vestast, norðan við veginn niður að Laugunum og austanvert við erfðafestuland Einars Benediktss. Land þetta liggur innan heitagirðingarinnar og hefur bæjarstjórnin oftar en einu sinni neitað öðrum um landið. Tveir af nefndarmönnunum láta þess getið, að þeir eru því meðmæltir, að umsækjandi fái allt að 2 hektara af landi þessu á erfðafestu. –

6.

Kristján S. Sigurðsson sækir um að fá c. 5 dagsl. á erfðafestu af landi, er liggur meðfram Laugalæknum að sunnan, en norðanvert við eldri veginn niður að Sundlauginni, til ræktunar og til þess, að hafa þar hænsnabú, og sækir hann jafnframt um, að bæjarstjórnin veiti sjer lítilsháttar fjárstyrk til að byrja með hænsnaræktina. –

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Landið sem beðið er um, liggur innan hestagirðingarinnar. Með 2 atkvæðum gegn einu var samþykkt að mæla með því að umsækjanda verði veitt erfðafesta fyrir 2 hekturum af landinu, þar sem bæjarverkfræðingurinn vísar til, og hafi hann ræktað landið, að undanteknu því er afgirt verður til hænsnaræktunarinnar, á 5 árum frá útmælingu, að meðtöldu girðingarárinu. -

Hinsvegar leggur nefndin til, að honum verði synjað um fjárstyrk til hænsnaræktunarinnar. -

7. -

Einar Þórðarson, Klapparstíg 11, biður um að fá útmælt kálgarðsstæði, 240 ferfaðma að stærð, vestan við „Skell“, en fyrir austan enda Njálsgötu. Nefndin leggur til að honum verði leigt kálgarðsstæði á stað þessum þar sem bæjarverkfræðingurinn

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

mæli það út, gegn 6 kr. árlegu gjaldi
og með því skilyrði að bæjarstjórnin
geti sagt upp leigunni hvenær sem
er með 3ja mánaða fyrirvara, og
verði borgarstjóra falið að gjöra
um það skriflegan samning.–
Fleira gjörðist ekki.–
Fundi slitið.–
Páll Einarsson
Arinbj. Sveinbjarnarson  Jón Jensson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1910 þ. 6. maí kom fasteignar-
nefndin saman á fund á skrifstofu
borgarstjóra. Allir nefndarmennirnir
á fundi. Fór þá fram það er hjer segir:

1.

Bæjarstjórnin hefur á síðasta fundi lagt fyrir nefndina að koma fram með á næsta bæjarstjórnarfundi uppdrátt af landi bæjarins og tillögur um hvernig skipta skuli landinu niður í erfðafestulönd o. m. Var þetta tekið til rækilegrar íhugunar. Uppdrátturinn sá, sem til er af landinu, verður lagður fram á næsta bæjarstjórnarfundi, en hann er ekki svo nákvæmur, að nefndin geti á honum byggt endanlegar tillögur um skiptingu landsins í erfðafestulönd og notkun þess að öðru leyti. Þeer nefndin ætlar á fundinum að gefa til bráðabyrgða munnlega skýrslu um fyrirhugaðar tillögur sínar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

En þar sem nefndin gengur út frá, að bæjarstjórnin vilji auka hestabeitarlandið annaðhvort með því að girða Fossvog að nokkru eða öllu til þeirra afnota eða taka úr jörð Bústaða til þess leggur hún það til nú þegar, að skipt verði niður í erfðafestulönd landspildu þeirri, er liggur milli veganna að Laugunum og Laugarnesspítala frá Laugavegi niður að Laugalæknum, og það að þannig, að hvert erfðafestuland verði sem næst 2 hektarar.

Samkvæmt þessu gjörir þá nefndin tillögur um erfðafestubeiðnir þær, er liggja fyrir.

2.

Nefndin mælir með því, að Guðmundi Helgasyni, verði veitt á erfðafestu 2 hektarar við Kirkjumýrina vestast, norðan við veginn niður að Laugunum og austan vert við erfðafestu-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

land Einari Benediktssyni, sje
reiknunartíminn 6 ár, að meðtöldu
girðingarárinu (sjá Nr. 5 í fundar-
gjörðunum 24. apríl).

3.

Nefndin endursendir tillögur sínar
sem tilgreindar eru undir 6. lið í
fundargjörðunum 24. apríl, við-
víkjandi beiðni Kristjáns Þorg-
rímssonar um land við Lauga-
lækinn en vill þó ekki að útvíð-
unin nái alveg að Laugalæknum
og auk þess setja það skilyrði að
erfðafestueigandi sje skyldur til að
koma í veg fyrir, að óhreint vatn
renni af landinu í Laugalækinn og
gjöri þau mannvirki, er fasteign-
arnefndin telur nauðsynleg til að
fyrirbyggja það. –

4. –

Emil Rokstad sækir um að fá
keypta byggingarlóð undir hús við

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

veginum að Laugarnesspítala og að fá á erfðafestu 5 dagsláttur af landi fyrir neðan sundlaugina.-

Nefndin mælir með því, að honum verði seld byggingarlóðin eptir útvísun bæjarverkfræðingsins og eptir samkomulagi við byggingarnefndina fyrir 50 aura feralin hverja, og ennfremur að honum verði fengin á erfðafestu allt að 2 hektara á svæði því, er hann biður um, eptir útmælingu bæjarverkfræðingsins, og sje ræktunartíminn 5 ár, að meðtöldu girðingarárinu.-

5.

Ágúst Einarsson í Lágholti, sækir um að fá á erfðafestu c. 3 dagsláttur áfast við erfðafestuland hans í Kaplaskjóls~~vegi~~ mýrinni. Nefndin mælir með því að honum verði veitt það eptir útvísun bæjarverkfræðingsins, og sje ræktunartíminn

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

um 4 ár, að meðtöldu girtingar-
árinu. –

6.

Sveinn Þórðarson biður um að
fá á erfðafestu allt að 8 dagsláttur
í Fossvogi. Nefndin leggur til
að honum sje synjað um það
að svo komnu, en gefinn kostur
á, að fá land á áðurnefndu
svæði norðan vegarins að Elliða-
ánum. –

7.

Eggert Briem frá Viðey biður
um að fá á erfðafestu 16–18 hektara
úr Vatnsmýrinni. Í samræmi
við það, sem áður hefur verið ályktað
í bæjarstjórninni leggur nefndin
til að beiðninni verði synjað,
en vonlir að umsækjandi
muni geta fengið hæfilega stórt
land annarsstaðar í bæjar-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

landinu. –

Fleira gjörðist ekki. –

Fundi slitið. –

Jón Jensson Páll Einarsson.

Arinbj. Sveinbjarnarson.

Ár 1910 þ. 18. maí átti fasteignar-nefndin fund með sjer á skrifstofu borgarstjóra. Fór þá fram það er hjer segir:

1°

Sveinn Þórðarson, Óðinsgötu 3, biður um að fá á erfðafestu allt að 8 dagsláttur neðanvert við veginn inn að Elliðaánum. Nefndin leggur til að honum verði veitt á erfðafestu 2 hektarar úr landspildu þeirri, sem er milli Laugarnesvegarins og vegarins að þvottalaugunum, þar sem bæjarverkfræðingurinn mælir út. Sje ræktunartíminn 6 ár að meðtöldu girðingarárinu. –

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

6a

2°

Var samþykkt að láta bjóða út til slægna þetta ár Effersey og Grímsstaðaholts-blett á sama hátt og í fyrra. –

Allir á fundi. –

Fleira gjörðist ekki

Fundi slitið

Páll Einarsson

Jón Jensson Sveinbjarnarson

Ár 1910 þ. 7 júní átti fasteignanefnd-in fund með sjer á skrifstofu borgar-stjóra. Allir nefndarmennirnir á fundi. Fór þá fram það, er hjer segir:

1.

Lögð var fram beiðni Bjarna Helga-sonar, Njálsg. 50 um að fá á erfðafestu 6–8 dagsl. í Kirkjumýrinni fyrir aust-an land Guðmundar Helgasonar. –

Nefndin mælir með því að um-sækjanda verði veitt á erfðafestu allt

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

at 2 hektarar í Kirkjumýrinni þar sem bæjarverkfræðingurinn útmælir, sje ræktunarkunninum bráð að meðtöldu girðingarárinu. Ef bæjargirðingin liggur meðfram nokkrum hluta landsins greiði umsækjandinn andvirði þess hluta girðingarinnar eptir samkomulagi. –

2.

Bræðurnir Jóhannes Magnússon og Jón Magnússon biðja um að fá á erfðafestu allt að 10 dagsláttur úr Kaplaskjólsmýrinni fyrir austan tún Þ. J. Thoroddsen. –

Nefndin leggur til að umsækjendum verði veittir 2 hektarar á erfðafestu úr Kaplaskjólsmýrinni þar sem bæjarverkfræðingurinn mælir út. Sje ræktunarkunninum bráð að meðtöldu girðingarárinu. –

3.

Brynjólfur Kr. Magnússon, Páll Stein–

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

grímsson og Björn Borgarson beiðjast um að fá á erfðafestu / hektar af landi austan Rauðarárstígs fyrir sunnan pípuverksmiðjuna. Land þetta liggur að nokkru innan takmarka verzlunarlóðarinnar og er grjótland; leggur því nefndin til, að beiðninni verði synjað. –

4. –

Samþykkt að leita álits Einars Helgasonar garðyrkjumanns um girðing útlandsins. –

Fleira gjörðist eigi
Fundi slitið. –
Páll Einarsson
Jón Jensson
Knútur Zimsen(?) Sveinbjarnarson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1910 þ. 1. júlí átti fasteignanefndin fund með sjer á skrifstofu borgarstjóra. Allir nefndarmennirnir á fundi, og auk þeirra bæjarverkfræðingurinn. Fór þá fram það, er hjer segir:

1.

Nefndin hefur íhugað tillögu, er komið hefur frá jarðræktarfjelagi Reykjavíkur, að girða allt beitiland bæjarins, og telur hún arðvænlegt og bæjarbúum þeim, er pening eiga haganlegt, að það verði gjört. Álítur hún heppilegast að girða hvern hluta af beitarlandinu fyrir sig sem hjer segir:

1. Vatnsmýrina
2. Fossvog austan Hafnarfjarðarvegarins að Bústaðalandi.
3. Sogin
4. Kringlumýri fyrir ofan Vatnsveituveginn, en að fyrst um sinn verði frestað að girða landspilduna í Fossvogi vestan vegarins. Áætl

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

nefndin til, að girt verði allt með vírgirðingu, meðfram megnið gaddavírsgirðingu.

En bæði af því að ekki er til í bænum nægilegt girðingarefni, svo og af því að á fjárhagsáætluninni hefur ekki verið gjörð ráð fyrir neinu fé til girðingarinnar, enda orðið áliðið tímans, vill nefndin ekki leggja til að girðingin verði gjörð á þessu ári, heldur að bæjarverkfræðingnum verði falið að gjöra áætlun um fyrirkomulag girðingarinnar og kostnaðinn og sje sú áætlun tilbúin og afhent nefndinni fyrir lok ágústmánaðar næstkomandi. Ætlar þá nefndin að koma fram með tillögu um að á næstu fjárhagsáætlun verði veitt fé til girðingarinnar

2.

Bæjarstjórnin hefur vísað til umsagnar nefndarinnar erindi Halldórs

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Jónssonar, bankagjaldkera, dags. 14. f. m., þar sem hann býðst til að taka Vatnsmýrina á leigu um næstu 5 ár fyrir 100 króna afgjaldi á ári. Ennfremur hefur nefndinni borist beiðni frá ~~fr~~ 5 búendum í Vesturbænum um að fá Vatnsmýrina leigða um næstu 5 ár fyrir 130 kr. á ári.

Nefndin leggur til að báðum þessum beiðnum verði synjað. Vatnsmýrin er nú aðalhaginn fyrir kýr bæjarbúa, einkum úr Vesturbænum og er varin til þess, og þar sem kúm nú fjölgar árlega og væntanlega mikið á næstu árum, er nauðsynlegt að hafa haga handa þeim. Nefndin vill því hvorki láta Vatnsmýrina nje aðra hluta beitarlandsins á leigu til einstakra manna, heldur girða landið til beitar fyrir kýr og hesta bæjarbúa almennt, að svo miklu leyti það eigi verður útmælt

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

til ræktunar.

3.

Jón Jónsson í Eyvík á Grímsstaðaholti sækir um að fá leigðar til slægna gamlar mógrafir í Vatnsmýrinni. Nefndin leggur til að honum verði á þessu sumri leigðar til slægna áðurnefndar „Bararagrafir" gegn 20 króna eptirgjaldi, en með því skilyrði, að þær ekki megi verja og ekki slá fyr en eptir miðjan ágúst. –

4. ×

Brynjólfur Kr. Magnússon sækir um að fá á erfðafestu 2 hektara úr „Kirkjumýrinni". Nefndin leggur til að honum verði látið í tje landið, þar sem bæjarverkfræðingurinn útmælir það, og sje ræktunarlínunni 17 ár að meðtöldum girðingarárinu.

5. ×

Páll Erlingsson sundkennari sækir um að fá á erfðafestu 4–6 dagsláttur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

inn við sundlaugina, helst austan við Laugalækinn. Nefndin vill ekki að svo komnu máli með því, að neitt land verði látið á erfðafestu austan við Laugalækinn, en leggur hinsvegar til, að hann fái allt að 2 hektara á erfðafestu af landinu vestan-vert við lækinn, milli veganna að Laugarnesi og þvottalaugun-um, og sem næst sundlauginni. Ræktunartíminn sje 7 ár að með-töldu girðingarárinu.

6.

Guðmundur Jónsson, Sauðagerði biður um að fá á erfðafestu 1 dagsláttu fyrir sunnan Sauðagerði milli erfða-festulands Þorsteins Jónssonar og Gunnars Einarssonar. —

Nefndin leggur til að umsækjand-inn fái ~~alt~~ á erfðafestu c. 1 dagsláttu, þar sem bæjarverkfræðingurinn út-mælir, en sem næst svæði því, er

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hann biður um. Sje ræktunarlánsins 4 ár, að meðtöldu girðingarárinu.

7.

Guðmundur Kristjánsson og Gísli Símsson sækja um að fá leigt til kálgarðsræktunar 250 ferfaðma blóð svæði austan undir garðinum fyrir austan Þorholtsbæinn. Nefndin leggur til, að þeim verði leigður bletturinn þessi til kálgarðsræktunar með þeim skilmálum, að leigunni megi segja upp af beggja hálfu með 6 mánaða fyrirvara hvenær sem er. Afgjaldið sje 6 kr. á ári, er greiðist 1. okt. ár hvert, í fyrsta sinn að liðnu ári frá því útmælt er. —

8.

Kristján Kristjánsson, steinsmiður biður um að fá á erfðafestu 3–4 dagsl. á Melunum við geymsluhús steinolíufjelagsins. Nefndin vill ekki að land þetta verði að svo komnu

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

látið á erfðafestu og leggur til að beiðninni verði synjað fyrst um sinn. –

9.

Erindi Jóns Ólafssonar, Bústöðum um landamerkjagirðingu milli Bú-staða og Digraness, frestað. –

Fleira gjörðist ekki.
Fundi slitið. –

Páll Einarsson.

Steinþ. Sveinbjarnarson.

Ár 1910 þ. 15. júlí átti fasteignanefnd-in fund með sjer á skrifstofu borg-arstjóra. Allir á fundi nema Jón Jens-son. – Gjörðist þá það, er hjer segir:

1

Var lagt fram erindi frá Helga Hannes-syni og Gísla Þorbjarnarsyni, dags. 5. þ. m. um leigu á laxveiði fyrir Ártúnskoti –

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

landi, en erindi þessu hefur bæjarstjórn-
in vísað til nefndarinnar til afgreiðslu.—
Nefndin telur það þýðingarlaust
að leigja veiðirjettinn fyrir Knúts-
kotslandi, ef ekki jafnframt er leigð
veiðin fyrir öllu Gufunesslandi og
vill því ekki sinna leigutilboðinu,
enda er ekkert það í samningnum
um leigu árinnar yfirstandandi ár,
er knýji til eða gjöri það æskilegt
að leigja Knútskotsveiðina, einsog líka
nefndinni er kunnugt um, að í
erindinu eru mishermd ummæli
Englendings þess, er leigir ánna þetta
ár.—

2.

Björn Jónsson, ráðherra býður bæjar-
stjórninni forkaupsrjett að 1/4 hluta úr
Fjelagstúni (erfðafestulandinu), fyrir
5000 krónur.—
Nefndin leggur til að bæjarstjórn-
in hafni að neyta forkaupsrjettar-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

inu, en láta þess jafnframt getið, til
allmenningar fyrir bæjarstjórnina,
-að Fjelagstún hefur verið látið
þeim Halldóri Jónssyni, banka-
gjaldkera og Jóni Jenssyni, yfir-
dómara á erfðafestu og að engin
skilyrði liggja fyrir um það, að
hvorugur þeirra hafi afsalað
sjer erfðafestu gettum einum að
1/4 hluta túnsins í hendur öðrum.-

3.

Arngrímur Jónsson, Vesturg. 31, sækir
um að fá á erfðafestu allt að 4
dagsláttur í Kaplaskjólsmýr-
inni milli erfðafestulands Þor-
steins Jónssonar að norðan og
Jóhannesar og Jóns Magnússon-
ar að sunnan.-

Nefndin leggur til, að honum
verði látið landsspildu þetta á
erfðafestu og sje ræktunarlínan
7 ár, að meðtöldu girðingarárinu

Auk hinna venjulegu á erfðafestu-skilyrða, sjéþað sett sem sjerstakt skilyrði, að bæjarstjórnin fái ókeypis, hvenær sem krafist er, spildu undir 6 álna veg eða braut yfir landið. –

4.

Brynjólfur Jónsson, Brynjólfshúsi, við Laugaveg, sækir um að fá allt að 6 dagsláttur á erfðafestu meðfram Laugavegi innan við land Sveins Þórtarsonar. –

Brynjólfur þessi fjekk að síðastliðnu hausti landspildu á erfðafestu meðfram Laugavegi og er það enn ekki ræktað. Leggur því nefndin til, að þessari beiðni hans verði synjað þegar af þeirri ástæðu.

5.

Erindi Bjarna Bjarnarsonar, dags. 12. þ.m., var frestað. –

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

6.

Sigurður Þórarinsson og Þórður Þorsteinsson biðja um að fá á erfðafestu 12–15 dagsl. af landi austan Laugalækjarins milli hans og holtsins s. – Nefndin leggur til að beiðni þessari verði synjað, enda var öðrum manni synjað um land á sama stað (~~þetta~~), á síðasta fundi bæjarstjórnarinnar –

7.

Erindi Guðm. Jónssonar um að fá á erfðafestu hjer um bil 8 dagsl. að slá upp af upptökum Laugalækjarins, þar sem mýrin er blautust. Nefndin leggur til að þessu verði synjað að svo stöddu, meðan enn er ekki búið að gjöra annað land til hagarbeitar en Laugarneslandið. –

8

Beiðni Eggerts Briems um erfðafestuland í Vatnsmýrinni, dagś.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

21. júní, var frestað.–
Fleira gjörðist ekki
Fundi slitið.–
Páll Einarsson
Sveinbj. Sveinbjarnarson. Samþykkur: Jón Jensson

Ár 1910 þ. 29. ág. kom fasteignanefndin saman á fund á skrifstofu borgarstjóra. Allir nefndarmennirnir mættir. Fór þá fram það er hjer segir:

1°

Voru lagðar fram erfðafestubeiðnir frá þessum þremur mönnum:
1, Jóni Jóhannssyni, Laugaveg 69, um land vestanvert við veginn að Laugarnesi.–

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

2, Bjarna Bjarnasyni í Hlíð um land við Norðurmýrarblett Nr. 7.
3, Guðmundi Guðmundssyni, Hlíð, um viðbótarland við Norðurmýrarblett Nr. 8.–

Nefndin ákvað að ganga á lönd þessi til þess að skoða þau og afstöðu þeirra, áður en hún gjörði tillögur um beiðnirnar og var því frestað að þessu sinni að gjöra tillögur um þær.–

2.

Ólafur Eiríksson, söðlasmiður, Vesturgötu 26B, sækir um að fá á erfðafestu hjer um bil 2 vallardagsláttur í austanverðum norðurenda Jaðarsholts.

Nefndin leggur til að honum verði látinn á erfðafestu með venjulegum kjörum allt að 1 hektar af landi vestanvert við Skaplaskjólsveginn þar sem

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

útmælt verður af umboðsmanni bæjarins eptir samkomulagi við beiðanda. Sje ræktunartíminn 4 ár að meðtöldu girðingaránu.

3o

Guðmundur Egilsson smiðkari biður um að fá breytt í byggingalóð 812 feràlnum úr erfðafestulandi hans hjá Njálsgötu, en lóð þessa ætlar hann að selja Hjalti Jónssyni frá Hrýsuvöð fyrir 61 e. feralin hverja. Þar sem hjer er um baklóð að ræða, leggur nefndin til, að bæjarstjórnin ekki noti forkaupsrjett sinn, þótt verðið sje lágt, en heimili að lóðinni megi breyta í byggingarlóð með því skilyrði, að 20% söluverðsins greiðist í bæjarsjóð. –

4o

Var lagt fram og tekið til íhugunar erindi Eggerts Briem frá Viðey,

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

dagr. 21 júní þ.á., en í erindi þessu fer hann þess á ný á leit, að fá 16-18 hektara úr Vatnsmýrinni á erfðafestu, en með öðrum og fyrir bæjarstjórnina hagstæðari erfðafestukjörum en þeim vanalegu.-

Nefndin athugaði, að bæjarstjórnin hefur á fundi 12. maí þ.á. neitað umsækjandanum um að fá land þetta á erfðafestu með venjulegum kjörum, eins og líka öðrum hefur verið neitað um land til ræktunar í Vatnsmýrinni og til beitar.-

Formaður nefndarinnar hefur borið sig saman við umsækjanda um að hverjum breytingum frá hinum almennu erfðafestukjörum hann vildi ganga, ef landið yrði látið falt, og hefur hann tjáð sig mundu ganga að eptirgreindum breytingum:

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

1, að greiða fullt afgjald (20 kr. fyrir hektar, frá því landið er honum útmælt gegn því, að hann í notum þessi fengi ræktunartíma ekki skemmri en 10 ár,
2, að endurkaupsverðið fyrir bæjarstjórnina yrði eftt helmingi lægra en í hinum venjulegu skilmálum eða 15 aura fyrir hvern fermeter.—
3, að bærinn fengi rúmum undir sporbraut yfir landið án annars endurgjalds en tiltölulegum afslætti í eftirgjaldinu.—
4, að umsækjandi þurki landið með skurðum og grafi þurkskurðina alla leið niður í tjörnina.—

Nefndin leggur það undir úrslit bæjarstjórnarinnar hvort hún vill láta beiðandanum landið á erfðafestu með þessum kjörum.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

5.

Ábúandi Ártúns, Þorbjörn Símonsson, fer þess á leit, að bæjarstjórnin styrki sig til byggingar hins nýja íbúðarhúss í Ártúnunum annaðhvort með því að gefa sjer eptir meiri hlutann af verði gömlu húsanna, sem hann á að svara til, er hann fer frá jörðunni (1200 kr.), eða með því á annan hátt að styrkja sig með peningatillagi. – Þessu erindi hefir bæjarstjórnin vísað til umsagnar nefndarinnar.

Á fundi 13. maí þ. á. samþykkti bæjarstjórnin til að greiða fyrir ábúandanum með húsabygginguna, að hann mætti láta eldra húsið eða efni þess ganga í nýja húsið með því skilyrði, að bærinn fengi verð í nýja húsinu fyrir andvirði hússins, 900 kr., eins og líka bæjarstjórnin lofaði við burtför

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hans frá jörðunni að kaupa eða
sjá um að hið nýja hús geti keypt
þó ekki fyrir meira en 1600 kr.
umfram þessar 900 kr. – Að þessu
gekk áfrúandinn og bjóði sig
ánægjan með. –
Nefndin sjer nú enga ástæðu
til að fara að breyta þessum
samningi í neinu og leggur til
að hann verði látinn standa
óbreyttur en erindi áfrúandans
synjað. –
Fleira gjörðist ekki
Fundi slitið. –
Páll Einarsson
Steinþ. Sveinbjarnarson Sigf. Þórðarson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1910 þ. 13. sept. átti fasteignanefndin fund með sjer á skrifstofu borgarstjóra. Allir nefndarmennirnir á fundi og auk þess bæjarverkfræðingurinn. — Gjörðist á fundinum það, er hjer segir:

1° ×

A. J. Johnsön biður um að fá á erfðafestu með venjulegum kjörum 5 vallardagsláttur af bæjarlandinu austan við Bráðræðistúnið og saman við tún Pálma kennara Pálssonar. —

Nefndin leggur til að honum verði látnir á erfðafestu allt að 2 hektarar úr mýrinni vestanvert við Kaplaskjólsveginn og saman við tún Pálma Pálssonar eptir nánari útmælingu bæjarverkfræðingsins. Sje ræktunartíminn 6 ár að meðtöldu girðingarárinu.

+ 2° ×

Sveinn Jón Einarsson biður um að

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

fá á erfðafestu 2 hektara úr Kapla-
skjólsmýrinni vestur og norður af
landi því, er A. J. Johnson hefur
beðið um. Nefndin leggur til að hon-
um verði veitt land þetta eptir nán-
ari útmælingu bæjarverkfræðingsins
og sje ræktunarlíminn 6 ár að með-
töldu girðingarárinu. –

3. X

Magnús Vigfússon, Kirkjubóli, biður
um að fá 4½ dagsláttu á erfða-
festu í Kirkjumýrinni meðfram
suður- og vesturtakmörkum erfða-
festulands hans austan Laugar-
nesvegarins. –

Nefndin leggur til að honum
verði veitt á erfðafestu landspilda
sú, er liggur milli nefnds erfðafestu-
lands hans og erfðafestulands
Sturlu Jónssonar, sem er 2–3 dagsl.
að flatarmáli. Sje ræktunartím-
inn 4 ár að meðtöldu girðingarárinu.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

4°

Kaupm. Th. Thorsteinsson fer þess á leit
að fá leigða landræmu meðfram
fiskverkunarsvæði hans á Kirkjusandi
suður að landi Magnúsar Vigfússonar
á Kirkjubóli og niður að tjörninni
þar, fyrir jafnmörg ár og eftir eru
af leigutíma hans fyrir Kirkjusandi
(þ. e. til 1930). –

Nefndin leggur til að honum verði
látin á leigu fyrir umræddan tíma
þ. e. til 1930 landið, spildan milli leigu-
lands hans og tjarnarinnar annars-
vegar og Laugarnesvegarins hinsvegar
suður að Kirkjubólslandinu, að
fráskildum 40 álna breiðri ræmu
meðfram Laugarnesveginum. Að
norðaustan verði ráðin framhald
takmarkalínunnar milli leigulands
hans og leigulands Geirs Zimsen o. fl. –
Hið árlega afgjald sje 100 kr. og
leigutíminn teljist frá 1. jan. næstk.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

5º

Geðveikrahælið á Kleppi sækir um að fá á erfðafestu 2 dagslattur af bæjarlandinu norðan við Geðveikra-hælislandið. –

Geðveikrahælið hefur til sinna umráða 100 dagsláttur af landi og mun mjög fjarri að allt það land sje fullræktað. Þykir því nefnd-inni óþarft að veita hælinu meira land að sinni og leggur því til, að beiðninni verði synjað. –

6º. –

Jón Jóhannsson, Laugaveg 69, biður um að fá á erfðafestu landspildu vestanvert við Laugarnesveginn. Land þetta er nú árlega notað til mótekju meira en annað móland bæjarins og má því ekki missast að svo stöddu. Leggur því nefndin til að beiðninni verði synjað. –

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

7°.

Bjarni Bjarnason í Hlíð biður um að fá á erfðafestu lítið landsstykki milli Hlíðarlúnsins og Norðurmýrarbletts Nr. 7. – Hjer er um lítið land meðfram Hafnarfjarðarvegi að ræða, hæfilegt fyrir hússtæði með stórum matjurtagarði og ætti það því fremur að afhendast sem lóð. – Nefndin leggur því til að beiðninni verði synjað enda hefur umsækjandi á öndverðu þessu ári fengið blett á erfðafestu í Norðurmýrinni, sem hann ekkert er farinn að rækta ennþá. –

8°.

Guðmundur Guðmundsson biður um að fá lóðarræmu til viðbótar við erfðafestuland hans, Norðurmýrarblett Nr. 8 og meðfram honum. Hjer er líka um lítið land að ræða, sem ef til vill fer undir veg yfir Norðurmýrina

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

og leggur nefndin til, að beiðninni verði synjað. –

Fleira gjörðist ekki. –

Fundi slitið

Páll Einarsson.

Knud Zimsen [illegible] Jón Jensson

Sig. Thoroddsen

Ár 1910, þ. 3. okt. kom fasteignar-nefndin saman á fund á skrifstofu borgarstjóra. Allir nefndarmennirnir á fundi. Gjörðist á fundinum það, er hjer segir. –

1°

Einar Benediktsson býður forkaups-rjett að erfðafestulandinu, Kaupmanns-túni eða Lækjarbakka, er hann tjáist ætla að selja hlutafjelaginu British North Western Syndicate Limited í

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

London fyrir 25.000 - tuttugu og fimm þúsund krónur. Nefndin leggur til að forkaupsrjetti verði hafnað. -

2°

Árni Árnason í Kaplaskjóli biður um að fá breytt 46 ferálnum af erfðafestulandi sínu í Kaplaskjóli í byggingarlóð. Á húsið, sem hann ætlar að byggja að standa þetta inn á erfðafestulandið. Nefndin vill að hann breyti í lóð auk þessara 46 álna, einnig því, er þarf svo að 5 álna breið lóð verði kringum húsið og leggur til að leyft verði að breyta í byggingarlóð svo miklu, er þarf til þessa, gegn 20 % gjaldi í bæjarsjóð, talið eptir 50 aura verði fyrir feralin hverja. -

3°

Emil Rokstad sækir um að fá viðbót við erfðafestuland það, er hann fjekk á þessu vori, sunnan er liggur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

meðfram Laugarnesveginum. –
Landræma sú, sem skilin hefur verið eptir meðfram veginum, er ætluð til bygginga, og leggur nefndin þegar af þeirri ástæðu til, að beiðninni verði synjað, enda er erfðafestuland það, er Rokstad fjekk í vor óráðlað ennþá þannig að hann skortir ekki land sem stendur. –

4°.

Ólafur Jónsson, Framnesveg 25, biður um að fá á erfðafestu 6 dagsláttur í Bráðræðismýrinni, vestanvert við Kaplaskjólsveg, næst útmælingu þeirri, sem nýlega hefur farið fram sunnanvert við tún Pálma Pálssonar. –
Nefndin leggur til, að honum verði látið land á erfðafestu á tilgreindum stað allt að 2 hektara, ef til er og eptir nánari útmælingu

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

bæjarverkfræðingsins. Sje ræktunar-
tíminn 6 ár að meðtöldu girðingar-
árinu.-

5º

Jón Jónsson, Vesturgötu 53, biður
einnig um land sama staðar í
Bráðræðismýrinni og leggur nefndin
til, að beiðni þessari sje svarað
alveg eins og beiðni Ólafs Jónssonar.

6º

Sæmundur Skaptason biður um
að fá á erfðafestu 2 dagsláttur
vestanvert við Laugarnesveginn.
Bæjarstjórnin neitaði Jóni Jóhanns-
syni um land þetta á síðasta
fundi, þar sem hjer er um móland
að ræða. Leggur nefndin því til,
að beiðninni verði synjað.

7.

Bjarni Magnússon biður um að
fá á erfðafestu land vestan í
Rauðarárholti norðan við vatns-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

veituveginn. Um land þetta hefur áður verið neitað til erfðafestu, enda er hjer um land að ræða, sem liggur nokkur hluti þess innan takmarka kaupstaðarlóðarinnar. Nefndin leggur til, að beiðninni verði synjað. –

8º

Nefndin ræddi um beiðni Eggerts Briems í Viðey um erfðafestuland í Vatnsmýrinni, og leggur nú til, að honum verði látnir 15–18 hektarar úr henni á erfðafestu, þar sem fasteignanefndin ákveður, með þeim breytingum frá hinum almennu erfðafestukjörum, sem til eru teknar í fundargjörð nefndarinnar, 29. ág. þ. á., að því viðbættu, að bæjarstjórn sje hvenær sem er, heimilt að láta sporbrautarinnar að leggja 8 álna breiðan veg yfir landið, án annars endurgjalds

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

en tiltölulegrar niðurfærslu á ár-
gjaldinu. –

Fleira gjörðist ekki
Fundi slitið

Páll Einarsson

Árinbj. Sveinbjarnarson.  Jón Jensson
Sig Þorvaldsson.

Ár 1910 þ. 17. okt. kom fasteignar-
nefndin á fund á skrifstofu borg-
arstjóra. Allir nefndarmennirnir
á fundi og bæjarverkfræðingurinn.
Gjörðist þá á fundinum það, er
hjer segir:

1°

Einar Runólfsson, trjesmiður,
Lindargötu 34, sækir um að fá 2
hektara á erfðafestu í Kirkjumýri
norðanvert meðfram veginum að

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

þvottalaugunum og næst fyrir austan erfðafestuland Sveins Þórðarsonar.
Nefndin mælir með því, að honum verði veitt land þetta á erfðafestu og sje ræktunartíminn 6 ár, að meðtöldu girðingarárinu.

2°

N3 / Bjarni Þorláksson, Grettisgötu 35a og Jón Ólafsson, Grettisgötu 35B sækja um, að fá á erfðafestu allt að 8 dagslátttur úr Kirkjumýrinni meðfram ~~vegin~~ veginum að þvottalaugunum. –
Leggur nefndin til, að þeim verði veittir á erfðafestu 2 hektarar austan og norðan við land það, sem ætlað er Einari Runólfssyni samkvæmt 1. lið. Sje ræktunartíminn einnig 6 ár, að meðtöldu girðingarárinu. –

3°

Eggert Claessen, málaflutn-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

ingsmaður, biður um að fá á erfðafestu ferhyrndan blett ca. ½ hekt. niður undan erfðafestulandi hans Vatnsmýrarbletti № 2 og jafnlangt niður, sem Vatnsmýrarblettur № 1 nær.—

Nefndin leggur til, að honum verði veitt land þetta á erfðafestu með venjulegum kjörum og sje ræktunartíminn 4 ár, að meðtöldu girðingarárinu.

4º

Jón Jónsson, Eyvindr. óskar um að fá 3-4 dagsláttur á erfðafestu upp af erfðafestulandi Jóns Tómassonar á Grímsstaðaholti. Erindi þessu var vísað til bæjarverkfræðingsins til athugunar og rannsóknar á staðháttum.—

5º

Nikolaj Hansen biður um að fá á erfðafestu eina dagsláttu fyrir

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

sunnan Nýjatún. Nefndin leggur til, að beiðni þessari verði synjað, enda er landið innan takmarka kaupstaðarlóðarinnar.

6°

Þ. J. Thoroddsen biður um að fá á erfðafestu landspilduna milli erfðafestulanda Þorsteins Jónssonar og Jóhannesar og Jóns Magnússonar í Kaplaskjólsmýrinni. Bæjarstjórnin hefur á fundi 21. júlí látið land þetta á erfðafestu Arngrími Jónssyni, Vesturgötu 31, og er því ekki hægt, að verða við þessari beiðni Þ. J. Thoroddsen. –

Í sama brjefi biður hann einnig um að fá á erfðafestu þríhyrnu nokkra fermetra á skerð meðfram veginum að Suðurkoti. Nefndinni þykir rjett að geyma þríhyrnu þessa til breikkunar veginum, enda er hún of lítil til

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

þess, að mynda úr henni sjerstakt
erfðafestuland. En hinsvegar væri
ekkert því til fyrirstöðu, að um-
sækjanda yrði ljeð þríhyrna þessi,
ef hann þyrfti hennar ~~við~~ með,
með því skilyrði, að hún yrði látin
aptur af hendi, þegar krafist
yrði. –

7º

Guðmundur Jakobsson býður
bæjarstjórninni forkaupsrjett
að tveimur erfðafestulöndum
sínum í Norðurmýrinni, er hann
vill selja Pjetri Hjaltested, kaup-
manni, fyrir 2000 krónur. Nefndin
skírskotar til fundargjörðar
sinnar 5. apríl þ. á. viðvíkjandi
löndum þessum og leggur til,
að frestað verði, að taka ákvörð-
un um þetta, þar til Guðmund-
ur hefur sannað fyrir bæjar-
stjórninni eignarheimild sína

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

að þeim. –

Fleira gjörðist ekki
Fundi slitið

Páll Einarsson

Steinþ. Sveinbjarnarson Jón Jensson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1910 þ. 25. okt. kom fasteignanefnd-
in saman á fund á skrifstofu borg-
arstjóra. Allir nefndarmennirnir
á fundi og bæjarverkfræðingur-
inn. Gjörðist þá á fundinum það,
er hjer segir:

1º

Bæjarverkfræðingurinn hefur sam-
kvæmt ósk nefndarinnar gjört
tillögur um girðing beitarlandsins
og var lögð fram kostnaðaráætlun
hans. _ Samkvæmt áætlun hans
verður kostnaðurinn við að girða
Vatnsmýrina, Fossvog, Kringlu-
mýri og Sogin alls 3000 krónur.
Nefndin samþykkti, að fara
þess á leit við bæjarstjórnina, að
á fjárhagsáætlun bæjarins fyrir
1911 verði tekin upp 3000 króna fjár-
veiting til að girða þessa hluti beit-
arlandsins á næsta vori. -

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

2°

Ennfremur samþykkti nefndin, að leggja það til, að hagatollur verði hækkaður eptir að búið er að girða landið, þannig, að hann verði 5 kr. fyrir hverja kú yfir sumarið í staðinn fyrir 2 kr. nú, og 3 kr. á mánuði fyrir hvern hest í staðinn fyrir 2 kr. 50 a. nú. –

Fleira gjörðist ekki
Fundi slitið. –
Páll Einarsson.

Þórhallur Sveinbjarnarson.   Jón Jensson.

Sigtr. Eiríksson. –

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1910 þ. 14. nóv. kom fasteignanefndin saman á fund á skrifstofu borgarstjóra. Allir nefndarmennirnir á fundi, og bæjarverkfræðingurinn. Gjörðist á fundinum það, er hjer segir:

1o ×

Hans Hannesson sækir um að fá á erfðafestu 6-8 dagsl. af landi í Norðurmýrinni við Pjetursstíg í áframhaldi af erfðafestulandi Bjarna Bjarnasonar í Hlíð. Nefndin leggur til, að umsækjanda verði látnir á erfðafestu allt að 2 hektarar úr Norðurmýrinni, þar sem bæjarverkfræðingurinn útmælir landið, sem næst því, er umsækjandi biður um. Sje ræktunartíminn 6 ár að meðtöldu girðingarárinu.-

2o

Jóhannes Guðmundsson, Njálsg. 36, biður um að fá á leigu blett í Skólavörðuholtinu nálægt húsi hans,

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

100

100 ferfaðma að stærð, til þess þar að gjöra fiskverkunarreit.–

Nefndin leggur til, að honum verði gegn 6 króna árlegri leigu leigð 100 ferfaðma spilda til þessa, en með því skilyrði, að bæjarstjórnin geti á hvaða tíma sem er, sagt upp leigunni, með 2ja mánaða fyrirvara og sje þá leigutaki skyldur til að taka burtu bænum að kostnaðarlausu mannvirki þau, er hann kann að hafa gjört á leigulandinu. Sje um þetta gjörður skriflegur leigusamningur.–

3°

Halldór M. Ólafsson, Nýlendugötu 19, sækir um að fá á erfðafestu c. 2 dagsl. af melunum vestast uppað Sauðagerðistúni sunnanverðu og verður að erfðafestulandi umsækjanda og Þorsteins Jónssonar.–

Land þetta liggur vestur af hinu

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

friðhugaða og útmælda íþróttasvæði og er nálega hið eina af melunum þar, sem ekki hefur verið látið öðrum til umráða. Nefndin vill því ekki festa land þetta að svo komnu, og leggur til, að beiðninni verði synjað.

4º

Magnús Egilsson, steinsmiður sækir um að fá 1½ dagsl. á erfðafestu í Kirkjumýrinni norðan- og austanvert við Kirkjubólslandið. Nefndin hefur áður veitt sama erfðafestuland í Kirkjumýrinni 2 hektara, og vill ekki víkja frá því, og leggur þessvegna til, að beiðanda verði synjað.—

5º

Jón Jóhannsson biður enn á ný um erfðafestuland í mómýrinni vestanvert við veginn niður að Laugarnesspítala, en um land þetta var honum neitað nýlega. Nefndin vísar

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

til tillögu sinnar á fundi 13. sept., og leggur til, að honum enn verði synjað um landið, enda er óútgrafið móland, sem árlega er notað, beggja vegna við spildu þá, er hann biður um. —

6°

Lárus Pálsson biður enn um land til erfðafestu meðfram Hafnarfjarðarveginum, er honum áður hefur verið neitað um. Nefndin vísar til fyrri tillögu sinnar um þetta og leggur til, að honum enn verði synjað um landið. —

7°

Guðmundur Egilsson, trjesm. býður forkaupsrjett að 910 ferálnum af erfðafestulandi hans við Grettisgötu 18, er hann tjáist ætla að selja Hermann Daníelsen fyrir 70 aura feralin hverja. Nefndin leggur til að forkaupsrjetti verði

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hafnað og seljanda heimilað að breyta svæði þessu í byggingarlóð.

8°

Borgarstjóri lagði fram bréf frá M. Bartholomeus í London, dagś. 2. þ. m., þar sem hann hafnar því, að gjöra tilboð í leigu á Elliðaánum næsta sumar.

Nefndin leggur því til, að James Dowell í London verði falið að auglýsa árnar til leigu og leigja þær.

Fleira gjörðist ekki
Fundi slitið
Jörgensen Páll Einarsson
Ásgeir Sveinbjarnarson Sigh. Thoroddsen

Ár 1911 þ. 17. jan. ~~kom~~ fasteignarnefndin saman á fund á skrifstofu borgarstjóra. Allir nefndarmenn voru á fundi, og bæjarverkfræðingurinn. Gjörðist þá það er hjer segir:

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

1º

Magnús Egilsson, steinsm., sækir um að fá á erfðafestu 6 dagsláttur í Kirkju-mýrinni norðan- og ofanvert við erfðafestuland Magnúsar Vigfússonar, austanvert við veginn niður að Laugarnesspítala.

Nefndin leggur til, að umsækjanda verði veitt land þetta á erfðafestu með venjulegum kjörum og sje ræktunartíminn 10 ár. –

2º

Þorlákur Halldórsson og Sigurður Þorkelsson bjóða bæjarstjórninni forkaupsrjett að erfðafestulandi, er þeim var útvísað næstliðið haust upp af Árbletti, en land þetta ætla þeir að selja eða afhenda Hjalta Gunnarssyni, hótelstjóra.
Nefndin leggur til, að bæjarstjórnin heimili, að erfðafesturjetturinn megi yfirfærast til nefnds hótel-stjóra, er þá svarar til allra

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

skuldbindinga samkvæmt erfða-
festubrjefinu.-
Út af munnlegum upplýsingum,
er borgarstjóri gaf á fundinum, vill
nefndin bera það fram, að ef á
næsta bæjarstjórnarfundi kemur
fram tilboð um forkaupsrjett á
Árabletti ásamt húsi fyrir 8000
kr., þá er það tillaga nefndar-
innar, að forkaupsrjettinum
verði hafnað.-

3°

Sigríður Jónsdóttir býður for-
kaupsrjett að svonefndum
Bráðræðisbletti. Nefndin frestaði
að gjöra tillögu því viðvíkjandi.

4°

Bæjarverkfræðingnum falið, að
búa til og afhenda borgarstjóra
sem fyrst skýrslu um efni það,
er panta þarf til girðinga um
beitarlandið, og borgarstjóra

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

falið, að leita upplýsinga um hvar hentast mundi að panta það, og verða þær upplýsingar lagðar fyrir nefndina, er svo tekur ákvörðun hjer að lútandi.–

5º

Var rætt nokkuð um leigutilboð L. J. Þorsteinsson & Co á Eiðsgranda, en engin tillaga gjörð.–

Fleira gjörðist ekki
Fundi slitið.–

Páll Einarsson.

Steinþ. Sveinbjarnarson. Jörgensen

Sig. Haraldsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1911 þ. 2. febr. átti fasteignarnefndin fund með sjer á skrifstofu borgarstjóra. Mættir voru formaður nefndarinnar og Arinbjörn Sveinbjarnarson, en Jón Jensson var ekki mættur. Þar fór fram það, er hjer segir:

1°

Ekkjan Sigríður Jónsdóttir beiðist forkaupsrjett að Bráðræðisbletti fyrir 950 kr. - Bletturinn er c. 1 dagslátta að stærð. Enda þótt nefndinni þyki líklegt, að bæjarstjórnin gæti leigt blettinn fyrir upphæð, er samsvarar vöxtum af 950 kr., leggur nefndin til að forkaupsrjettinum verði hafnað. -

2°

Nefndin leggur til, að Jóni Hannessyni verði þetta ár, eins og að undanförnu leigður Móabæjarhálgarður fyrir 8 kr. -

Fleira gjörðist ekki
Fundi slitið

Arinbj. Sveinbjarnarson.  Páll Einarsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1911 þ. 4. apríl kom fasteignanefndinn saman á fund á skrifstofu borgarstjóra. Allir nefndarmenninir á fundi og bæjarverkfræðingurinn. Gjörðist þá það er hjer segir:

1º

Var rætt um girðingu beitarlandsins og vill nefndin fyrir sitt leyti eigi setja sig á móti tillögu bæjarfulltrúa J. Þorlákssonar og Knud Zimsen um að girt verði í einu beitarlandið milli Fossvogs og vegarins inn að Elliðaánum, ef svo innan þeirrar aðalgirðingar verða settar aukagirðingar kringum graslendi Fossvogs, Kringlumýri og Sogin. – Lætur nefndin með nefndargjörð þessari fylgja til allra bæjarfulltrúanna kort með afmörkuðum hinum fyrirhuguðu girðingum. –

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

2°

Árni Gíslason býður bæjarstjórninni forkaupsrjett að erfðafestulandinu Lækjarhvammi með húsum og öðru tilheyrandi fyrir 12.000 kr., en fyrir það verð ætlar hann að selja Guðmundi Þorsteinssyni landið. Nefndin leggur til að forkaupsrjettinum verði hafnað.—

3°

Erindi Páls Erlingssonar um að fá til ræktunar lítinn blett við Laugaldalinn, var vísað til bæjarverkfræðingsins til rannsóknar á staðnum.—

4°

Einnig vísað til verkfræðingsins erindi Helgu Rokstad um land til skógræktunartilrauna.—

Fleira gjörðist ekki
Fundi slitið.—

Jón Jensson
Sveinbj. Sveinbjarnarson.

Páll Einarsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1911 þ. 24. apríl kom fasteigna-
nefndin saman á fund á skrif-
stofu borgarstjóra. Allir nefndar-
mennirnir á fundi og bæjar-
verkfræðingurinn. Gjörðist það á
fundinum það er hjer segir:

1°

Ólafur Pjetursson, Vesturgötu
býður forkaupsrjett að svo-
nefndum Ánanaustabletti, er
hann ætlar að selja fjelaginu
„Alliance" fyrir 7000 kr. – Nefndin
leggur til að forkaupsrjetti verði
hafnað. –

Að gefnu tilefni af hálfu borgar-
stjóra tekur nefndin það fram, að
hún sjer ekkert því til fyrirstöðu,
að fjelagið „Alliance" breyti erfða-
festubletti þessum í fiskþurkun-
arreit. –

2°

Helgi Jónsson í Tungu ofl. biðja

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

um að fá á leigu til kúabeitar og afgirt sjer svonefnda Skjólgarða, sunnan af Þvottalaugunum og innan hestagirðingarinnar í Laugarnesi.

Nefndin leggur til að þessari beiðni verði synjað. Hún vill ekki að svo komnu láta taka meira land frá hestabeitinni í Laugarnesi enda verða að þessu vori afgirt lönd til kúabeitar. –

3°

Björn Bjarnarson hreppstjóri í Gröf fer þess á leit að bæjarstjórnin sendi mann til að finna beina línu milli suðurenda Markgrófar og suðurenda Síldarmannagarðs, sem er landamerkjalína milli Grafar og Árbæjar og taki þátt í vörðun og merkingu línu þessarar. Leggur nefndin til, að bæjarverkfræðingnum verði falið að gjöra þetta. –

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

4°

Erindi Brynjólfs K. Magnússonar um kaup á bæjargirðingu yfir erfðafestuland hans í Kirkjumýri, vísað til bæjarverkfræðingsins til athugunar á staðnum. –

5°

Nefndin felur borgarstjóra að ráða mann til að verja beitarlandið frá 1. næsta mánaðar sem að undanförnu þar til búið er að girða það. –

6°

Var rætt um skilyrði fyrir leigu á Eiðsgranda og ýms samningsatriði þar að lútandi, en engar endanlegar tillögur gjörðar.

Fleira gjörðist ekki

Fundi slitið

Páll Einarsson

Brinj. Sveinbjarnarson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1911, þ. 2. maí kom fasteignarnefndin saman á fund á skrifstofu borgarstjóra. Allir nefndarmennirnir á fundi. Kom þá fram það er hjer segir:

1º

Nefndin ítrekar tillögu sína frá síðasta fundi um að hafna forkaupsrjetti að svonefndum Árnanaustabletti, er Olafur Pjetursson ætlar að selja fjelaginu „Alliance“ fyrir 7000 kr. –

Ennfremur leggur nefndin til að fjelaginu „Alliance“ verði leyft að breyta erfðafestulandi þessu í fiskþurkunarreit, án þess krafist verði nokkurrar gjaldhækkunar, en þannig að rjettur bæjarins yfir landinu sem erfðafestulandi breytist ekki að neinu leyti. – Nefndinni er kunnugt um, að nú er mjög mikill skortur á fiskverkunarreitum í bænum og lítur því svo

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

á, að bæjarstjórnin eigi að hlynna að því en ekki tálma á þeir verði búnir til. –

2°

Versl. „Edinborg“ býður forkaupsrjett að erfðafestulandinu „Melstaðar-blettur“, fyrir 1000 kr. – Bæjarstjórnin hefur á fundi 15. ág. 1909 hafnað forkaupsrjetti að bletti þessum, sem er rúm dagsláttu fyrir sama verð, og leggur nefndin til, að forkaupsrjettinum verði einnig hafnað. –

3°

Þorlákur Kr. Ófeigsson fer þess á leit að hann megi afsala sjer rjetti til erfðafestulands í Kirkjumýrinni, er honum var veitt á bæjarstjórnarfundi 6. þ.m., en að hann fái í þess stað allt að 2 hektara á öðrum stað í mýrinni milli erfðafestulanda Magnúsar Vigfús-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

sonar og Brynjólfs Magnússonar. Leggur nefndin til að þetta verði veitt og að bæjarverkfræðingnum verði falið að mæla út landið í samráði við fasteignanefndina.

4°

Erindi Sigurðar Guðmundssonar og Einars Sigurðssonar, dags. 24. þ. m. um að fá land á leigu í Rauðarárholti var vísað til athugunar bæjarverkfræðingsins og rannsóknar á staðnum. —

Fleira gjörðist ekki. —

Fundi slitið

Páll Einarsson

Árinbj. Sveinbjarnarson. Jón Jensson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1911 þ. 15. maí kom fasteignarnefndin saman á fund á skrifstofu borgarstjóra. — Allir nefndarmennirnir á fundi og bæjarverkfræðingurinn. Fór þá fram það, er hjer segir:

1°

Páll Erlingsson sundkennari biður um að fá á erfðafestu blett vestur af sundlauginni fyrir vestan laugalækinn. — Nefndin leggur til að honum verði látinn þar á erfðafestu c. 1 hektar með venjulegum erfðafestukjörum, og sje ræktunartíminn 5 ár. —

2°

Brynjólfur H. Magnússon sækir um að fá keyptan þann hluta af bæjargirðingunni, er liggur yfir land það, er honum hefur verið úthlutað á erfðafestu í Kirkjumýrinni, en girðing sú er

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

rúmið 100 faðmar. – Nefndin leggur til að honum verði seld girðing þessi fyrir 35 aura faðm hvern og ætlast þá til að öðrum, sem fengið hafa lönd á erfðafestu í Kirkjumýrinni verði seld girðingin meðfram lönd-um þeirra fyrir sama verð. And-virðið greiðist um leið og kaupin fara fram.

3º

Helga Rokstad biður um að fá til skógræktartilraunar litla spildu meðfram veginum að Laugarnesi. Nefndin leggur til að hún fái til skógræktartilraunar sinnar land-spildu að stærð c. 1 dagslátta, mó-grafir í horni sem myndast aust-anvegar af skurði ofanvert við tún Vilhjálms Bjarnarsonar og hins-vegar af Laugarnesveginum. – Vill nefndin að hún fái land þetta af-gjaldslaust, en að öðru leyti með

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

skilmálum eptir samkomulagi við fasteignanefndina. —

Fleira gjörðist ekki. —

Fundi slitið

Páll Einarsson

Jón Jensson  Arinbj. Sveinbjarnarson

Ár 1911 þ. 29. maí kom fast-eignanefndin saman á fund á skrifstofu borgarstjóra. Allir mættir nema Jón Jensson. Á fundinum gjörðist það er hjer segir:

1°

Lögð fram beiðni Sigurðar Guðmundssonar og Einars Einarssonar um, að fá á leigu og til erfðafestu spildu í Rauðarár-holti upp af Mjölni. Land þetta liggur að rekstrar eða olnbogi lepti í landi því, sem Mjölni leiga

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

verið veitt til Grjótholum og verður þegar af þeirri ástæðu að synja beiðninni. –

2°

Nefndin er því meðmælt að Jóni Eyjólfssyni verði veitt land á leigu til stakkstæðis í Skólavörðuholtinu ofan af Óðinsgötu. –

Var rætt um þá innan girðinga þeirra, sem nú er verið að setja um beitarlandið o.fl., en engin ályktun tekin. –

Fleira gjörðist ekki. –

Fundi slitið

Páll Einarsson
Arinbj. Sveinbjarnarson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1911 þ. 12. júní átti fasteignar-
nefndin fund með sjer á skrifstofu
borgarstjóra. Allir nefndarmennirnir
á fundi og bæjarverkfræðingur-
inn. – Gjörðist þá það er hjer segir:

1°

Markús Guðmundsson, Framnesv. 25
biður um að fá á erfðafestu blett
í Kaplaskjólsmýrinni c. 1½ dagsl.
Nefndin leggur til að honum verði
veitt land þetta á erfðafestu
eptir útmælingu bæjarverkfræð-
ingsins og sje ræktunartíminn
[illegible] 5 ár að meðtöldu girðingarárinu.

2°

Nefndin ákvað endanlega legu
og takmörk erfðafestulands
Eggerts Briems í Vatnsmýrinni,
samkv. uppdrætti, er bæjarverk-
fræðingurinn lagði fram.

3°

Var rætt um fyrirkomulag á

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

vörslu bæjarlandsins eptir að girðingu þess er lokið. –

Fleira gjörðist ekki. –

Fundi slitið

Páll Einarsson

Jón Jensson Ásmundur Sveinbjarnarson.

Ár 1911 þ. 4. júlí kom fasteignanefndin saman á fund á skrifstofu borgarstjóra. Allir nefndarmennirnir á fundi og bæjarverkfræðingurinn. Gjörðist á fundinum þar er hjer segir:

1º

Borgarstjóri hafði leitað álits Þórðar bónda Þórðarsonar í Laugarnesi um það hvort beitarlandið innan Laugarnesgirðingarinnar ekki mundi rýrast að mun ef svonefndir Skjólgarðar væru afgirtir og teknir til kúabeitar. Var lagt fram svar hans

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

og álit í brjefi dagð. 28. f. m. á þá
leið að „Skjólgarðarnir“ sje lang-
besti bletturinn innan Laugarnes-
girðingarinnar og að ef þeir væru
teknir til kúabeitar mundi
hestabeitarlandið skerðast jafn-
vel um fullkominn þriðjung.
Að svo vöxnu máli álítur nefndin
að ekki geti komið til mála að
leigja fáum kúaeigendum Skjól-
garðana til kúabeitar enda eiga
þeir jafnt sem aðrir bæjarmenn
aðgang að beitarlandi bæjarins
fyrir kýr sínar. –
Ísama brjefi vekur Þórður
bóndi Þórðarson athygli á því
að beitarlandið í Sogunum
mundi batna stórkostlega með
því að láta gjöra dálítinn skurð
þar til þurkunar, er mundi
ekki kosta meira en 40–50 kr. –
Leggur nefndin til að þetta verði

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

gjört og leitar samþykkis bæjarstjórnarinnar til þess.

2º

Sigurbjörg Þorláksdóttir, kenslukona sækir um að fá á erfðafestu 1–2 hektara á Öskjuhlíðinni sunnanvert við tún Jónatans Þorsteinssonar, Leynimýri, til þess þar að stofna barnagarð og leiksvæði fyrir börn, og vill fá landið eftirgjaldslaust fyrst um sinn.

Nefndin leggur til að henni verði látið á erfðafestu á tilgreindum stað allt að því 2 hektarar til þess að stofna þar barnagarð og leiksvæði fyrir börn, og að hún fái landið fyrst um sinn afgjaldslaust í 10 ár og að öðru leyti með þeim afbrigðum frá hinum almennu erfðafestuskilmálum, sem tilgangur umsækjanda og hin sjerstaka notkun útheimtir,

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

þó að óbreyttum endurkaupsrjetti bæjarstjórnarinnar. Ennfremur sje það skilyrði sett, að hinir almennu erfðafestuskilmálar, þar á meðal afgjaldsákvæðið, komi í gildi að því er land þetta snertir þegar í stað, ef hætt verður við að nota landið sem barnagarð og leiksvæði fyrir börn. –

\+ 3º

Guðmundur Jafetsson á Háteig sækir um að fá á erfðafestu sem svarar tveimur dagsl. í Rauðarárholtinu norðan við vatnsveitu-veginn en til vara um spildu austan í holtinu fyrir sunnan vatnsveituveginn.

Nefndin er því mótfallin, að land verði að svo komnu látið á erfðafestu í Rauðarárholtinu norðan vatnsveitu-vegarins, en leggur hinsvegar

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

til, að umsækjandi fái allt að 1 hektar austan í holtinu þar sem hann biður um. Sje ræktunartíminn 6 ár að meðtöldu girðingarárinu.–

4º

Axel Meinholt býður forkaupsrjett að nýfengnu erfðafestulandi í Norðurmýrinni fyrir 125 kr. Nefndin leggur til að forkaupsrjetti verði hafnað.–

5º

Fiskiveiðafjelagið „Alliance“ fer þess á leit, að bæjarstjórnin samþykki að ábúandi Litlaselsmegi leigja þeim norðurhlutann af túninu ca. 2 dagsl. til stakkstæðis og að bæjarstjórnin leigi fjelaginu eptir dánardag ábúandans þetta fyrir 20 kr. árlegt eptirgjald eptir dagsláttuna. Frestað var að gjöra

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

endanlega tillögu um þetta, þar til bæjarverkfræðingurinn hefði gjört af túninu og annar undirbúningur væri fenginn, er nefndin taldi nauðsynlegan. –

6º

Valdemar Kr. Árnason biður um að fá ca. 1½ dagsl. á erfðafestu, er liggur niður við sjó vestan við Fúlutjörn en austan Fjelagstúns. Hjer er um lítið land að ræða, sem ekki er fallið til ræktunar og enginn vegur að frá landi, en getur hinsvegar orðið að notum sem fiskþurkunarpláss. – Leggur nefndin því til að erfðafestubeiðninni verði synjað. –

7º

Erindi Guðm. Kr. Eyjólfss. um erfðafestuland í Norðurmýri, vísað til bæjarverkfræðingsins

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

til rannsóknar á staðháttum og kortgjörðar.-
Sömuleiðis beiðni Valdem. Árnasonar um erfðafestuland fyrir neðan Skíðabrautina.-
Sömuleiðis beiðni Jóns Jóhannssonar um erfðafestuland vestan vegarins að Laugarnesspítala.

8º

Ólafur Jónsson á Laugalandi sækir um að fá á erfðafestu 10 dagsl. með fram Laugalæknum í viðbót við land sitt þar. Umsækjandi hefur enn ekki fullræktað land það, er honum hefur verið látið á erfðafestu og leggur því nefndin til, að þessari beiðni hans verði synjað að svo komnu, enda mundi hestabeitarlandið rýrast, ef beiðni umsækjanda fengist framgengt.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

9º

Bæjarverkfræðingurinn skýrir frá því, að ábúandinn á Búskóðum hafi látið rífa upp í fyrrinótt nokkra staura, er hann hafði látið setja upp fyrir girðinguna við takmörk Búskaðalands. Ákvað nefndin að kæra ábúandann þegar í stað fyrir þetta til sekta og skaðabóta.–

Fleira gjörðist ekki.–

Fundi slitið

Páll Einarsson

Sveinbj. Sveinbjarnarson. Jón Jensson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1911 þ. 17. júlí kom fasteignar-
nefndin saman á fund á skrif-
stofu borgarstjóra. Allir nefndar-
mennirnir á fundi og bæjar-
verkfræðingurinn. Fór þá fram
það er hjer segir:

Bæjarverkfræðingurinn
skýrði frá því að nú væri lokið
að afgirða í heild sinni aðal-
beitarlandið, Fossvog, Mjóu-
mýri, Kringlumýri og Sogin. –
Samkvæmt því, er bæjarstjórnin
hefur ákveðið á fundi 6. april
þ. á. ákvað nefndin að láta
afgirta Fossvogslandið með
þvergirðingu frá Öskjuhlíð-
inni austur í girðinguna á
merkjum Bústaðalandi. –

Þá ákvað nefndin að á
þessu sumri skyldi kúabeitin
vera í Fossvogi og Vatnsmýrinni,
en Kringlumýri, Mjóamýri og Sogin

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

eingöngu fyrir hesta, einnig fyrir hesta ferðamanna. –

Til þess að hafa gæslu á hendi innan girðingarinnar það, sem eftir er sumarsins var ráðinn Þorsteinn Þorsteinsson, sá sem vörslu beitarlandsins hefur nú. Var samþykkt að láta hann fá talsíma heim til hans á Laugaveg 38B. –

Bæjarfulltrúa Arinbirni Sveinbjarnarsyni var falið að leigja rjettarstæði fyrir hesta þá, er Þorsteinn fær í pössun og samþykkt að girða rjettina til bráðabyrgða. –

Fleira gjörðist ekki. –

Fundi slitið. –

Páll Einarsson.

Arinbj. Sveinbjarnarson. Jón Jensson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1911 þ. 1. ágúst kom fasteignar-nefndin saman á fund á skrif-stofu borgarstjóra. Allir nefndar-mennirnir á fundi og bæjar-verkfræðingurinn. Gjörðist á fundinum það, er hjer segir:

1º

Fiskiveiðafjelagið „Alliance“ sækir um að fá á leigu og mega breyta í stakkstæði norður-hluta Litlaselstúns, að sljónum, sem liggur að sjó í framhaldi af Vesturgötu. Nefndin hefur látið mæla stærð landsins og gjöra kort af því, og er það 62,46 Ar. að stærð eða rúmar 2 dagsláttur.-

Er það tillaga nefndarinnar að umsækjanda verði leigt landið til þess eins að breyta því í stakkstæði með þessum skilmálum:
a, Leigutíminn sje 30-þrjátíu ár (meiri hluti, en að honum liðnum

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

sje leigjandi skyldur til að taka burt
bænum að kostnaðarlausu mann-
virki þau, er gjörð hafa verið ef
bæjarstjórnin krefst þess. –
b, Árðleigan sje 100 kr. talin frá 1. okt.
næstk., er greiðist eptir á 1. okt. ár
hvert. Meðan núverandi ábúandi
Ólöf Bjarnadóttir býr á Litla-Seli,
renni helmingur leigunnar til hennar.
c, Bænum hafi rjett til að leggja vegi
og sporbrautir yfir landið og byggja
á landinu byggingar, er bænum
þarfnast án annarar borgunar
til leigjanda, en tiltölulegrar
niðurfærslu á afgjaldinu. –
d, Samþykki ábúandans á Litla-Seli
fáist. –

2º

Magnús Magnússon og Sigurður
Halldórsson sækja um að fá á leigu
eina dagsláttu af landi í holtinu
austur af Frakkastíg Nr. 20 til

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

173

staksökedið með því skilyrði at landið sje apturtækt hvenær sem bæjarstjórnin gjörir tilkall til þess til annara afnota. –

Nefndin mælir með því at þeir fái landið til þessa eptir nánari ákvörðun og útmælingu bæjarverkfræðingsins og með nefndu skilyrði, fyrir 20 kr. afgjald á ári, enda hlýti leigjendur fyrirmælum heilbrigðisnefndar at því er þrifnað snertir og afrennsli frá fiskþurkunarsvæðinu. –

3°

Magnús Egilsson, steinsm., sækir um at fá at byggja íbúðarhús á erfðafestulandi sínu í Kirkjumýrinni og lóðinni undir það bætt í byggingarlóð. –

Leggur nefndin til at honum verði seld lóð undir húsið og 5 álnir út frá því á alla vegu

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

134

fyrir 50÷12 = 38 a. feralin hverja, þar sem byggingarnefnd og bæjarverkfræðingur ákveður, en samþykki byggingarnefndar þarf að fá til byggingarinnar og ákveg at gjöra að hússtæðinu áður en byrjað er á byggingunni.

4º

Frestað að þessu sinni að gjöra tillögu um erfðafestubeiðni Gudm. Kr. Eyjólfssonar.

5º

Jón Jóhannesson, Laugaveg 69, sækir um að fá á erfðafestu sem svarar 3 dagsláttum í landinu fyrir vestan veginn að Laugarnesi. Bæjarstjórnin hefur áður neitað að láta land þetta og nefndin leggur enn til að beiðninni verði synjað. Þótt lítið horn af landspildunni vestan Laugarnesvegarins og áfast hinu umbeðna landi

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hefur verið látið til skógræktartil-
rauna. – Og hepnist þær tilraunir
yrði það til prýðis að gróðursetja
skóg í allri þessari landspildu.
Enda væri ekki nú tiltökumál að
láta meira af landinu en ca. 1½
dagsl. á erfðafestu þar sem nokkur
hluti landsins er ógrafið móland
og meiri mór tekinn þar nú, en
annarsstaðar í landi bæjarins. –

6°

Valdemar Árnason biður um að
fá 1½ dagsl. fyrir neðan Skíðabraut-
ina á erfðafestu. Um land þetta
hefur áður verið neitað, þar sem
það er ætlað undir veg og vill
nefndin að beiðninni verði enn
synjað. –

7°

K. F. U. M. biður um að fá á leigu
eða erfðafestu c. 3 dagsláttur af Grjót-
holti með umliggjandi móum

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

milli gamla vegarins að sundlaug-
inni og vegarins að þvottalaugunum.
Nefndin leggur til, að fjelaginu
verði veitt land þetta afgjaldslaust
í næstu 5 ár, en að öðru leyti með
venjulegum erfðafestuskilmál-
um. - Ræktunartíminn verði þá
10 ár. -

8°

Geðveikrahælið fer þess á leit
að fá ca. 3 dagsl. landspildu
norðan við girðingu hælisins
til garðræktar. -
Land það, sem beðið er um
er graslaus melur og mundi
beitarlandið ekkert skerðast þótt
spilda þessi verði tekin úr því
til garðræktar. Geðveikrahælið
vantar hinsvegar land, er vel sje
fallið til garðræktar, og leggur
því nefndin til, að það fái hið
umbeðna land á erfðafestu. -

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ræktunartíminn verði ákveðinn 6 ár
að meðtöldu girðingarárinu. —
Fleira gjörðist ekki. —
Fundi slitið
Páll Einarsson.
Arinbj. Sveinbjarnarson. Jón Jensson

Ár 1911 þ. 15. ág. kom fasteignanefndin
saman á fund á skrifstofu borgar-
stjóra. Allir nefndarmennirnir á
fundi og bæjarverkfræðingurinn.
Gjörðist þá á fundinum það er
hér segir:

1º

Erfingjar H. Andersen bjóða bæjar-
stjórninni forkaupsrétt að svo-
nefndu Schoustúni, án bygginga,
fyrir 9000 kr. Landið er ca. 13 dag-
sláttur að stærð. Nefndin leggur
til, að forkaupsrétti verði hafnað. —

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

2º

Einar Helgason garðyrkjumaður biður um að fá á erfðafestu með venjulegum kjörum ca. 10 dagsl. úr Vatnsmýrinni sunnan af landi gróðrarstöðvarinnar milli þess og útmælingar Eggert Briems.
Nefndin leggur til, að honum verði látið land þetta á erfðafestu, með hinum sömu afbrigðum frá hinum almennu erfðafestuskilmálum, sem Eggert Briem fékk landið í Vatnsmýrinni, en alla ekki. Sé ræktunartíminn að undanteknu girðingarárinu 6 ár. –

3º

Var á ný tekin til athugunar beiðni fiskiveiðafélagsins "Alliance" um að fá norðurhlutann af Ívarsselstúni á leigu og leyfi til að breyta honum í fisk –

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

þóknunarseit. Meiri hluti nefndarinnar vill halda við tillögu nefndarinnar á fundi 1. þ.m. með þeirri breytingu, að leigutíminn verði ákveðinn 20 ár og að í staðinn fyrir orðin „byggingar“ í c. lið tillögunnar komi „mannvirki“.

Minni hluti nefndarinnar vill hinsvegar að leigutíminn sé ákveðinn enn styttri eða afgjaldið hækkað eftir því sem nánara verður gerð grein fyrir munnlega á bæjarstjórnarfundinum.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið.

Páll Einarsson.

Arinbj. Sveinbjarnarson  Jón Jensson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1911 þ. 4. september kom fasteignarnefndin saman á fund á skrifstofu borgarstjóra. Allir nefndarmennirnir á fundi og bæjarverkfræðingurinn. Gjörðist á fundinum það er hér segir:

1.

Var rætt frumvarp til samnings milli bæjarstjórnarinnar og h/f. P. J. Thorsteinsson & Co. um leigu á Eiðsgranda og samþykt af nefndinni sem tillaga hennar til bæjarstjórnarinnar.

2.

Borgarstjórinn lagði fram eftirrit af samningi um leigu á Stóra-Selstúni og athugaði nefndin að 3. gr. samningsins er svohljóðandi: „Ef bæjarstjórn Reykjavíkur þarf á leigutímanum að nota nokkurn hluta af túninu til bygginga eða annars, eða vill afhenda það öðrum til annarar notkunar en leigutíðaafnota, er leigutaka skylt að afhenda bæjarstjórninni þann hluta túnsins er hún þarf, en afgjaldið lækkar þá eftir mati óvilhallra manna.“
Samkvæmt þessu er ekkert því til fyrirstöðu að spildur af túninu verði leigðar til stakk-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

staðisgerðar og fiskþurkunarreita og nefndin er því meðmælt, að eins að þess verði gætt að sú leiga ekki hindri eða tálmi sölu byggingarlóða, einkum meðfram Framnesvegi. Hinsvegar þykir nefndinni ekki næg ástæða til að bjóða út túnið til fiskþurkunarreita.

3.

Eigendur Norðurmýrarbletts № 2 fara þess á leit að mega breyta 1000 ferálnum af erfðafestulandinu í byggingarlóð, og að þeir megi selja lóð þessa, er liggur við fyrirhugaða hringbraut og við fyrirhugaða framlengingu Grettisgötu. ⁄

4.

Páll Erlingsson sundkennari sækir um að fá á erfðafestu sem svarar 1 hektar fyrir norðan laugalækinn í viðbót við land það, er hann nýlega hefir fengið sunnan lækjarins.

Nefndin leggur til að beiðninni verði að svo komnu synjað. Hann er enn ekki byrjaður að rækta land það, er honum var úthlutað á þessu sumri, enda liggur hið umbeðna land innan girðingarinnar um hestabeitarlandið, er nefndin ekki vill skerða meðan enn er land að fá í Kirkjumýrinni

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

5.

Nefndin frestaði að gjöra tillögu um beiðni Guðm. Kr. Eyjólfssonar um erfðafestuland í Norðurmýrinni, sem að nokkru leyti er á svæði því, sem haldið hefir verið eftir undir veg, en vill fá gjört kort af Norðurmýrinni með afmörkuðum erfðafestulöndunum og ákveðin vegarstæði um og yfir mýrina.

6.

Guðmundur Einarsson, Framnesvegi 1a. biður um að fá á erfðafestu til garðræktar 1000 ferfaðma af Melunum fyrir sunnan land Guðm. Kristjánssonar og Gísla Finnssonar. Nefndin leggur til að beiðni þessari verði synjað, en hyggst muni geta vísað umsækjanda á land á leigu til kálgarðsræktunar annarsstaðar á Melunum, honum hagfelt.

Fleira gjörðist ekki.

Fundi slitið

Páll Einarsson

Nefndin leggur til að bæjarstj. samþykki þetta, með því skilyrði að 20% af kaupverðinu greiðist bæjarsjóði og að eftirgjald verði greitt af lóðinni áður en byrjað verður að byggja á henni.

Ár 1911. 19. september kom fasteignanefndin á fund á skrifstofu borgarstjóra.

1. Málinu um leigu á Eyðsgranda var frestað eftir ósk hlutaðeiganda.
2. Viðvíkjandi stakkstæði á Stíraselstúni var bæjarverkfræðingnum falið að gera uppdrátt að svæðinu vestan Framnesvegar frá Vesturgötu að Bráðræði.
3. Bæjarstjórnin hefir vísað aftur til nefndarinnar beiðni Sigurðar Björnssonar um breytingu á byggingarlóð á 1000 □ áln. í Norðurmýrarbletti Nr. 2, er hann óskar að selja á 75 au. hverja □al. (samanber fundarg. 4. sept. 3. lið).
Nefndin heldur fast við þá tillögu er hún gerði á síðasta fundi; og það því fremur ~~frá~~ sem fyrri eigendur túnsins hafa áður fengið leyfi til að leggja götu yfir túnið sem framhald Grettisgötu.
4. Marie Jonsson vill selja Tómasi slátrara Tómassyni Bergstaðastr. 11, 37 álnir af erfðafestulandi sínu við Óðinsgötu, Neðriholtsblett fyrir 25 Kr.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Nefndin vill leita þess gegn 20% gjaldi í bæjarsjóð.

5. Finnur Jónsson Bræðraborgarstíg 5, biður um útmælt svæði til ræktunar á melunum. Nefndin vísar þessari beyðni til athugunar bæjarverkfræðingsnum.

6. Guðrún Kráksjartsdóttir Laugaveg 48, biður um undanþágu að byggja bæ á erfðafestulandi sínu við Gardamýri; málinu frestað.

Á fundinum mætti ekki Jón Jensson.

Fleira gjörðist ekki. Fundi slitið.

Arinbj. Sveinbjarnarson. K. Zimsen. settur.

Ár 1911 þ. 2 október kom fasteignanefndin saman á fund á skrifstofu borgarstjóra, og gjörðist það sem hjer segir.

1. Finnur Jónsson Bræðraborgarstíg 5 fer fram á að fá útmælt til ræktunar skák á Melunum fyrir sunnan nýja línuna og vestan Kirkjugarðinn, skákinni c. 1850 □m. að stærð, en þar sem fyrirhugað er að leggja götu (Garðastr.) meðfram Kirkjugarðinum, vill nefndin ekki láta

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hans á erfðafestu. Aftur á móti vill nefndin
mæla með því að honum sje leigð spildan til
garðræktunar fyrir 10 Kr. árgjald með 3. mánaða
uppsagnarfresti.
2. Tryggvi Gunnarsson og Ásgeir Sigurðsson
hafa farið fram á að breyta í byggingarlóð
spildu við Melkotstúni fyrir norðan Íshús-
ið, stærð lóðarinnar er 2628½ □ al. og sölu-
verðið 3285 Kr.; nefndin mælir með þessari beiðni,
gegn því að 20% af söluverðinu greiðist í
bæjarsjóð, jafnframt því vill nefndin gera
það að skilyrði að ~~götunni sje~~ breytt sje í bygg-
ingarlóð veginum fyrir vestan lóðina.
3. Jóhannes Magnússon biður forkaups-
rjett á Melstaðabletti og Bráðræðisbletti
er hann ætlar að selja H. P. Duus fyrir 1950 Kr.,
nefndin leggur til að forkaupsrjetti verði
hafnað.
4. H. P. Duus fer fram á að mega breyta fram-
angreindum blettum (Melstaðabl. og Bráðræðisbl.)
í lóð til fiskverkunar með byggingum; nefndin
mælir með því að þetta verði leyft með þeim
sömu skilyrðum sem voru sett ~~með Íshúsinu~~

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

~~blett~~ um breitingu á Ánanaustablett í byggingarlóð, á fundi bæjarstjórnarinnar 15. júní síðastliðinn.

Jón Jensson mætti ekki á fundinum.

Fleiri mál komu ekki til umræðu, fundi slitið.

K. Zimsen.
settur.

B. Jónsson. Sveinbj. Sveinbjarnarson.

Ár 1911. 16 okt. kom fasteignarnefndin saman á fund í skrifstofu bæjarstjóra; allir nefndarmenn mættir ásamt bæjarverkfræðingnum.

1. 4. lið fasteignarnefndargerðar frá síðasta fundi sem bæjarstjórnin vísaði aftur til fasteignarnefndarinnar til álita, fól nefndin bæjarverkfræðingnum til ~~uppdráttar~~ þess að gera uppdrátt að lóðunum og tillögur um götur yfir þau.
2. Guðm. Einarsson Framnesveg 1. A. biður um land til garðræktar, 2500 □ al. vestanvert við Sauðgerðistún; beiðni þessari var vísað til athugunar bæjarverkfræðingsins.
3. Jón Jónsson Eyvík sækir um Stakkstæði til

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

erfðafestu, land það sem hann biður um er uppaf útmælingu Jóns Tómassonar á Grímsstaðaholti.

Nefndin mælir með beiðni hans, með venjulegum erfðafestuskilmálum, Ræktunartíminn sje 6 ár að meðtöldu girðingarárinu.

Fleira kom ekki til umræðu. Fundi slitið.

K. Zimsen.
settur.

Jón Jensson  Arinbj. Sveinbjarnarson.
Bjarnason.

Ár 1911 þ. 5. des. kom nefndin saman á fund á skrifstofu borgarstjóra. Allir nefndarmennirnir á fundi nema Arinbjörn Sveinbjarnarson. Gjörðist þá það er hjer segir:

1°

Með skírskotun til fundargjörða 4. sept. og 16. okt. leggur nefndin til að Guðmundi Einarssyni Fram-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

nesvegi 1A. verði látið á leigu til
kálgarðsræktunar c. 2000 ferálnir
vestanvert við Sauðagerðistún, en
austanvert við erfðafestuland Þor-
steins Jónssonar járnsmiðs, með
6 mánaða uppsagnarfresti og 8 kr.
árlegu eptirgjaldi. -

2°

Nefndin leggur til, að Jóni Einarssyni
Bræðraborgarstíg 19 verði látið á leigu
til kálgarðsræktunar c. 1200 ferálnir
austanvert við Sauðagerði og sunnan-
vert við Einholt, með 6 mánaða
uppsagnarfresti og 6 króna árlegu
eptirgjaldi. -

3°

Nefndin leggur til, að Sigríður Hróbjarts-
dóttir verði undanþegin því að
byggja bæ á erfðafestulandi hennar
á Grímsstaðaholti. -

4°

Ólafur Jónsson, Laugalandi, sækir
enn á ný um að fá erfðafestu

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

c. 10 dagslåttur meðfram Laugarlæknum. Á fundi bæjarstjórnarinnar 7. júlí þ.á. var honum að svo komnu synjað um land þetta, af því hann hefur einnig erfðafestuland, sem ekki er komið í rækt svo og af því beitilandið mundi rýrast, ef land þetta verður látið á erfðafestu. Af sömu ástæðum leggur nefndin einnig nú til að beiðninni verði synjað.

5.

Erindi Steingríms Jónssonar, Grettisgötu 39, um að fá á leigu til stakkstæðis lóð austan vert við lóð № 19 við Frakkastíg. ~~Erindinu~~ vísað til athugunar bæjarverkfræðingsins.

Fleira gjörðist ekki. –

Fundi slitið

Páll Einarsson

Jón Jensson

B. Jónasson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1911 þ. 19. des. kom fasteignanefndin saman á fund á skrifstofu borgarstjóra. Bæjarfulltrúa Jón Jensson vantaði á fundinn. Fór þá fram það er hjer segir:

1º

Ólafur Eiríksson, Vesturgötu 26 býður bæjarstjórninni forkaupsrjett að erfðafestulandi, er honum hefur verið útmælt á þessu ári – við Kaplaskjólsveg, en land þetta ætlar hann ella að selja öðrum fyrir 100 krónur. Nefndin leggur til að forkaupsrjetti verði hafnað. –

2º

Þórður Breiðfjörð biður um að mega sprengja nokkra steina í Þorgrímsholtsbletti og flytja burt. Nefndin leggur til að honum verði veitt leyfi til þessa með því skilyrði að hann fylli aptur holurnar eptir steinana og þekji yfir eða

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

gangi svo frá þeim, sem bæjarverk-
fræðingurinn segir fyrir.

3°

Steingrímur Jónsson, Grettisg. 39, biður
um at fá lóð á leigu til stakkstæð-
is austanvert vit No 19 vit Frakka-
stíg. Leggur nefndin til at honum
verði látin á leigu til stakk-
stæðisnotkunar lóð vit hliðina
á lóð þeirri, er Magnúsi Magnús-
syni og Sigurði Halldórssyni hefur
verið leigð til stakkstæðisgerðar.
Afgjald venjulegt gjald af
óbyggðri lóð og at öðru leyti með
venjulegum kjörum.

4°

Guðmundur Guðmundsson, Bræðra-
borgarstíg 18 biður um at fá til
ræktunar lóðarblett vit landa-
mæri Reykjavíkur og Lambastaða.
Erindinu vísað til bæjarverkfræð-
ingsins til rannsóknar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

5°

Til bæjarverkfræðingö var einnig vísað beiðni Margrjetar Jónsdóttur Balskasley 5, um að fá til kálgarðsræktunar lóðarspildu vá-lægt Akurgerði. –

6°

Var lesið og athugað erindi P. J. Thorsteinsson & Co um skilmála fyrir leigu á Eiðsgranda en frestað að gjöra endanlega tillögu um það að þessu sinni.

Fleira gjörðist ekki
Fundi slitið. –

Páll Einarsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1912 þ. 2. janúar átti fasteignar-nefndin fund með sjer á skrifstofu borgarstjóra. Allir á fundinum nema Arinbjörn Sveinbjarnarson. Gjörðist á fundinum það er hjer segir:

1°

Guðmundur Guðmundsson, Bræðraborgarstíg 18 biður um að fá útmældan til ræktunar lóðarblett c. 1/2 dagsláttu við landamæri Seltjarnarneshrepps og Reykjavíkur. Nefndin leggur til að honum verði leigður blettur þessi til kálgarðsræktunar fyrir 5 kr. eptirgjald en að öðru leyti með venjulegum erfðafestukjörum. Ræktunartími 3 ár.–

2°

Margrjet Jónsdóttir Bakkastíg 5 biður um að fá til kálgarðsræktunar lóðarspildu milli túns Sigurbj. Á. Gíslasonar og Akur-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ekkert vantar

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ekkert vantar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

156

gerðið, en áfasta kál garði hennar þar. Nefndin leggur til að henni verði látin lóð þessi á leigu til kálgarðsræktunar fyrir eftirgjald sem af óbyggðri lóð og með 6 mánaða uppsögnarfresti af hálfu bæjarstjórnar. –

3°

Björn Jónsson, Bræðraborgarstíg 37, biður um að fá á erfðafestu landspildu á melunum fyrir sunnan tún Ásgeirs Sigurðssonar. Nefndin álítur ekki rjett að festa land þetta að svo komnu og girða fyrir leiðina sunnan vert við túnið og leggur því til að umsækjanda verði synjað að svo komnu um landið. –

4°

Guðm. Guðmundsson frá Vegamótum beiðist leyfis til þess að breyta í byggingarlóð 439 ferálnum

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

úr Norðurholtsbletti (við Njálsgötu), er hann tjáist ætla að selja fyrir 60 aura feralin hverja. Nefndin leggur til, að bæjarstjórnin hafi forkaupsrjetti að lóðarspildu þessari og heimili að breyta henni í byggingarlóð og selja öðrum, með því skilyrði að 20% af andvirðinu greiðist í bæjarsjóð. –

Fleira gjörðist ekki
Fundi slitið
Páll Einarsson
Jón Jensson

Ár 1912 þ. 30. jan. átti fasteignarnefndin fund með sjer á skrifstofu borgarstjóra. Allir á fundi. –

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Lagt var fram erindi frá Pjetri Ingimundarsyni smiðskana dags. 21. þ. m., þar sem hann býður bæjarstjórninni forkaupsrjett að hans helmingi úr erfðafestulandi hans og Helga Jónssonar á Kringlumýri, en land þetta ætlar hann að selja Jóni Zoëga. -

Nefndin leggur til að forkaupsrjetti verði hafnað. Verðið er 450 kr.

Fleira ekki tekið fyrir

Fundi slitið

Páll Einarsson

Jón Jensson Arinbj. Sveinbjarnarson.

Ár 1912 þ. 6. febr. kom fasteignanefndin saman á fund á skrifstofu borgarstjóra. Fór þá fram sem hjer segir:

1°

X Var lagt fram erindi Jes Zimsens kaupmanns dags. 15. f. m., þar sem hann fer þess á leit að fá leigða

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

eina dagsláttu á suðurhallinum
Kletti við Viðeyjarsund fyrir lýsis
bræðslustöð.–
Nefndin mælir með því, að um-
sækjanda verði leigð til 30 ára 1 dag-
slátta á umgetnum stað fyrir 50
króna árlegt eftirgjald og að auki
venjulegt gjald af byggðri lóð. Sé
leigjanda heimilt að byggja báta-
bryggju fram af landinu til afnota
fyrir bræðslustöðina að eins og gjöra
veg af Kleppsveginum niður á
sjávarbakkann. Leigulandið útmæl-
ist af bæjarverkfræðingnum í
samráði við fasteignanefndina.–
Nefndin vill þó, að það skilyrði
verði sett, að ekki megi bræða þegar
vindur stendur á Laugarnesspítala.
2°
Villy. Bjarnason biður um að mega
breyta í byggingarlóð 300 ferálnum
úr Rauðará við Laugaveg, en
lóð þessa ætlar hann að selja

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Kristni Ásgrímssyni steinsmið fyrir
75 aura hverja feralin. Nefndin mælir
með því að þetta verði leyft með því
skilyrði, að 20% af kaupverðinu verði
greitt í bæjarsjóð, og mæli bæjarverk-
fræðingur út lóðina, þannig að ekki
komi í bága við fyrirhugaða götu.

Fleira gjörðist ekki

Fundi slitið

Páll Einarsson

Jón Jensson    Arinbj. Sveinbjarnarson

Ár 1912 þ. 5. marz kom fasteigna-
nefndin saman á fund á skrif-
stofu borgarstjóra. Gjörðist þá það er
hjer segir:

1°

Borgarstjóri tilkynnti að hann
hefði fengið ~~boð~~ símskeyti frá Dowell
í London um að tilboð sje fengið
um að leigja Elliðaárnar næsta

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

sinnar fyrir 400 L. Nefndin leggur til að tilboðinu verði tekið.-

2°

Emil Strand sækir um að fá leigða lóð austan við lóð þá, er sláturhús Jóns Þórðarsonar stendur á. Nefndin er því ekki mótfallin að honum verði leigð lóðin um mestu 6 mánuði fyrir 20 króna eptirgjald.-

3°

Nefndin sjer ekki ástæðu til að breyta tillögu sinni frá síðasta fundi, um að leyfa Villhjálmi Bjarnasyni að selja sem byggingarlóð 2400 ferálnir úr erfðafestulandi Rauðarár.-

4°

Beiðnum Jóhanns kaupmanns Jóhannessonar og Árna Jónssonar á Grímsstöðum um að fá erfðafestuland í Vatnsmýrinni var vísað til bæjarverkfræðingsins til athugunar.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Heim gjörtist ekki. – Á fundinum
vantaði Knud Zimsen. --
Fundi slitið
Páll Einarsson.
Arinbj. Sveinbjarnarson. B. Bjarnason.

Ár 1912 þ. 19 marz kom fasteignanefndin saman í fundarsal í skrifstofu borgarstjóra. Allir nefndarmenn á fundi og bæjarverkfræðingurinn. Gjörðist þá á fundinum það er hér segir:

1.

Lagðar voru fram og teknar til athugunar beiðnir Jóhann kaupm. Jóhannessonar og Árna Jónssonar á Brunnstöðum um að fá erfðafestulönd í Vatnsmýrinni vestanverðri, en frestað var að gera tillögur þeim viðvíkjandi, þar til nánari samningaumleitanir hefðu farið fram.

2.

Sveinn Jónsson, Bergstaðastíg 10, fer þess á leit að fá á erfðafestu landspildu norðan og

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

austanvert við þjóðv. í Kaplaskjóli, sem er ca. 2 dagsl. að stærð.
Nefndin leggur til að honum verði látin landspilda þessi á erfðafestu með venjulegum erfðafestuskilmálum. Þó sé eftirgjaldslausi tíminn 5 ár að meðtöldu girðingarárinu.

3°.

Vilhjálmur Bjarnason, Rauðará, sækir um að mega breyta 400 ferálnum úr Rauðarárlandi, vestanvert við No 115 - við Laugaveg í byggingarlóð og selja hana Kristni Ásgrímssyni fyrir 75 a. hverja feralin. Er ætlast til að lóðin verði 23 álnir á lengd meðfram götu og ca. 17½ á dýpt. Hefir bæjarverkfræðingurinn athugað, að bygging á þessum stað kemur ekki í bága við fyrirhugaðar götur.
Meiri hluti nefndarinnar (B. E. og J. Z.) mælir með því að breytingin á lóð og salan verði leyfð með því skilyrði, að 20% af andvirðinu greiðist í bæjarsjóð. Einn úr nefndinni vill því að-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

eins leyfa þessa breytingu á byggingar-
lóð, að lóðin verði ákveðin minst 16 álnir
meðfram götu og 25½ alin í dýpt.

4o.

Lögð var fram beiðni frá nokkrum húseigendum um að fá Skjálgarðann innan Laugarnesgirðingarinnar afgirta til kúabeitar í útitúnum fyrir sig. Frestað var að gera tillögur um málið.

5o.

Var lagt fram bréf Jóhannesar Magnússonar dags. 29. sept. f. á., þar sem hann fer því á leit að mega afsala í hendur H. P. Duus erfðafestulöndunum Melstaðabletti og Bráðræðisbletti fyrir sama verð og hann hefir keypt þau, en kaupverð Melstaðabletts var 1000 kr., og Bráðræðisbletts 950 kr. — Leggur nefndin til, að bæjarstjórnin hafni forkaupsrétti að löndum þessum og leyfi sölu þeirra.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

6.

Lagt var fram og tekið í leið til athugunar bréf frá H. P. Duus dags. 29. f. m., þar sem farið er á leit að mega breyta Bráðræðisbletti og Melstaðsbletti í fiskverkunarreit og byggja þar hús til afnota við fiskverkunina og til fisks geymslu. Þegar félagið „Alliance“ sótti um samskonar leyfi að breyta erfðafestulandinu Ananaustbletti í fiskverkunarreit, samþykkti bæjarstjórnin á fundi 15. júní f. á. að það skyldi veitt með þessum skilyrðum:

a) Að 1/5 hl. kaupverðsins, 1400 kr., sé greitt í bæjarsjóð. Bls 1400 [illegible]

b) Að bænum sé áskilinn réttur til að fá ókeypis á sínum tíma það af blettinum, sem nauðsynlegt er til vegalagningar til almenningsþarfa, en að kaupendurnir fái þó eigi alt svæðið til afnota unz slíkir vegir kunna að verða lagðir

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

c) Að ekki megi nota lóðina til
annars en fiskiverkunar og til
bygginga, er þarf til þeirrar
atvinnu eða geymsluhúsa fyrir
fisk, nema til komi leyfi
bæjarstjórnar."
Var jafnframt ætlast til, að sömu
skilyrði gætu látin gilda fyrir aðra,
er leyfi fengju til að leigja erfða-
festulandi í fiskþurkunarreit.
Var það því tillaga nefndarinnar
að H. P. Duus verði veitt leyfi
með þessum sömu kjörum.

7°

Erindi H. P. Duus dags. í gær um
að fá leyfi til að byggja bólverk til
varnar sjávarágangi og byggja fram
af landi því, er ræðir um í 6. lið,
álitið heyra undir hafnarnefnd og
vísað til þeirrar nefndar.

8°

Lagt fram og athugað erindi
H. P. Duus dags. í gær, en í erindi þeim

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Þar finnast þeir í leit að fá vestur-
hornið af Stóra-Selstúni, 2–3 dagsl.
ásamt Selsgrunds áleigu um
næstu 30 ár, til fiskverkunar.
Þvertók að gera hinsvegar sem svari
þetta, því til bæjarverkfræðingsins
hefði. Var uppdráttur af landinu og
nefndin hefði tekið því til að athuga
staðhætti.

Fleira gjörðist ekki.
Fundi slitið.
Páll Einarsson
Arinbj. Sveinbjarnarson. [illegible]

Rjetta innfærslu vottar
Páll Einarsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1912, þ. 9. april, kom fasteigna-
nefndin saman á fund í skrifstofu
borgarstjóra. Allir nefndarmennirnir
á fundi og bæjarverkfræðingurinn.
Gerðist á fundinum það er hér segir:

1º

Tekin á ný til athugunar beiðni
Jóhanns kaupmanns Jóhannessonar
um að fá land á erfðafestu í Vatns-
mýrinni. Leggur nefndin til að honum
verði látin á erfðafestu ca. 7 ha. vestan-
vert við erfðafestuland Eggert Briem
og með sömu skilmálum og honum,
að því viðbættu að honum sé skylt
að gera framræsluskurð með öllum
vestur og norður jaðri landsins, en land-
eigendum að vestan og norðan við
landið sé heimilt að gera þverskurði
í þá sínum löndum og nota til fram-
ræslu. Ræktunartíminn sé 7 ár.

2º

Athuguð á ný beiðni Árna Jónssonar
á Grímsstöðum um að fá á erfða-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

festu ca. 3 dagslátta úr Vatnsmýrinni. Leggur nefndin til að honum verði látin í erfðafestu 1 hektar vestanvert við land það, er Jón. Jónasarsyni er ætlað sam[k]v. 1º og syðst við landamerki Skildinganess. Sé erfðafestu-skilyrðin hin sömu sem Eggert Briem hefir fengið og ræktunartíminn 6 ár að girðingarárinu meðtöldu.

3º

Var sótt og athugað erindi Páls Magnússonar og Kristófers Sigurðssonar um að fá málmleitunar- og námurétt í Vatnsmýrinni.

4º

Bjarni [?] Magnússon býður forkaupsrétt að erfðafestulandi sínu í Kirkjumýrinni, er hann ætlar að selja Jónasi Jónassyni fyrir 400 kr. — Nefndin leggur til að forkaupsrétti verði hafnað.

5ta

Jón Zoëga býður forkaupsrétt að

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

erfðafestulandi því, er hann segist hafa keypt af Pétri Ingimundarsyni, en land þetta ætlar hann að selja Páli skólastjóra Halldórssyni fyrir 2400 kr. — Nefndin leggur til að forkaupsrétti verði hafnað.

6.

Sigurður Sigurðar býður forkaupsrétt að 1/2 erfðafestulandinu Leynimýri, er hann ætlar að selja Jónatan Þorsteinssyni með byggingum fyrir 6.500 kr. — byggingarnar 2000 kr. og landið 4.500 kr. — Leggur nefndin til að forkaupsrétti verði hafnað.

7.

Valentínus Eyjólfsson og M. Magnússon biðja um að fá í erfðafestu landskika austan og sunnan við Félagstún austur að Sölutjarnarlandi og um að mega breyta því í fiskverkunarreit og ennfremur að fá leigðan part af Sölutjarnargrunni. Nefnd að gera tillögu um málið.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

8°

Var lesið erindi frá formanni jarðræktafélags Reykjavíkur dags. 9. þ.m., en í erindi þessu er þess farið á leit að sauðfé verði smalað úr bæjarlandinu og það rekið til afréttar á sumrum í sumar. Nefndin vill leggja það til, að þetta sé gert á sumrum næsta sumar og að vörzlumanni verði fyrirskipað að gera sitt ýtrasta til að verja garða og ræktað land bæjarbúa fyrir ágangi sauðfjár.

9°

Nokkrir kúaeigendur sækja um að fá afgirta til beitar fyrir kýr sínar „Skjólgarðana“ úr Laugarnesgirðingunni næsta sumar. Meiri hluti nefndarinnar leggur til að beiðni þeirra verði tekin til greina með því skilyrði, að umsækjendurnir kosti sjálfir girðinguna, en bæjarstjórnin eigi kauprétt í og umsækjendur greiði í hagatoll 7 kr. fyrir hverja kú. – Borgarstjóri leggur til að

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

beiðninni verði synjað.

10.

Var lesið erindi Daniel Strand dags. 19. jan., þar sem hann hafnar tilboði bæjarstjórnarinnar um leigu á lóð austan við sláturhús Jóns Þórðarsonar, en lóð þessa mætti hann fá um nokkra 6 mánuði fyrir 20 kr. eftirgjald. Vill hann nú fá lóð þessa til [illegible] tilkomu, annaðhvort afgjaldslaust eða þá gegn 10 kr. eftirgjaldi um nokkur 5 ár eða þá til 3ja ára með eins árs uppsagnarfresti. — Nefndin álítur að ekki getið komið til mála að sinna að neinu málaleitan þessari.

Fleira gjörðist ekki.
Fundi slitið.

Páll Einarsson

K. Zimsen

Arinbj. Sveinbjarnarson.

Þ. Bjarnason.

Ár 1912 þ. 15. april kom fasteigna-nefndin saman á fund á skrifstofu borgarstjóra. Allir nefndarmennirnir á fundi og bæjarverkfræðingurinn. Fór þá fram það er hjer segir:

1°

Nefndin mælir með því, að Jóni Jónssyni í Eyvik verði leyft að breyta 378 ferálnum = 151 fermetr. af erfðafestulandi hans á Grímsstaðaholti í byggingarlóð, með því skilyrði að greiddar verði í bæjarsjóðinn 95 aurar fyrir hvern fermeter (38 a. fyrir feralin). –

2°

Beiðni H. P. Duus um að fá á leigu Selsgranda og part af Selsteini vedd en ekki gjörð tillaga að svo komnu. –

Fleira gjörðist ekki.

Fundi slitið

Páll Einarsson

Arinbj. Sveinbjarnarson. K. Zimsen.

B. Jónsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1912 þ. 30. apríl kom fast-
eignanefndin saman á fund á
skrifstofu borgarstjóra. Allir nefndar-
mennirnir á fundi og bæjarverkfræðing-
urinn. Gjörðist á fundinum það er
hjer segir:

1°

Var lögð fram beiðni frá H. P. Duus
dags. 18. f. m. um að fá á leigu
um næstu 30 ár 2-3 dagsláttur af
Stóra-Selstúni ásamt Selsgranda
og leyfi til að gjöra stakkstæði á lóð-
inni og byggja ef þörf gjörist, og enn-
fremur erindi sama firma að fá
undir stakkstæði sunnan við Mel-
staðablett neðanverðan lítið lóðar-
stykki þar. Hefur bæjarverkfræðingur-
inn gjört uppdrátt af landspildum
þessum þremur, og var sá uppdráttur
lagður fram. Samkvæmt honum
er stærð þessara þriggja land-
spildna þessi:

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| | | |
|---|---|---|
| 1, | Hluti úr Stóra-Selstúni | 7877,62 m² |
| 2, | Selsgrandi | 1859,67 m² |
| 3, | Lóðarspilda við Melstaðablett | 343,71 m² |
| | Samtals = | 10081,00 m² |

Nefndin leggur til að H. P. Duus verði leigt land þetta og leyft að breyta því í stakkstæði undir þessum skilmálum:

1) Leigutíminn sje 30 ár frá 1. júní næstkomandi að telja. Að þeim tíma liðnum sje leigjandi skyldur til að taka burtu bænum að kostnaðarlausu mannvirki þau, er gjörð hafa verið á landinu, ef bæjarstjórnin krefst þess.

2) Landið leigist að eins til fiskþurkunarreita, og bygginga húsa, er notuð ~~eru~~ eru við fiskverkunina, en leyfi til bygginga þarf í hvert sinn að fá hjá byggingarnefnd og bæjarstjórn. Og verði byggingar reistar á landinu greiðist auk leigunnar venjulegt gjald af bygðri lóð, samkvæmt lóðargjaldalögunum.–

3, Bærinn hafi rjett til að leggja vegi og sporbrautir yfir landið og byggja á

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

landinu byggingar, er bærinn
sjálfur þarfnast án annars endur-
gjalds til leigjanda en tiltölulegrar
niðurfærslu í afgjaldinu. –
4, Leigan sje 200 kr. á ári og greiðist
1. okt. ár hvert. –
5, Leigutaki leggi á sinn kostnað gang-
stíg 2,5 metra breiðan norðaustan
við takmörk landsins niður að
bátauppsátrinu. –

2.

Guðjón Ólafsson Bræðraborgarstíg 2
biður um að fá ½ dagsl. sunnan við
tún sjera Jóhanns Þorkelssonar. Land-
spilda þessi liggur við eða jafnvel að
nokkru leyti á því svæði, sem hin fyrir-
hugaða hringbraut á að liggja. Leggur
nefndin því til að beiðninni verði synjað,
enda hefur öðrum áður verið synjað um
land þetta. –

3.

Valdemar Á. Jónsson, Amtmannsstíg
4 A. sækir um að fá á erfðafestu 2-3

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hektara að sunnanverðu við Lauga-
lækinn austur til við sundlaugarnar.-
Meiri hluti nefndarinnar vill
láta umsækjandanum á erfðafestu
c. 2 hektara á tilgreindum stað, eftir
nánari útmælingu bæjarverkfræðings-
ings, þó þannig að túnið sje eftir
rænu meðfram Laugalæknum að
meðaltali um 50 metra á breidd.
Sje ræktunartíminn 6 ár að meðtöldu
girðingarárinu.-
Borgarstjóri er því mótfallinn að
landið verði látið á erfðafestu.
Fleira gjörðist ekki.-
Fundi slitið.

Páll Einarsson    K. Zimsen
Arinbj. Sveinbjarnarson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

178

Ár 1912 þ. 3. maí kom fasteigna-nefndin saman í fund í skrifstofu borgar-stjóra. Allir nefndarmennirnir á fundi.

Var þá rætt um vörzlu landsins á þessu sumri og viðvíkjandi pen-ingsins í högum og um það gerðar eftirgreindar ályktanir:

Aðalbeitilandið fyrir kýr bæjarmanna verður eins og að undanförnu innan Laugarnesgirðingarinnar og gæzlumaður þar Þórður bóndi Þórðarson í Laugar-nesi með þeim kjörum, sem áður eru ákveðin í byggingarbréfi hans. Réttindi fyrir kýr þá, sem hann hefir í þörum, sín sömu og áður.

Auk þess sé Kringlumýri ætluð til beitar fyrir kýr bæjarmanna, en Sogin ~~sunnan~~ Elliðavegarins sé ætluð fyrir kýr ferðamanna, einkum um vor og haustleitir. En á öðrum tímum sé gæzlumanni heimilt að setja í þau kýr bæjarmanna.

Gæzlumaður fyrir þessi lönd ráðinn

Þorsteinn Þorsteinsson, Laugaveg 58B.
Hestarétt hans er þar.
Til kúabeitar eru ákveðnir Fossvogsmelar [?] og austurhluti Vatnsmýrinnar, og eftirlitsmaður með kúahögunum er Þorsteinn Þorsteinsson.
Þorsteinn Þorsteinsson var og ráðinn til þess að hafa á hendi alla aðra vörzlu landsins frá 1. maí til 15. okt. þ. á. Kaup hans ákveðið 75 kr. í mánuði og að auki 100 krónur fyrir að reka allt sauðfé úr landinu 6 sinnum á ári til afréttar og fyrir að hafa mann um [?] vorleitir og haustleitir í högunum til þess þar að taka í nætur- [?] hestum ferðamanna.
Hagatollur er 3 kr. í mánuði fyrir hvern hest, 5 kr. fyrir hverja kú yfir sumarið og fyrir ferðamanna hesta 10 aura [?] fyrir hvern hest yfir sólarhringinn eða part úr dægri; gæzlumaður innheimti hagatollinn og afhendi hann bæjargjaldkera jafnóðum.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

nauðsynlegt álítst að aðgreina
Lóðin frá Kringlumýrinni með þver-
(~~grindum~~) girðingu og að setja brúðabyggða-
skyldu í lóðunum handa goðgamanni
um vor- og haustlestir. - Enn fremur
álítst nauðsynlegt að leggja balana
heim til Þorsteins Þorsteinssonar.
Fleira gerðist ekki.
Fundi slitið.

Páll Einarsson
K Zimsen. Árinbj. Sveinbjarnarson

Ár 1912 þ. 13. maí kom fasteignanefndin saman á fund á skrifstofu borgarstjóra. Gjörðist þá það er hjer segir:

1°

Magnús N. Magnússon sækir um að fá útmælda landspildu fyrir sunnan lúu Jóhannes Þorkelssonar. Þetta er sama spildan og Guðjóni

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ólafstúni var neitað um á síðasta fundi. Nefndin leggur til að beiðninni verði synjað.-

2.

Guðmundur Hansson, Hólabrekku biður um að fá á erfðafestu c. 5 dagslátta vestanvert í Vatnsmýrinni. Nefndin leggur til að honum verði látinn þar á erfðafestu c. 2 hektarar eptir útmælingu bæjarverkfræðingsins. Sjeu skilmálar hinir sömu og fyrir löndum E. Briem, en ræktunartíminn 6 ár að meðtöldu girðingarárinu.-

3.

Nefndin leggur til að þvergirðing verði sett til að aðgreina Lögin frá Kringlumýrinni - og að Þorsteini Þorsteinssyni, verzlunarmanni verði látinn fá talsíma, heim til sín yfir verzlunartímann.-

Kn. Zimsen vantaði á

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Jeindinn. —
Fundi slitið
Páll Einarsson
Sveinbj. Sveinbjarnarson. B. Jónasson.

Ár 1912, þ. 4. júní, kom fasteignanefndin saman á fund á skrifstofu borgarstjóra. Allir nefndarmennirnir á fundi og bæjarverkfræðingurinn. Gjörðist á fundinum það er hér segir:

1.

A. J. Johnson bankaritari býður bæjarstjórninni forkaupsrétt að erfðafestulandi hans meðfram Kaplaskjólsvegi en sunnan við tún Pálma Pálssonar. Landið var ákveðið honum til erfðafestu á bæjarstjórnarfundi 16. sept. 1910 og erfðafestubréfið er útgefið 6. febr. 1911. — Erfðafestueigandi hefir alls ekkert gert við landið síðan honum var það útmælt og ekki heldur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

gist þar. Hann hefir því sama d.v. erfðafestubréfinu fyrir gert ótta túnsam til landsins. Leggur nefndin til að bæjarstjórnin ákveði að landið skuli aftur falla til bæjarins, og ætlast nefndin jafnframt til, að umráðagjandi greiði leigu þá af landinu, er fallin í gjalddaga 1. okt. þ. á. sem og kostnað við þinglestur yfirlýsingar um að landið falli aftur til bæjarins.

12°

Guðrún Guðmundsdóttir sækir um að fá á erfðafestu 1 ha. að austanverðu við Laugalækinn. Áður hefir verið leitað um land þetta og leggur nefndin til að beiðninni verði synjað.

13°

Guðjón Ólafsson biður um að fá á erfðafestu 75 X 35 álna svæði umfram túngarði Sandagerðis að sunnan. Nefndin er því mót-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

154

fallinn að landið verði látið í erfðafestu eða á leigu og leggur til að beiðninni verði synjað.

4°

Lesið að gjr. tillögu um beiðni Þórðar L. Jónssonar um að fá á erfðafestu landspildu hjá Rauðarárholti norðan við Vatnsveituveginn.

5°

Pétur G. Guðmundsson bæjarfulltrúi biður um að fá 50-60 faðma stóran reit á leigu þetta sumar til fiskverkunar, en reitur þessi liggur við sjóinn að austanverðu við Frammnesveg. Nefndin leggur til að honum verði leigður að eins þetta sumar til fiskverkunar reitur á þeim stað eftir nánari útmælingu bæjarverkfræðingsins og þannig, að ekki hindri gangur meðfram sjónum, og að notkunin komi ekki í bága við fyrir-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

lengaði lóðina í Framnesvegi niður í fjöruna. Leigan sé 5 kr.
Fleira gerðist ekki.
Fundi slitið.
Páll Einarsson

Kl. Zimsen. Arinbj. Sveinbjarnarson.

Ár 1912 þ. 14 júní kom fasteigna-nefndin saman á fund á skrifstofu borgarstjóra. Allir nefndarmennirnir og bæjarverkfræðingurinn mættir. Gerðist á fundinum það er hér segir:

1°

Thorsteinsson kaupmaður býður bænum forkaupsrétt að erfðafestulandinu Sandvíkurtúni er hann ætlar að selja Þorleifi Guðmundssyni fyrir kr. 1500.00 — Nefndin leggur til að forkaupsrétti verði hafnað.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

2°.

Björn Björnsson, Kirkjubóli, sækir um að fá á erfðafestu landspildu í Norðurmýrinni milli lands Sigmundar Sveinssonar og hans erfðafestulands. Þetta verður ekki látið án þess að skerða mó-landið og þessa samninga frá því, og vill því nefndin láta synja um landið að svo (komnu) stöddu, enda hefir umsækjandi ekki fullræktað land það, er hann hefir þegar fengið á erfðafestu.

3°.

Kristján S. Sigurðsson býður forkaupsrétt að erfðafestulandi hans við Laugalækinn fyrir Kr. 600.00. — Nefndin frestar að gera tillögu um að nota þetta, þar til sérstakar samningsumleitanir hafa farið fram.

4°.

Þeir, sem erfðafestuland hafa fengið í

Kirkjumýrinni, fari þeir í leit, að beitt verði um vegarstæði milli erfðafestulandanna. Nefndin vill verða við þeirri ósk.

5º.

Var tekið til athugunar beiðni Jónasar H. Jónssonar um að bæjarstjórnin láti hlaða upp Tjarnarkantinn fyrir sunnan og austan Báruhúsið og haldi við gangstéttinni þar, en máli þessu hefir bæjarstjórnin vísað til nefndarinnar. Samkvæmt fundarályktun bæjarstjórnarinnar 2. marz 1905 má álíta að eigandi Báruhússins sé einnig eigandi lóðar þeirrar að fríkirkjunni svo sem álnar breiðri ræmu sunnan af lóðinni. — Nefndin leggur til að bæjarstjórnin láti gera við Tjarnarkantinn og haldi við gangstíg ef eigandi Báruhússins skuldbindur sig til að láta lóðarræmuna vera til afnota fyrir almenning, svo lengi sem hún ekki er tekin undir byggingu

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

8.

Jón Magnússon verzlunarmaður og Bjarni Egilsson steinsmiður sækja hvor um sig um að fá erfðafestu-land það, er bæjarstjórnin á síðasta fundi tók af R. J. Johnsen, og um sömu kjörum og hann keypti það. Þar sem Jón Magnússon varða, er ætlaði að kaupa landið af R. J. Johnsen, og hefir á þann hátt sótt um byggja landið, leggur nefndin til að honum verði látið eftir landið, og tekur hann að sér þær sömu skuldbindingar, sem á R. J. Johnsen hvíldu.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið.

Páll Einarsson.

Arinbj. Sveinbjarnarson. Kl. Jónsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1912 þ. 11. júlí kom fasteigna-
nefndin saman á fund í skrifstofu
borgarstjóra. Allir nefndarmennirnir á
fundi og bæjarverkfræðingurinn. Gerðist
á fundinum það er hér segir:

1°

Kristján Sigurðsson (býður forkaups-
rétt að erfðafestulandi hans í Kirkju-
mýrinni, er hann ætlar að selja Helga
Rósinkar. Kaupandinn hefir gengið
inn á að láta bænum eftir neðan sama af
landinu við Laugaveginn gegn því
að fá jafnstóra ræmu áfasta við
landið. Nefndin leggur til að forkaups-
rétti verði hafnað.

2°

Kristófer Egilsson, Davíð Þorsteinsson
og Andrés Egilsson sækja um að fá
á erfðafestu ca. 1 hektar af landi norðan
við Kaplaskjólsveginn við landi
Jóhannesar Magnússonar. Nefndin
leggur til að þeir fái land þetta
eftir nánari útmælingu bæjarverkfræðings.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

með venjulegum erfðafestuskjölunum.
Sé ræktunartíminn 6 ár að
meðtöldu girðingarárinu.

3°

Jón Tómasson Brúnastöðum, sækir
um að fá leigt til 15 ára ca. 1/2 dag-
sláttu fram undan húsi hans í
Brúnastaðaholti, er hann ætlar að rækta
sem fiskverkunarreit. Nefndin leggur
til að honum verði leigður blettur þessi
til 15 ára, þó þannig að bærinn
geti sagt upp leigunni með 1 árs
fyrirvara. Afgjaldið sé ákveðið
kr. 15 - árlega.

vill ekki sæta boðinu.

4°

Guðjón Ólafsson, Bræðraborgarstíg
25, sækir um að fá leigt sem kál-
garðsstæði 75 x 35 svæði sunnan við
Landagerðistún. Leggur nefndin til
að honum verði leigt svæði þetta til
kálgarðsræktunar fyrir 8 kr. árlegt
afgjald og með 6 mánaða uppsagnarfresti

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

5°

J. Paul-Hansen sækir um að fá leigt til 3ja ára dynamitshúsið bæjarins og lofar hann jafnframt að selja bænum dynamit er það þarf fyrir kr. 2.85 kilo.

Nefndin leggur til að honum verði leigt húsið fyrir 40 kr. árlega leigu til þriggja ára, þó þannig að bærinn geti sagt upp leigunni með þriggja mánaða fyrirvara, en þá látið hann fá grunn undir annað hús fyrir það, sem eftir er af tímanum.
Sé það jafnframt skilyrði, að hann selji bænum, meðan hann leigir húsið, dynamit fyrir kr. 2.85 pr. kiló og önnur sprengiefni fyrir fyrirfram ákveðið verð, nema ófyrirsjáanleg verðhækkun eigi sér stað. Sé um þetta gerður skriflegur samningur, er ákveði nánar hin einstöku atriði.

6°

Ákveðið að bærinn skyldi að hafa

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

veitingahúsið í landi bæjarins og krefjast þess, að það, er sótt hefir verið í óleyfi í Elliðaárhólmann, verði tekið burtu.

Fleira gerðist ekki.
Fundi slitið.

Páll Einarsson
Arinbj. Sveinbjarnarson  K. Zimsen.

Ár 1912 þ. 16. júlí kom fasteignanefndin saman á fund á skrifstofu borgarstjóra. Allir á fundi

Gjörðist það er hjer segir:

1°

Frestað að gjöra tillögu um erfðafestubeiðni Björns Jónssonar, Bræðraborgarstíg 37, til þess að nefndin geti athugað legu landsins á staðnum.

2°

Halldór Kr. Þorsteinsson og Þórður J. Jónsson sækja hver um sig um

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

að fá á erfðafestu land norðan við vatnsveituveginn í Rauðarárholtinu. Nefndin vildi athuga staðhætti áður en hún gjörir tillögu um málið og var því þessvegna frestað. –

3°

Afgr. Samþykkt að hvíla skyldi beitilandið í Lögunum fyrst um sinn fram undir ágústmánaðarlok og beita það ekki þann tíma, en hafa ferðamannahestana í Vatnsmýrinni. –

4°

Samþykkt að segja upp ábúð á Bústöðum til næstu fardaga. –

Fundi slitið

Páll Einarsson

Arinbj. Sveinbjarnarson. J. Jónsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1912 þ. 30. júlí kom fasteigna-
nefndin saman á fund í skrifstofu
borgarstjóra. Allir nefndarmenn mættir á
fundi og bæjarverkfræðingur einn.
Gjörðist á fundinum það er hér segir:

1°

Halldór skipstjóri Þorsteinsson sækir
um að fá á erfðafestu land í holtinu
norðan við Vatnsgeymisveginn frá efri
takmörkum lands Péturs Hjaltested
og austur undir húseign Guðmundar
Jakobssonar, eða hérumbil 140 faðma
austur með veginum og ca. 20
faðma upp í holtið.
Annar maður (Hjörtur L. Jónsson) hefir
sótt um að fá á erfðafestu efri hluta
af landi þessu. Leggur nefndin til
að Halldóri Þorsteinssyni verði látið
á erfðafestu með venjulegum kjörum
sá hluti af landi því, er hann biður
um, er takmarkist að neðan af
línu í áframhaldi af neðri línu erfða-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

festulandi Björns Magnússonar frá Engey og að ofan af línu í framhaldi af efri markalínu þess lands; og nái ~~landið~~ landið norður í holtið þangað er bæjarverkfræðingurinn ákveður, þannig að landið verði ca. 2 ha. að stærð. Sé sóttum, er tíminn ákveðinn 5 ár að meðtöldu girðingarárinu.

2°

Þórður S. Jónsson, Þingh.str. 1, biður um að fá á erfðafestu ca. 1 ha. af landi norðvestur við Vatnsveituveginn andspænis túni Einars Jafetssonar í Holti (sbr. 1.)
Leggur nefndin til að honum verði látið land þetta í erfðafestu með venjulegum kjörum eftir nánari útmælingu bæjarverkfræðingsins.
Sé sóttum, er tíminn 5 ár að meðtöldu girðingarárinu.

3°.

Valgerður Pálsdóttir sækir um að fá í erfðafestu 1 ha. af landi norðvestur við

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Einholt. Leggur nefndin til að hann fái land þetta með erfðafestukjörum venjulegum, en með þeirri sérstöku kvöð að auki, að bæjarins geti án endurgjalds lagt veg eða járnbraut yfir landið. Ræktunartíminn sé ákveðinn 5 ár.

4.o

Björn Jónsson, Brædr. 37, biður um að fá á erfðafestu landspildu þeirri sunnan túns Ásgeirs Sigurðssonar í Melunum. Nefndin leggur til að hann fái á erfðafestu ca. 1 ha. í tilgreindum stað eftir nánari útmælingu bæjarverkfræðingsins; þó þannig að skilin verði eftir gangur meðfram túni Andersens að norðan 20 álna breiður. Ræktunartíminn verði ákveðinn 5 ár.

5.o

Frestað að gera tillögur um erfðafestubeiðnir Sveins og Péturs Sveinssona og Jóns Hannessonar, þar til nefndin hefði haft tækifæri til að rannsaka staðhættina.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

6°

Kristján Guðmundsson bifreiðingur sækir um að fá til garðræktar blett fyrir austan Sandgerði. Nefndin leggur til að þeirri beiðni verði synjað.

7°

Guðmundur Pálsson fer þess á leit að fá keypta lóð í horni Framnesvegar og Lágholtsvegar, 500 ferálna stóra. Meiri hluti nefndarinnar vill selja honum lóð á þessum stað, er sé 20 m á dýpt og 16 m meðfram veginum, og leggur til að verðið sé ákveðið Kr. 2.50 fyrir hvern fermeter. En einn úr nefndinni (K. Z.) vill ekki láta selja byggingarlóð á þessum stað.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið.

Páll Einarsson.

Arinbj. Sveinbjarnarson. K. Zimsen.

Ár 1912 þ. 17 september kom fasteignarnefndin saman á fund á skrifstofu borgarstjóra. Allir nefndarmennirnir á fundi og bæjarverkfræðingur. Gjörðist á fundinum það er hér segir

I.

Var tekin á ný til athugunar beiðni Kristjáns Guðmundssonar búfræðings um blett til garðræktar við Sandagerði. Nefndin er sömu skoðunar og áður, að synja beri beiðninni.

2.

Jón Hannesson Austurkoti biður um að fá á erfðafestu landræmu fyrir austan Austurkotsland. Meiri hluti nefndarinnar vill láta honum eftir land þetta á erfðafestu að frátekinni c 10 metra breiðri ræmu meðfram sjónum. Sje ræktunartíminn 5 ár, að meðtöldu girðingarárinu. Einn úr nefndinni (borgarstjórinn) óskar að erfðafestubeiðninni verði synjað.

3

Steingrímur Sveinsson og Gísli Sveinsson á Sveinsstöðum sækja um að fá á erfðafestu c 2 dagsláttur norðvestan við Sveinsstaðalandið. Áður hefur öðrum verið synjað um land þetta og leggur nefndin til að þessari beiðni sé einnig synjað. Á hinu umbeðna svæði er vatnsból og götustígur niður að sjónum, en byggingarstaði upp við veginn.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

4.

Nefndin tók enn á ný til athugunar beiðni Hólmfríðar Gísladóttir að fá á erfðafestu c 1 hektar sunnanvert við Einholt. Enda þótt landsspilda þessi leggi innan takmarka verslunarlóðarinnar sér nefndin ekki ástæðu til að breyta tillögu sinni frá fundi 30. júlí, en þá lagði nefndin til, að henni verði látið landið á erfðafestu, en með þeirri kvöð, að veg eða járnbraut mætti leggja yfir landið án endurgjalds.

5.

Guðni Símonarson ábúandi Breiðholts fer þess á leit að bærinn leggi til efni í girðingu fyrir Breiðholtslandi neðanverðu c 3000 metra, en hann býðst til að setja girðinguna niður og gjalda vexti af fjárhæð þeirri, sem bærinn leggur til.

Nefndin leggur til, að bærinn verði við beiðni hans og leggi til efni í girðinguna en með þeim skilyrðum að ábúandinn greiði árlega 5 % vexti af kostnaðinum, að hann haldi girðingunni við á sinn kostnað og skili henni af sér með fullu álagi sem eign bæjarins, þegar hann fer frá jörðinni. Ennfremur að kostnaðurinn við þetta greiðist ekki fyr en á næsta ári.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

6.

Þórður Þorsteinsson og Sæmundur Skaptason sækja um að fá á leigu 30 x 30 faðma stykki í Skólavörðuholtinu upp af № 54–60 við Njálsgötu til kálgarðsræktunar eða ef til vill til fiskverkunarstaðs og skuldbinda þeir sig að skila landinu aptur endurgjaldslaust jafnskjótum og bæjarstjórnin kynni að vilja mæla landið út og selja sem byggingarlóðir.
Með þessum skilyrðum vilja tveir úr nefndinni leigja umsækjendum landið fyrir 25 króna árlega leigu.
Borgarstjóri vill ekki leigja landið til fiskverkunar.

7.

Nefndin leggur til að synjað verði beiðni Emil Strand að fá á erfðafestu 30–40 dagsláttur í Fossvogi.

8.

Sömuleiðis leggur nefndin til að Ingvari Guðmundssyni verði synjað um að fá leigt til þriggja ára 1250 ferálnir af lóð upp undan Vitastíg.

9.

Frestað að gjöra tillögur um landleigubeiðnir Jóseps Sæmundssonar, Jóhanns Jónssonar og Símonar Ólafssonar, en þeim vísað til bæjarverkfræðings til athugunar og undirbúnings.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fleira gjördist ekki.
Fundi slitið
Páll Einarsson.
Arinbj. Sveinbjarnarsz. K. Zimsen.

Ár 1912 þann 20. sept. kom fasteignanefndin saman á fund á skrifstofu borgarstjóra. Allir nefndarmenn á fundi. Fór þá þetta fram:

1°

Fyrir lágu ýmsar beiðni um land á melunum til garðræktar. Bæjarverkfræðingnum var falið að gjöra uppdrátt af landinu, sem óútmælt er sunnan og austan við Sauðagerðis-landið. Þangað til sá ~~frestur~~ uppdráttur er útunninn frestar nefndin að gjöra tillögur um beiðnir þær, er liggja fyrir. —

2°

Ákveðið að leyfa leið bráðasta

samtalsfund við þá Pál Magnússon og Kristófer Sigurðsson viðvíkjandi umsókn þeirra um að fá málmnámuréttindi í Vatnsmýrinni. –

Fleira ekki fyrirtekið
Fundi slitið
Páll Einarsson

Árni Sveinbjarnarson

[illegible]

Fundargjörð 3. nóv. 1912 er innfærð á bls. 252–254. –

Páll Einarsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

18. nóvember

Ár 1932 kom fasteignanefndin saman á fund í skrifstofu borgarstjóra. Allir nefndarmenn mættir á fundi og bæjarverkfræðingurinn. Gerðist á fundinum það er hér segir:

1. Hólmfríður Gísladóttir fer þess á leit að fá ca. 2 dagsláttur í erfðafestu sunnan og vestanvert við Langagerði.
   Nefndin leggur til að henni verði látið land þetta, eftir nánari útmælingu bæjarverkfræðingsins, á erfðafestu með venjulegum erfðafestukjörum. Sé ræktunartíminn 5 ár að meðtöldu girðingarárinu.
2. Nefndin leggur til að Aðalmundi Reimarssyni, Framnesveg 1a, verði leigt til kálgarðsræktunar landspilda ca. 800 fermetrar meðfram Kaplaskjólsvegi, vestanvert við erfðafestuland Þórðar Gunnlaugssonar og Jóns Þórðarsonar, eftir nánari útmælingu bæjarverkfræðingsins.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Leiga fyrir landið sé venjulegt gjald af óbyggðri lóð og að öðru leyti með venjulegum leiguskilmálum fyrir kálgarðsland.

3. Verkmannafélagið Dagsbrún sækir um að fá leigt með hagkvæmum leigumála land milli Melavegarins og túnanna við Tjarnarendann, og er það tilgangur félagsins að leigja landið aftur út í smáskákum til félagsmanna.
Nefndin álítur það haganlegra fyrir félagið að fá landið í erfðafestu og leggur til að félagið fái í erfðafestu með venjulegum kjörum landspildu þá, er liggur milli Melavegarins og túnanna sunnan við Tjörnina, en land þetta hefir bæjarstjórnin í sínum tíma keypt af Einari Finnssyni. –
Sé [illegible]artíminn fyrir félagið ákveðinn 6 ár, og þó skilyrði sérstaklega sett, að leggja megi járnbraut

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

ókeypis yfir standandi landinu til
afnota við hafnarbygginguna.

4. Þá leggur nefndin til að Ingimundi
Péturssyni verði með venjulegum
skilyrðum leigt land til kálgarðs-
ræktunar austan við Laugagerði
ca. 1000 fermetrar eftir nánari út-
mælingu bæjarverkfræðingsins.

5. Sömuleiðis mælir nefndin með, að
Andrési Jónssyni, Bræðr. 17 verði
leigt með venjulegum skilmálum kál-
garðsstæði austan við Laugagerðis-
tún eftir nánari útmælingu bæjar-
verkfræðingsins.

6. Sömuleiðis leggur nefndin til, að
Jóhanni Jónssyni, Bræðr. 35, verði
leigt kálgarðsstæði með venjulegum
skilmálum sunnan við Einholt.

7. Þá vill nefndin ennfremur verða við
beiðni Eiríks Ingimagnússonar, Bræðr.
35, um að fá leigt með venju-
legum skilmálum ca. 800 fermetra
stórt kálgarðsstæði austan við

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Sauðagerðisgarðinum, eftir nánari
útmælingu bæjarverkfræðingsins.

8. Sömuleiðis leggur nefndin til, að
Jósep Sammundsson verði leigt
kálgarðsstæði austan við Sauðagerði
ca. 400 fermetrar, eftir nánari
útmælingu bæjarverkfræðingsins
og með venjulegum leigukjörum.

9. Sömuleiðis vill nefndin leigja
Símoni Ólafssyni í Bakka kál-
garðsstæði, þrjá faðma á stærð sunnan
við Sauðagerðistún.

10. Sveinn M. Hjartarson bakari
sækir um að fá á erfðafestu ca.
1 ha. af landi milli túns Ásgeirs
Sigurðssonar og Sauðagerðis. Mælir
nefndin með því, að honum verði
látið land þetta á erfðafestu með
venjulegum kjörum. Ræktunar-
tíminn 5 ár.

11. Þá leggur nefndin til, að Brandi
Jónssyni verði leigður ca. 0.15 ha. til
kálgarðsræktunar nálægt Sauðagerði

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

eftir aðeins útmælingu bæjarverk-
fræðingsins og með venjulegum leigu-
kjörum.

12. Th. Thorsteinsson kaupmaður býður for-
kaupsrétt að 94 ferálnum af
erfðafestulandi hans, Heiðarbúsbletti
No 4, er hann ætlar að selja undir
veg. Nefndin leggur til að forkaups-
rétti verði hafnað.

13. Páll Guðmundsson í Guðjónshúsi
sækir um að fá á erfðafestu ca. 1
ha. úr vesturjaðri Vatnsmýrinnar.
Nefndin vill að honum sé veitt
land þetta á erfðafestu, með sömu
kjörum og öðrum hefir verið látið
land í erfðafestu í Vatnsmýrinni,
að því viðbættu, að járnbraut megi
ókeypis leggja yfir landið til afnota
við hafnarbygginguna. Sé ræktunar-
tíminn 5 ár.

14. Erfðafestubeiðni Jóhannesar Magnús-
sonar og lóðarkaupsbeiðni Ólafs J.
Pálmasonar vísað til bæjarverkfræð-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

208

ingjörð til [illegible] í staðinn.

15. Daníel [illegible] býður forkaupsrétt að erfðafestulandi í Kirkjumýrinni, er hann ætlar að selja fyrir 800 kr. Leggur nefndin til að forkaupsrétti verði hafnað.

16. Sömuleiðis leggur nefndin til að hafnað verði forkaupsrétti að erfðafestulandi Jóns Jónssonar í [illegible], er hann ætlar að selja fyrir 200 kr.

17. Sölmundur Kristjánsson, Berg. 66, og Guðríður Filippusdóttir, Þórs. 46, sækja um að fá keypta 680 ferálna stóra lóð við Óðinsgötu sunnanverða. Nefndin leggur til að þeim verði seld byggingarlóð í þeirri stærð fyrir 1 kr. hverja feralin, en að byggingarnefndin ákveði stærð og legu lóðarinnar.

18. Bjarni Pétursson og Halldór Steinþórsson sækja um að fá á erfðafestu ca. 0,3 ha. í Rauðarárholtinu norðanverðu. Nefndin leggur til að

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

beiðni þessari verði eigi að svo stöddu.

X 19. Fiskiveiðahlutafélagið Ísland og Th. Thorsteinsson kaupm. sækir hvort um sig um það að fá leigutíma, sinn fyrir Kirkjusand framlengdan um 60 ár, að telja frá þeim tíma að núverandi leigutími þeirra er útrunninn, en hann mun á enda að liðnum ca. 18 árum hér frá.
Nefndin getur ekki að svo stöddu mælt með því að þessi framlenging á leigutímanum verði veitt.

20. Borgarstjóri lagði fram bréf dags. í dag frá Charles C. Dellar í Englandi, þar sem hann falast eftir að fá Elliðaárnar leigðar næsta ár. Nefndin leggur það til að borgarstjóra verði falið að bjóða honum árnar til leigu næsta sumar fyrir 400 £ og að undirskrifa leigusamning, ef hann gengur að því tilboði fyrir lok þessa árs.

Fleira gerðist ekki. Fundi slitið.

Páll Einarsson. Arinbj. Sveinbjarnarson. K. Zimsen.
B. Bjarnarson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1913 þ. 13. jan. kom fasteignanefndin saman á fund á skrifstofu borgarstjóra. Mættir voru borgarstjóri, bæjarfulltrúi Arinbj. Sveinbjarnarson og bæjarverkfræðingurinn, en Knud Zimsen var fjarverandi. – Gjörðist á fundinum það er hjer segir:

1°

X Var rætt um framlenginguna á leigutíma fyrir Kirkjusandslandinu og ákveðið að ræða við umsækjendur um skilyrði fyrir framlengingu og gjöra síðan tillögu um málið. –

2°

Ákveðið að fela J. A. Fernley & Dowel að leigja Elliðaárnar þegar eftir komu næsta póstskips, ef ekki kemur með því leigutilboð í árnar. –

Fleira gjörðist ekki. –

Fundi slitið

Páll Einarsson   Arinbj. Sveinbjarnarson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1913 þ. 1. apríl kom Fasteignanefndin saman á fund á skrifstofu borgarstjóra. Allir nefndarmennirnir á fundi og bæjarverkfræðingurinn. Gerðist á fundinum það er hér segir:

1°.

Sigurður Kristjánsson og Ólafur Ólafsson sækja um að fá leigt matjurtagarðsstæði upp af húsinu No 40 B við Njálsgötu.

Nefndin leggur til að þeim verði leigt kálgarðsstæði á tilgreindum stað að stærð 30 x 20 = 600 m². með venjulegum kjörum þ.e. að þeir borgi í afgjald venjulegt gjald af óbygðri lóð og að leigan sé uppsegjanleg með 6 mánaða fyrirvara.

2.

Þorlákur Ófeigsson býður forkaupsrétt að erfðafestulandi sínu í Kirkjumýrinni, er hann ætlar að selja fyrir 500 kr. Nefndin leggur til að forkaupsréttinum verði hafnað.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

[illegible]

3.

Guðmundur Helgason og Bjarni Helgason bjóða bænum forkaupsrétt að erfðafestulöndum þeirra í Kirkjumýrinni. En þar sem kaupverðið er ekki tilgreint, frestaði nefndin að gera tillögur um málið.

4.

Guðmundur Sigmundsson í Bergstaðastræti fer þess á leit, að honum verði gefið erfðafestubréf fyrir Norðurmýrarbletti 17 og Norðurmýrarbletti 18. —

Nefndin leggur til að borgarstjóra verði falið að gefa út erfðafestubréf fyrir löndum þessum með þeim erfðafestukjörum, sem tíðkanleg voru þegar lönd þessi voru tekin á erfðafestu.

5.

Nefndin samþykkir að auglýsa lausa stöðuna, sem vörzlumaður beitarlandsins utan Laugarnesgirðingarinnar næsta sumar með sömu launakjörum og í fyrra.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

6. Bústaðir

Nefndinni sýndist þykja að leita aðstoðar fógeta, ef með þarf, til þess að fá Bústaðalandið úr ábúð í næstu fardögum, en ábúandanum hefir verið sagt upp með nógum fyrirvara.

7.

X Var rætt enn um framlenging leigunnar á Kirkjusandi, en frestað að gera tillögu þar til nefndin í heild hefði borið sig saman um það málefni.

Fleira gerðist ekki.
Fundi slitið.

Páll Einarsson   K. Zimsen.
Arinbj. Sveinbjarnarson   B. Jónasson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1913 þ. 15. apríl kom fasteigna-nefndin saman á fund á skrifstofu borgarstjóra. Allir nefndarmenn á fundi og bæjarverkfræðingurinn.

1°.

Guðmundur Helgason og Bjarni Helgason bjóða bæjarstjórninni forkaupsrétt að erfðafestulöndum þeirra í Kirkjumýrinni, er þeir ætla að selja Þorláki Vilhjálmssyni í Rauðará fyrir 1200 kr. —
Nefndin hefir látið athuga hve mikil mannvirki þeir hafi látið gera á löndunum og hafa þeir að mestu leyti fullnægt erfðafestuskilmálunum. Má álíta að mannvirki þau, sem unnin hafa verið í landinu, séu sem næst þess virði sem kaupverðinu nemur. Leggur því nefndin til að sala landsins verði leyfð og að bæjarstjórnin hafni forkaupsrétti.

2°.

Nefndin endurtekur tillögu sína frá síðasta fundi að borgarstjóra verði falið að gefa út erfðafestubréf fyrir Norðurmýrarbletti

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

17 og 18 með erfðafestukjörum þeim, er tíðkanleg voru þegar lönd þessi voru látin á erfðafestu, en lönd þessi bæði voru látin á erfðafestu á bæjarstjórnarfundi 4/6 1903. Verður á fundinum gerð nánari grein fyrir hverjir erfðafestuskilmálar voru þá tíðkanlegir.

3o.

Var á ný tekin til athugunar umsókn frá h/f. Ísland og Th. Thorsteinsson um að fá leigutíma á þeirra fyrir Kirkjusand framlengdan um 60 - sextíu - ár talið frá því að núverandi leigutími þeirra er á enda. -

Nefndin hefir áður lagt það til, að beiðni þessari verði að svo komnu synjað en bæjarstjórnin vísað málinu aptur til nefndarinnar til athugunar. -

Ef nú bæjarstjórnin vill sinna beiðninni um framlenginguna, leggur nefndin til, að leigutíminn verði framlengdur um 20 ár og verði leigan ákveðin fyrirfram frá 1. jan. 1914 fyrir hver fimm ár

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

í línu með mati dómkvaddra manna, þannig að matið sé bygt á verðmati landsins sjálfs að frádregnu verði þeirra mannvirkja, sem gerð hafa verið, og aukið hafa verðmæti hins leigða, þó þannig að leigan sé ekki minni en 350 kr. á ári fyrir land Th. Thorsteinsson og 250 kr. fyrir leiguland h/f. Ísland.

Enn fremur að það sé nú þegar heimilt bæjarstjórninni að leggja sporbraut yfir landið frá bryggju, er bygð kann að verða fram af því, til flutnings upp í landið þar fyrir ~~[illegible]~~ ofan, en sporbrautin skal þó lögð svo að leigutökum sé sem minstur bagi að.

Fleira gerðist ekki. – Fundi slitið.

Páll Einarsson.

K. Zimsen. Sveinbj. Sveinbjarnarson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1913 þ. 28. apríl kom fasteignanefndin saman á fund á skrifstofu borgarstjóra. Allir á fundi. –

Voru lagðar fram umsóknir um ~~gæslumanns~~ starfann á þessu sumri sem gæslumaður og vörslumaður bæjarlandsins utan Laugarnesgirðingarinnar. Alls höfðu 4 menn sótt um starfa þennan. Meiri hluti nefndarinnar vildi Þorstein Þorsteinsson Laugaveg 38 B. sem gæslumann, með sömu skyldum og réttindum sem í fyrra. –

Einn nefndarmannanna Kn. Zimsen bað þess getið, að hann hefði greitt atkvæði með því, að Þórði Þórðarsyni, Laugarnesi, og Helga Jónssyni í Tungu yrði falinn starfinn. –

Fundi slitið

Páll Einarsson

Sveinbj. Sveinbjarnarson    KZimsen.

B. Jónasson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1913 þ. 13. maí kom fasteignanefndin saman á fund á skrifstofu borgarstjóra. Allir nefndarmenn á fundi og bæjarverkfræðingurinn.

1°.

Valentínus Eyjólfsson og M. Magnússon sækja um að fá á erfðafestu ca. 2 dagslättur af landi vestan við Fúlutjarnarland og grandann neðan við Fúlutjarnarlæk, með rétti til að byggja þar á fiskverkunarreit. – Nefndin vill ekki láta land þetta á erfðafestu, en vill heldur leita samkomulags við umsækjendur um leigu á landinu til ákveðins árafjölda.

2°.

Páll Jónsson, Bræðr. 39, og Eiríkur Ingimagnússon sækja um að fá á leigu kálgarðsstæði fyrir austan Einholt. – Nefndin vill ekki að svo komnu láta land þetta á leigu á þessum stað, en þar skammt frá fyrir austan og sunnan Landsgarðinn er hentugt

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Kálgarðsstaði sem nefndin leggur til að umsækjendunum verði látið í leigu með venjulegum kjörum.

3°. Bústaðir

Nefndin leggur til að út af málaleitun verði gerð við ábúand Bústaða, Jón Bergsson, að honum verði gefinn kostur á að fá lífstíðarábúð á þeim hluta Bústaða, er liggur fyrir sunnan vatnsveituveginn, gegn því að hann láti með samningi af hendi beitarland jarðarinnar fyrir norðan vatnsveituna alla leið inn úr og fái hann fyrir þriðjungs afslátt af landskuldinni. Ennfremur að bæjarins kostnaði eftir mati girði hann norðan við beitilandið og láti girða beitilandið að sunnanverðu. Ella víki hann af jörðinni samkvæmt uppsögninni.

Fundi slitið.

Páll Einarsson.

Arinbj. Sveinbjarnarson. J. Þórinsey.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1913 þ. 2. júní var haldinn fundur í fasteignanefndinni í skrifstofu borgarstjóra. Allir nefndarmenn á fundi og bæjarverkfræðingurinn. Gjörðist á fundinum það er hér segir:

1°.

Var lesið bréf frá Dorwell í Lundúnum dags. 19. f.m., en meðtekið í dag. Í þessu bréfi skýrir hann frá, að enn hafi ekki tekist að útvega leigutilboð í Elliðaárnar þetta ár. Nefndin samþykkir að beiðast símskeytis frá honum um hvort vænta megi leigutilboðs frá honum fyrir allan veiðitímann eða nokkurn hluta hans og von sé svarsins fyrir næsta bæjarstjórnarfund. – Ef ekki verður komið neitt tilboð, leggur nefndin til að borgarstjóra verði heimilað að leigja árnar til stangaveiði dag og dag fyrst um sinn.

2°.

Í sama bréfi skýrir Dorwell frá, að Mr. Davidson nokkur bjóðist nú

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

þegar til að leigja árnar árið 1914 fyrir 350 £ og með rétti um næstu 5 ár til leigunnar fyrir sama verð, þannig að hann fyrir einhvern tiltekinn tíma á árinu segi til hvort hann nóti rétt sinn það árið. Nefndin leggur til að þessu boði verði tekið og þannig að hann segi til fyrir lok marzmánaðar það árið, sem hann ekki kynni að vilja nota veiðina.

3º.

Bústaðir

Var lagt fram bréf Jóns bónda Ólafssonar á Bústöðum dags. 29. f.m. þar sem hann hafnar boði bæjarstjórnarinnar frá síðasta fundi um lífstíðarábúð í landi Bústaða fyrir sunnan vatnsveituna. Fer hann þess jafnframt á leit annaðhvort að fá þennan hluta af jörðinni keyptan fyrir 1800 kr. ~~eða~~ eftirgjaldið á honum með þeim ~~skilyrðum~~ skilmálum, er hann tiltekur. Nefndin leggur til að þessum boðum hans verði hafnað.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

222

4°

Kristján S. Sigurðsson húsasmiður og Jóhann Jónsson bygm. báðir fara þess á leit að fá ca. 1/2 ha. af landi sunnan við Sandagerðistún í leigu til Kálgarðs-reitanna. Nefndin leggur til að þeim verði látið land þetta eftir nánari útmælingu bæjarverkfræðingsins í leigu til Kálgarðs-reitanna með venjulegum leigukjörum.

5°

Emil Rokstad biður um að fá á erfðafestu ca. 2. ha. af landi milli erfðafestulands hans í Kirkju-mýrinni, en þar í gegnum rennur Laugalækurinn.

Nefndin leggur til að honum verði látið land þetta á erfðafestu, en með því afbrigði frá hinum venjulegu erfðafestuskilmálum, að bæjarstjórnin geti hvenær sem er tekið af landinu án endurgjalds

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

15 m. breið gjörðist hvorumegin við lækinn. — Rak hann á túninu sé 5 ár að meðtöldu girðingarárinu.

6°.

Jóhann Jóhannsson býður forkaupsrétt að erfðafestulandi sínu í Vatnsmýrinni fyrir 1400 kr. – Nefndin leggur til að forkaupsrétti verði hafnað.

7°.

Einn nefndarmann (K.Z.) bað það bókað, að hann vildi banna að ásauðkindur (lambær) væru látnar vera innan girðinga hins afgirta beitarlands nema því að undirgjald verði ákveðið fyrir. – Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið.

Páll Einarsson

K. Zimsen. Arinbj. Sveinbjarnarson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1913 þ. 9. júní kom fastleigu-
nefndin saman á fund í skrif-
stofu borgarstjóra. Allir nefndarmenn
voru á fundi: —

1°.

Var lagt fram símskeyti frá Dowell
í Lundúnum svohljóðandi:
„Offer two hundred pounds Ellidea
river best offer obtainable wire
reply. Dowellance London".
Samþykti nefndin að svara því
með svohljóðandi símskeyti:
Dowellance London.
„Two hundred pounds Ellidariver
accepted for season 1. July to
20. August wire reply." —

2°.

Var rætt um peningagæzlu
innan hagagirðingarinnar. Ákveðið
var að kúahaldar skuli innheim-
tur byrja fram fyrir hvern mánuð
með 2 kr (~~fyrir hvern mánuð~~),
5 kr alt sumarið, og gjald fyrir

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hesta með 3 Kr. fyrir hvern mánuð
er greiðist fyrir fram fyrir hvern
1/2 eða heilan mánuð í einu. En
gjaldið fyrir ferðamannahesta er
82 aura um sólarhringinn.

Enn fremur var samþykt,
að gæzlumann skyldi mánaðarl.
senda fasteignanefndinni skýrslu
um hve mikið af peningi hafi
verið í girðingunni, hve mikið
endurgjald hafi komið fyrir, hve
mikið af því hafi verið greitt
bæjargjaldkera og hve mikið sé
útistandandi; en gæzlumann
greiði bæjargjaldkera mánaðarlega
hagatollinn jafnóðum og hann
innheimtir. –

Fleira gerðist ekki.
Fundi slitið.
Páll Einarsson

K. Zimsen. Sveinbj. Sveinbjarnarson

Þann 10. júní 1913 fjekk borgarstjóri svohljóðandi skeyti frá J. A. Lumley & Dowel:

" Ellidaa must have from twenty fourth june to twenty second august inclusive wire
Dowellance London.

Þetta símskeyti var þegar tilkynnt meðlimum fasteignanefndarinnar og var það einhuga álit hennar að samþykkja, skyldi að leigja Elliðaárnar fyrir tímabilið frá 24. júní til 22. ágúst fyrir 200 £. - Símaði þá borgarstjóri samþykkið í svohljóðandi skeyti
Dowellance London
" Offer Ellidariver accepted
mayor. -

Þetta staðfestist hjer með. —
Páll Einarsson.

J Hansen. Arinbj. Sveinbjarnarson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1913 þ. 16. júní kom fasteigna-nefndin saman á fund í skrifstofu borgarstjóra. Allir nefndarmenn voru á fundi og bæjarverkfræðingurinn. Gerðist á fundinum það er hér segir:

x 1. Sigurbjörg Gísladóttir fer þess á leit að hún til undirgjalds eða í skiptum fyrir landræmu, sem farið hefir undir járnbrautina af erfðafestulandi hennar í Melunum, fái viðlíka stóran blett þar hjá á erfðafestu. – Nefndin leggur til að þetta verði veitt.

2. Nefndinni hafa borist tvær beiðnir um erfðafestulönd í Norður-mýrinni. Ákveðið var að ganga á staðinn og athuga staðhætti áður en tillaga er gerð um beiðnir þessar.

3. Sömuleiðis ákvað nefndin að skoða Þormóðsstaði með byggingunum áður en tillaga verður gerð um sölutilboð eiganda þeirra. –

Fleira gerðist ekki. – Fundi slitið.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1913 mánudaginn 4. júní kl. 4 síðdegis kom fasteignanefndin saman á fund. Borgarstjóri var fjarverandi. Fór þetta fram:

1. Þorl. Guðmundsson býður forkaupsrétt að erfðafestulandinu „Andersensreit" (Lækjarhvammstún) er hann ætlar að selja Þórði Einarssyni o. fl. fyrir 1700 kr. auk 5000 kr. fyrir byggingar í landinu. Nefndin vill að forkaupsrétti sé hafnað.
2. Sami maður býður forkaupsrétt að erfðafestulandinu „Breiðfjörðstún" (Sandvíkurtún), er hann ætlar að selja frú M. Zoëga fyrir 26000 kr. Nefndin vill og að þessum forkaupsrétti sé hafnað.
3. Til athugunar bæjarverkfræðings var vísað þessum beiðnum:
   a). Sig. Guðmundssonar um erfðafestuland í Fossvogi.
   b). Atvinnufélags Reykv. um erfðafestuland í Kirkjumýri.
   c). Páls Erlingssonar um erfðafestuland við Sundlaugarnar.
   d). Jóns Torfasonar um erfðafestuland

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

í Vatnsmýri.

e) Umsókn. Ólafssonar sem um land til garðræktunar sunnan við Sand-gerðistún.

f. Umsókn. Kr. Eyjólfssonar um erfðafestuland í Norðurmýri.

4. Vilhj. Bernhöft falar leigu í laxveiði í Elliðaánum frá 27. ágúst til 31. s. m. og býður 250 kr. leigu. Nefndin vill eigi að svo stöddu gera ákveðnar tillögur um þessa málaleitun, en leggur til að bæjarstjórnin heimili nefndinni að leigja árnar fyrir umsett tímabil á þann hátt, er henni þykir hagkvæmast.

5. Val. Eyjólfsson og Magnús Magnússon hafa nú á ný ítrekað síðari beiðni þeirra 21. 3. 1917 um land til fiskverkunar vestan og norðan við Selstjörn og bæjarstjórnin hefir vísað erindi þeirra til fasteignanefndarinnar. Nefndin gekk á staðinn og að fáum vel athuguðu leggur hún til að hið umbeðna land

verði látið beiðandanum í té gegn
með þessum kjörum:

a) Landið sem leigt er, takmark-
ast að vestan af erfðafestulandi
Jóns Jenssonar (Félagstúni), að
norðan af sjónum, að austan af
Fúlutjarnarlandi og að sunnan af
erfðafestulöndum Þorláks Vil-
hjálmssonar og Jóns Jenssonar. Þó
eru talin með grandinum norðan-
vert við Fúlutjarnar~~land~~ læk austur að
lækinum.

b). Landið leigist til fiskverkunar og
skulu leigjendurnir gera það lagað til
þeirrar notkunar innan tveggja ára.
Meðfram grandanum skulu þeir hlaða
garð og fylla upp tjörnina innan hans
og skal því verki lokið innan 5 ára.

c). Veg skulu leigjendurnir á fyrsta ári
gera á sinn kostnað að landinu frá
Laugavegi meðfram austurjaðri Félags-
túns, og girða meðfram honum að
austan, en bæjarsjóður leggur til

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

nýðir sjáum lóðarnar, sem hún
tekur eignarnámi af eftir festulóðunum
fyrir austan. Þarf: nokkurt endur-
gjald að greiða fyrir lóðarnámið
[illegible] liggjandi undir greiði bæjar-
gjaldi þar.

d) Landið liggi til 25 ára fyrir ár-
legt afgjald, er 2 dómkvaddir
menn meta til 5 ára í senn. Skulu
þeir meta verðmæti landsins til
fiskverkunar án tillits til þeirra
mannvirkja, sem liggjandi hefir
látið gera í því.

e) Bæjarstjórnin getur í hvaða tíma
sem er lagt veg eða járnbraut yfir
landið án nokkurs endurgjalds til
liggjanda, en þá getur hún krafist
lækkunar á afgjaldi eftir mati
2 dómkvaddra manna.

f. Innan[?] liggjandi ekki þeim lóðum
sínum samkv. ákvæðum b. og e. fellur
allt landið aftur til bæjarins, en
þá greiðist eigi að síður afgjald f. 5 ár.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

2282

6. Pjetur Hjaltested sækir um í slg um viðbót austan við erfðafestuland sitt í Norðurmýri. Nefndin leggur til að honum verði veitt í erfðafestu hið svo kallaða land austur af girðingunni um beitarlandið í Kringlumýri og er það ca. 3 ha. að stærð. Norðurtakmörk landsins er lína úr norðausturhorni erfðafestulands Pjeturs í vesturhorn erfðafestulands Guðm. Jakobssonar, en suðurtakmörk lína í austur frá syðra horninu í erfðafestulandi Hans Hannessonar. Landið veitist með venjulegum erfðafestukjörum, að því viðbættu, að ef bæjarstjórn síðar krefji þess, skal erfðafestuhafi gefa eftir til að halda opnum vegi yfir það, án endurgjalds. Ræktun á túninu sé 6 ár að meðtöldu girðingarárinu.

Fleira gerðist ekki. Fundi slitið.

K. Zimsen. Steinþ. Sveinbjarnarson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1913 þ. 15. ágúst kom fasteigna-nefndin saman á fund í bæjarskrifstofu borgar-stjóra. Allir nefndarmennirnir á fundi. Gerðist á fundinum það er hér segir:

Vilhelm Bernhöft tannlæknir hefir í bréfi dags. 2. þ.m. boðist til að taka Elliða-árnar á leigu dagana 23–31. þ.m. með sömu kjörum og Englendingarnir leigja þær, fyrir 250 kr. leigu. –

Einn nefndarmanna flutti á fundinum tilboð frá Sturla kaupmanni Jónssyni, um að leigja árnar þessa daga fyrir 300 krónur.

Nefndin vill hvorugu þessu tilboði sinna, en meiri hluti nefndarinnar ákvað að bjóða V. Bernhöft árnar á leigu þessa daga fyrir 40 kr. á dag eða als 360 kr., og að öðru leyti með sömu (kjörum) skil-yrðum, sem Englendingarnir hafa haft, þannig að aðeins megi veiða með stöng og ekki megi veiða með fleiri en tveimur stöngum í einu o.s.frv. Ennfremur er það skilyrði sett, að ef sjúkir laxar

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

veiðist, skuli þeir senda til borgarstjóra til þess að hann geti látið rannsaka það.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið.

Páll Einarsson

[illegible]. Arinbj. Sveinbjarnarson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1913 20. ág. kom nefndin saman á fund á skrifstofu borgarstjóra.
Allir á fundi. Þetta gjörðist á fundinum:

1°

Nefndin ákvað að taka skyldi 4 kr. leigu á dag fyrir hverja stöng, ef leyfð væri til silungsveiði í Elliðaánum fyrir neðan fossa, eftir 1. sept. næstkomandi.
Aðeins tvær stengur leyfðar í einu.

2°

Tveir menn þeir, Jón Torfason, Mjóstræti 10, og Sigurþór Jónsson hafa hvor um sig sótt, um að fá sjer útmælt á erfðafestu landskika C. 2/3 hektars í vesturjaðri Vatnsmýrarinnar, milli lands Ögmundar Hanssonar og Guðrúnar Matthíasdóttur.—
Nefndin leggur til að Jón Torfason verði látin sitja fyrir, og að honum því verði látið landið á erfðafestu með sömu kjörum og önnur lönd í Vatnsmýrinni.
Ræktunartíminn verði ákveðinn 4 ár að meðtöldu girðingarárinu.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

3^c

Sigurður Guðmundsson, Bræðraborgarstíg 24, sækir um að fá á erfðafestu c. 2 hektara sunnan í Öskjuhlíð. Nefndin vill ekki að honum verði látið á erfðafestu land það, er hann biður um, en ætlar að benda honum á, að hann muni geta fengið í þess stað annað land þar nálægt. —

4^c

Páll Erlingsson sundkennari sækir um að fá á erfðafestu 1–2 hektara norðaustanvert við Laugalækinn til viðbótar við land það, er hann hefir fengið suðvestan við Laugalækinn. Nefndin leggur til að Páli Erlingssyni verði látnir alt að 2 hektarar á erfðafestu norðaustan við Laugalækinn og til viðbótar hinu landi Páls, en með þeim afbrigðum frá hinum almennu skilmálum fyrir landið í heild sinni, að bæjarstjórnin geti hvenær sem er tekið af landinu

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

án endurgjalds 15 metra breiða spildu hvoru megin við lækinn. — Ræktunartíminn sjé 6. ár að meðtöldu girðingarárinu. —

5.

Nefndin leggur til að Guðmundi Ólafssyni Ránargötu 29. A. verði leigð til kálgarðsræktunar c. 1100 fermetra spilda sunnanverðu við Laugagerðistún, með venjulegu leigukjörum. —

6.

Þorgrímur Guðmundsson, Laugaveg 70 og Sigurður Gíslason Njálsgötu 60 sækja um að fá c. 3 hektara á erfðafestu í Norðurmýrinni norðanhalt við Skíðabrautina. Nefndin leggur til að þeim verði fengnir á erfðafestu alt að 2 hektarar eftir nánari útmælingu bæjarverkfræðingsins á þessum stað. Ræktunartíminn sjé 5 ár. —

7.

Þá vill nefndin einnig veita Guðm. Kr. Eyjólfssyni Borgstaðastræti N=11 á erfðafestu alt að 2 hektara þar hjá eftir nánari útmælingu bæjarverkfræðingsins. Ræktunartíminn sjé einnig 5. ár. —

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

gjörðist ekki.
Fundi slitið
Páll Einarsson

Arinbj. Sveinbjarnarson.

Ár 1913 þ. 15. september kom fasteignanefndin saman á fund á skrifstofu borgarstjóra. Kn. Zimsen var fjarverandi.

Jóhanna Gestsdóttir, Stýrimannastíg 7. sækir um að fá á erfðafestu c. ½ hektar til hægðarauka norðan við erfðafestuland Jónatans Þorsteinssonar og norðvestan við land Sigurbjargar Þorláksdóttur í Öskjuhlíð suðaustan vert. Nefndin leggur til að henni verði látið land þetta á erfðafestu með venjulegum erfðafestukjörum og 6 aura ræktunartíma.

Fleira gjörðist ekki.
Fundi slitið
Páll Einarsson

Arinbj. Sveinbjarnarson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1913 þ. 13. okt. kom fasteignanefndin saman á fund. Allir á fundi. Gjörðist það er hjer segir:

1°

Helgi Jónsson í Tungu sækir um leyfi til að byggja heyhús og gripahús á erfðafestulandi sínu við Laugalækinn. Nefndin leggur til að honum verði veitt þetta leyfi.

2°

Sigurður Guðmundsson sækir á ný um að fá 2 hektara á erfðafestu í Fossvogi. Nefndin leggur til að honum verði látnir 2 hektarar á erfðafestu eftir útmælingu bæjarverkfræðingsins fyrir sunnan og vestan land Sigurbjargar Þorláksdóttur, áfast landi hennar og landi Jónatans Þorsteinssonar. Er þá gjört ráð fyrir 6 metra breiðum vegi frá Hafnarfjarðarveginum austanvert við land Sigurbjargar Þorláksdóttur. Ræktunartíminn 6 ár.

Fleira gjörðist ekki.

Páll Einarsson [illegible]

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1913 þ. 17. nóv. kom fasteignanefndin saman á fund á skrifstofu borgarstjóra. Allir á fundi. -

Gjörðist það er hjer segir:

1°

Thor Jensen kaupmaður býður forkaupsrjett að erfðafestubletti Björns Sveinssonar ~~við~~ austan við Sandvíkurtún, er hann ætlar að selja þorleifi Guðmundssyni fyrir 600 kr. - Nefndin leggur til að forkaupsrjetti verði hafnað.

2°

Kristín Árnadóttir, Laugarnesspítala, sækir um að fá á erfðafestu 4-5 dagsl. norður af túni Emils Rokstad og austan að sunnan við Laugarnestúnið. -

Nefndin leggur til að umsækjanda verði látið land þetta á erfðafestu eptir nánari útmælingu bæjarverkfræðingsins með venjulegum erfðafestukjörum. Ræktunartíminn sje 5 ár að meðtöldu girðingarárinu.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

3.

Ingimundur Pjetursson, Sellandsstíg, biður um að fá á erfðafestu c. eina dagsláttu til matjurtagarðs á melunum fyrir sunnan tún Ásgeirs Sigurðssonar þar. Nefndin leggur til að honum verði látin c. ein dagslátta á leigu á tilgreindum stað með venjulegum kálgarðs-leigu-kjörum. –

Fleira gjörðist ekki. – Fundi slitið
Páll Einarsson
Arinbj. Sveinbjarnarson. K. Zimsen.

Þann 18. ~~sept.~~ nóv. 1913 kom fasteignanefndin saman á fund á skrifstofu borgarstjóra. Arinbjörn Sveinbjarnarson var fjarverandi. –

Tekið var til athugunar erindi skógræktarstjóra Kofoed Hansen um trjáplöntun á melunum og við tjörnina dags. 3. þ. m., er bæjarstjórnin hefur vísað til umsagnar nefndar-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

innar. Nefndin er því meðmælt að tilraun verði gjörð með trjáplöntum í landi bæjarins, einkum við Tjörnina sunnanverða. Leggur nefndin til að styrkurinn til Skógræktarfjelags Reykjavíkur verði hækkaður upp í 500 kr. á ári mesta, en með því skilyrði að fjelagið í samvinnu við skógræktarstjórann byrji á trjáplöntun við Tjörnina sunnanverða eða annarsstaðar í landi bæjarins, þar sem bæjarstjórnin vísar til.

Fundi slitið

Páll Einarsson. J. Zimsen.

Ár 1913 þ. 1. des. kom fasteignanefndin saman á fund á skrifstofu borgarstjóra. Allir á fundi. –

Lagt var fram erindi frá Matthíasi Matthíassyni í Holti dags. 18. f. m., þar sem hann býður forkaupsrjett að 375 feráln lóð við Skólavörðustíg fyrir

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

1 kr. 25 a. hverja feralin, en biður ella um leyfi til að breyta þessu í byggingarlóð og selja hana. – Nefndin leggur til að honum verði leyft að breyta 375 ferálnum við Skólavörðustíg úr erfðafestulandi í byggingarlóð gegn því að greiða 20% af andvirðinu í bæjarsjóð, og afsali bæjarstjórninni sjer frá forkaupsrjetti. Bæjarverkfræðingurinn athugi lóðina og gæti þess, að skilyrði þau verði haldin, sem áður hafa verið sett af byggingarnefnd og bæjarstjórn fyrir leyfi til að breyta Efra-Holtsbletti í byggingarlóðir. –

Fleira gjörðist ekki. –

Fundi slitið

Páll Einarsson — Kl. Jónsson.

Sveinbj. Sveinbjarnarson.

~~Ár 1914 þ. 20. janúar kom fasteignarnefndin á fund í skrifstofu borgarstjóra. Allir á fundi.~~

~~1) Sveinn M. Hjartarson tilkynnir, að hann ekki vilji nota erfðafestuland,~~

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1913 þ. 16. des. var fundur haldinn, í fast-eignanefndinni á skrifstofu borgarstjóra. Allir á fundi. Gjörðist það er hjer segir:

1°

Ingimundur Pjetursson Sellandsstíg biður um að fá c. 6 dagslátta fyrir sunnan tún Ásgeirs Sigurðssonar á Melunum á erfðafestu. Meiri hluti nefndarinnar mælir með því, að honum verði veitt þetta, og falli þá burt leiguréttur sá, er honum fyrst á síðasta fundi bæjarstjórnar var veittur á c. 1 dagslátta á þessum stað. Ræktunartíminn sje 6 ár.–

2°

Helgi Jónsson, Túngu, sækir um að fá á erfðafestu c. 6 hektara af landi áfast landi hans í Kirkjumýri, er hann hefur keypt af Valdemar Jónssyni, og áfast Laugalands-túninu vestur að Sundlaug. Nefndin leggur til að honum verði veitt land þetta á erfðafestu eftir nánari útvísun bæjarverkfræðingsins. Er það er sett sem skilyrði, að hann afhendi bæjarstjórn Reykjavíkur aftur hvenær

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

sem þess verður krafist án endurgjalds af landinu 20 metra breiða spildu hvoru megin við Laugalækinn, en þá fái hann tiltölulegan afslátt af erfðafestugjaldinu. Ræktunartíminn sje 8 ár.-

3.

Þórður Jónsson og Sigurþór Jónsson sækja um að fá allt að 3 hektara í Kirkjumýrinni á erfðafestu, austanvert við land Magnúsar Vigfússonar á Kirkjubóli og norðan við land það í Kirkjumýrinni, er ~~hann hefur~~ þeir hafa keypt af Einari Runólfssyni. Nefndin mælir með því að þeim verði látið þetta land á erfðafestu eftir nánari útmælingu bæjarverkfræðingsins. Við útmælinguna skal skilja eftir svæði fyrir fyrirhugaðan veg yfir þvera Kirkjumýrina. Takmörk landsins að austan skal vera 2 metr. frá gaml. Sundlaugarveginum. Ræktunartíminn sje 6 ár.

Fleira gjörðist ekki. Fundi slitið

Páll Einarsson K. Zimsen. Sveinbjörn Sveinbjarnarson
Þ. Jónsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1914 þ. 20. jan. kom fasteignanefndin saman á fund á skrifstofu borgarstjóra. Allir nefndarmennirnir á fundi og bæjarverkfræðingurinn. Gjörðist á fundinum það er hjer segir:

1.

Sveinn M. Hjartarson, Bræðraborgarstíg 1. beiðist leyfis til þess að mega afhenda Frk. Hólmfríði Gísladóttur erfðafestuland það, c. 1⅓ hektar, er honum hefur verið mælt út austan og sunnanvert við Sandagerði. Nefndin leggur til, að afhending þessi megi fara fram og sje ræktunartími Hólmfríðar ákveðinn 5 ár. –

2.

Frk. Hólmfríður Gísladóttir sækir um að fá 2 hektara á erfðafestu fyrir sunnan og vestan land Ásgeirs Sigurðssonar á melunum. Með skírskotun til næstu tillögu hjer á undan leggur nefndin til, að beiðni þessari verði synjað. –

3.

E/32 Valdimar Jónsson, Amtmannsstíg 4a.,

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

sækir um að fá á erfðafestu 2 hektara af landi á melunum austan við tún Ásgeirs Sigurðssonar. Nefndin vill ekki láta þetta land á erfðafestu, og getur þess jafnframt að umsækjanda hefir nýlega verið látið land á erfðafestu annarsstaðar, sem hann hefir selt öðrum. Leggur því nefndin til að þessari erfðafestubeiðni hans verði synjað. –

4.

Sigurður Guðmundsson, Óðinsgötu 18, sækir um að fá á erfðafestu c. 2 hektara í Kringlumýrinni sunnanverðri, úr hinu afgirta beitarlandi. Nefndin vill ekki að svo komnu skerða beitarlandið í Kringlumýrinni og leggur til að beiðninni verði synjað. –

Fleira gjörðist ekki. –

Fundi slitið

Páll Einarsson.

Kringl. Kringlumýrarsv.

K. Zimsen.

B. Jónasson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1914 þ. 3. febr. kom fasteignanefndin saman á fund á skrifstofu borgarstjóra. Allir nefndarmenn á fundi og bæjarverkfræðingurinn. – Gjörðist það er hjer segir:

1º

Karl Hjörtþórsson sækir um að fá allt að 6 dagsláttur á erfðafestu fyrir sunnan land Eggerts Briems í Vatnsmýrinni. Nefndin fólið bæjarverkfræðingnum að rannsaka staðháttu og frestaði að gjöra tillögu um málið að þessu sinni. –

2º

Nefndin tók á ný til athugunar beiðni Sigurðar Guðmundssonar um erfðafestuland í Kringlumýri sunnanverðri. Nefndin ítrekar tillögu sína um að beiðninni verði synjað. –

Fleira gjörðist ekki. Fundi slitið

Páll Einarsson  Arinbj. Sveinbjarnarson

J. Zimsen.  B. Jónasson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1914 þ. 17. febr. kom fasteignanefndin saman á fund á skrifstofu borgarstjóra. Á fundinum vantaði Arinbjörn Sveinbjarnarson. Gjörðist á fundinum það er hjer segir:

1°

Nefndin leggur til að bæjarstjórnin hafni forkaupsrjetti að Laugalandseigninni fyrir 14000 krónur. –

2°

Jón Kristjánsson prófessor sækir um að fá allt að 10 dagslátta á erfðafestu í Fossvogi sunnan Hafnarfjarðarvegar.
Nefndin leggur til að umsækjanda verði synjað um landið að svo komnu. –

Fleira gjörðist ekki
Páll Einarsson   J. Zimsen.   Ó. Friðriksson.

Ár 1914 þ. 3. marz kom fasteignanefndin saman á fund á skrifstofu borgarstjóra. Allir mættir. Fór það fram er hjer segir

1°

Sigurður Guðmundsson, Óðinsgötu 18,

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

sækir um að fá C. 2 hektara á erfðafestu austast í ~~Kringlumýri~~ Norðurmýri en vestan við Kringlumýrargirðinguna. Nefndin leggur til að honum verði látinn allt að 2 hektarar á tilgreindum stað eptir nánari útmælingu bæjarverkfræðingsins. Rækturnartíminn sje 6 ár að meðtöldu girðingarárinu. –

2.

Var lögð fram og tekin til athugunar beiðni Jóns prófessors Kristjánssonar um erfðafestuland í Fossvogi. Áður en nefndin gjöri tillögu um erfðafestuskilyrði fyrir landi þessu, vill hún fá landið mælt og skoðað í snjólausu, en engin tök hafa verið á að gjöra það undanfarna daga vegna snjóa. Frestaði því nefndin að gjöra tillögu um þetta, enda er umsækjandi samþykkur frestuninni að þessu sinni. –

3.

Geitur Guðmundsson sækir um að fá á erfðafestu landspildu sunnan við Norðurmýrarblett No 18. Bæjarverkfræðing falið

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

erindið til rannsóknar. -

4°

Var rætt um sölu landsins en engin ákvörðun gjörð, þar sem óvíst var um hvort dómi landsyfirrjettarins í Bústaðamálinu yrði áfrýjað. -

Fleira gjörðist ekki. Fundi slitið. -

Páll Einarsson  
Jtrimsey.  
Arinbj. Sveinbjarnarson

Ár 1914 þ. 16. marz kom fasteignanefndin saman á fund á skrifstofu borgarstjóra. Allir nefndarmennirnir á fundi. Gjörðist það er hjer segir:

1°

Kristján Kristjánsson skipstjóri sækir um að fá á erfðafestu c. 1½ dagslátta á melunum fyrir sunnan járnbrautina og vestan Laufásveginum. Þetta er sama landið og Valdemar Jónssyni amtmannsstíg 4a var neitað um á fundi bæjarstjórnar 23. jan. - Leggur nefndin til, að einnig þessari beiðni verði synjað, enda er talsverður hluti landsins innan takmarka kaupstaðarlóðarinnar. -

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

2c

Vegna snjóa hefur enn ekki verið hægt að gjöra uppdrátt af landi því, sem Jón Kristjánsson hefur beðið um að fá í Fossvogi, og ~~[illegible]~~ vill nefndin ekki gjöra tillögu um skilmála fyrir erfðafestunni fyr en uppdrátturinn af landinu er fenginn. En þess er getið, að landið muni vera allt að 30 hektarar, en í umsókninni er áætlað, að landið sé um 10 hektarar.—

Fleira gjörðist ekki. Fundi slitið

Páll Einarsson. K. Zimsen. Arinbj. Sveinbjarnarson.

Þessi fundargjörð hefir ~~[illegible]~~ komin undir bæjarstjórn 5 december 1912 og tekin K.Z. Lagt 3/12

Ár 1912 þ. 3. nóv. kom fasteignarnefndin saman á fund. Allir nefndarmennirnir á fundi. Gjörðist þá það er hér segir:

1c

Valdemar Jónsson verkstjóri og Helgi Jónsson í Tungu biðja um samþykki bæjarstjórnar til þess að mega makaskipta á erfðafestulöndum, er hinn fyrnefndi á í Kirkjumýrinni og hinn síðarnefndi í Kringlumýrinni. Nefndin leggur til að makaskiptin verði leyfð og að bæjarstjórnin afsali forkaupsrétti sínum.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

2°

Martha Strand biður um að fá á erfðafestu landspildu c. 1 hektara í Kringlumýrinni, í viðbót við land það, er hún hefir keypt þar. Ef hún fær land þetta skuldbindur hún sig til þess að gjöra veg eptir holtinu að vestanverðu við það, er verði til almenningsnota í stað götuslóða þeirra sem þar eru. — Nefndin leggur til að henni verði látið land þetta á erfðafestu með þessu skilyrði og að öðru leyti með hinum almennu erfðafestuskilmálum. Ræktunartíminn sé ~~fimm~~ 5 ár að meðtöldu girðingarárinu.

3°

Páll Halldórsson skólastjóri biður um að fá á erfðafestu c. 16-1700 ferfaðma austan við land hans í Kringlumýrinni; með takmörkum þeim, sem nánar eru tilteknir í beiðni hans. Nefndin leggur til að honum verði veitt land þetta á erfðafestu með venjulegum kjörum og sé ræktunartíminn 6. ár að meðtöldu girðingarárinu

4°

Pétur Hjaltested biður um að fá á erfðafestu

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

land andspænis Sunnuvoli norðan við vatns-
veituveginn, vestan í Rauðarárholtinu. –
Meiri hluti nefndarinnar vill veita honum
á erfðafestu land á þessum stað (c. 2 hektara) frá
landi Halldórs Þorsteinssonar að ofan niður að
línu, er liggur 45 álnir frá Rauðarárstíg
og samhliða honum, að sunnan takmarkist landið af
vatnsveituveginum en að norðan af leigulandi
Mjölnis. Leigutíminn sé 5 ár að meðtöldu gjörð-
ingarárinu.

5.

Nefndin mælir ennfremur með að sama manni
verði látið á erfðafestu c. 0,7 hektara af landi
í Norðurmýrinni milli lands Guðm. Jafetssonar
og Hannesar Hannessonar.

6c.

Guðmundur Jafetsson hefir beðið um að fá á
erfðafestu land, norðanvert við vatnsveituveginn,
en andspænis sér. En þetta land hefir nýlega
verið látið öðrum á erfðafestu, og verður því að synja
beiðninni. 7c. Var aftur gætt beiðni Th. Thorsteinson og h/f Íslands um
framlenging leigutímans fyrir Kirkjusandi, en engin
tillaga gjörð. – Fleira gjörðist ekki

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fundi slitið.

Páll Einarsson

Arinbjörn Sveinbjarnarson. K. Zimsen.

— . — — . — . — . —

Rjetta innfærslu vottar

Páll Einarsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1913 þ. 16. júní kom fasteignanefndin saman á fund á skrifstofu borgarstjóra. Allir nefndarmennirnir á fundi og bæjarverkfræðingurinn. Gerðist á fundinum það er hér segir:

1. Hólmfríður Gísladóttir fer þess á leit að hún til endurgjalds eða í skiptum fyrir landræmu, sem farið hefir undir járnbrautina af erfðafestulandi hennar á Melunum, fái viðlíka stóran blett þar hjá á erfðafestu. — Nefndin leggur til að þetta verði veitt.

2. Nefndinni hafa borist tvær beiðnir um erfðafestulönd í Norðurmýrinni. Ákveðið var að ganga á staðinn og athuga staðhætti áður en tillaga er gerð um beiðnir þessar.

3. Sömuleiðis ákvað nefndin að skoða Þormóðsstaði með byggingum áður en tillaga verður gerð um sölutilboð eiganda þeirra. —

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið.

Páll Einarsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Nr 2214

Ár 1912 þ. 3. nóv. kom fasteignanefndin saman á fund. Allir nefndarmennirnir á fundi. Gjörðist þá það er hjer segir:

1°

Valdemar Jónsson (skipstjóri) [verkstjóri] og Helgi Jónsson, í Tungu biðja um samþykki bæjarstjórnar til þess að mega makaskipta á erfðafestulöndum, er hinn fyrrnefndi á í Kirkjumýrinni og hinn síðarnefndi í Kringlumýrinni. Nefndin leggur til, að makaskiptin verði leyfð og að bæjarstjórnin fráfalli forkaupsrjetti sínum.

2°

Martha Strand biður um að fá á erfðafestu landspildu c. 1 dagsláttu í Kirkjumýrinni, í viðbót við land það, er hún hefur keypt þar. Ef hún fær land þetta skuldbindur hún sig til þess að gjöra veg eptir holtinu að vestanverðu við það, er sje verði til almenningsnota í stað götuslóða þeirra, sem þar eru.

Nefndin leggur til að henni verði látið land þetta á erfðafestu með þessu skilyrði og að öðru leyti með hinum almennu erfðafestuskilmálum. Ræktunartíminn sje 5 ár að meðtöldu girðingarárinu.

3°

Páll Halldórsson skólastjóri biður um að fá á erfðafestu til c. 16-1700 ferfaðma austan við land hans í Kirkju- Kringlu- mýrinni, með takmörkum þeim,

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

sem nánar eru tilteknir í beiðni hans. Nefndin leggur til að honum verði veitt land þetta á erfðafestu með venjulegum kjörum og sé ræktunartíminn 6 ár að meðtöldu girðingarárinu. –

4°

Pétur Hjaltested biður um að fá á erfðafestu land andspænis Sunnuhvoli norðanvið við vatnsveituveginn, vestan í Rauðarárholtinu. –

Meiri hluti nefndarinnar vill veita honum, á erfðafestu land á þessum stað (c. 2 hekt.) frá landi Halldórs Þorsteinssonar að ofan niður að línu, er liggur 45 álnir frá Rauðarárstíg og samhliða honum. Að sunnan takmarkist landið af vatnsveituveginum en að norðan af leigulandi Mjólnis. Sé ~~leigu-tíminn~~ 5 ár að meðtöldu girðingarárinu. –

5°

Nefndin mælir ennfremur með að sama manni verði látið á erfðafestu c. 0,7 hektar af landi í Norðurmýrinni milli lands Guðm. Jafetssonar og Hannesar Hanssonar. –

6°

Guðmundur Jafetsson hefur beðið um að fá á erfðafestu land norðanvert við vatnsveituveginn, en andspænis sér. En þetta land hefur nýlega verið látið öðrum á erfðafestu, og verður því að synja beiðninni. –

7°

Var athugað beiðni Th. Thorsteinsson og Afsk. Íslands – um framlenging leigutímans fyrir Kirkjusandi, en engin tillaga gjörð. –

Fleira gjörðist ekki. Fundi slitið

Páll Einarsson.

Arinbj. Sveinbjarnarson. K. Zimsen

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1913 þ. 4 nóv. kom fasteignarnefndin saman á fund á skrifstofu borgarstjóra. Allir nefndarmennirnir á fundi og bæjarverkfræðingurinn.

Gjörðist á fundinum það er hér segir:

1. Einar M. Jónasson málaflutningsmaður býður fyrir hönd Magnúsar steinsmiðs Egilssonar bæjarstjórninni forkaupsrétt að erfðafestulandi hans í Kirkjumýrinni ásamt bæ þeim, er hann hefir byggt þar, fyrir 2500 kr. - Nefndin leggur til, að forkaupsréttii verði hafnað. -

2. Einar Runólfsson býður bæjarstjórninni forkaupsrétt að erfðafestulandi hans í Kirkjumýrinni, er hann ætlar að selja fyrir 000 kr. - Nefndin leggur til að forkaupsrétti verði hafnað

3. Eigendur Félagstúnins sækja um að mega breyta alt að 00 faðma breiðri ræmu, af túninu neðanverðu meðfram sjónum, í fiskverkunarreiti þannig, að erfðafestuskilmálarnir haldist að öllu öðru leyti. -

Með skírskotun til samþyktar bæjarstjórnarinnar á fundi 21. mars 1912 leggur nefndin til að umsækjendum verði veitt leyfi til að breyta 00 faðma breiðri ræmu af Fjelagstúni neðanverðu frá lóð hins frakkneska spítalafélags og austur að austurtakmörkum túnsins í fiskverkunarreiti, en erfðafestuskilmálarnir haldast að öllu öðru leyti óbreyttir, og ennfremur að viðbættu því skilyrði; að ef bærinn seinna tekur lóð yfir þetta svæði eftir mati undir sig skal ekki meta bænum til útgjalda það sem kostað hefir verið til landsins vegna stakkstæðisgjörðarinnar.

4. Erindi Kr. Árnadóttur um að fá á erfðafestuland fyrir norðan erfðafestu Emil Rocksad var vísað til bæjarverkfræðings til álitsgjörðar og rannsóknar

5. Frestað var að gjöra tillögu um tilboð Steingríms Guðmundssonar að selja bænum c. 500 ferálna lóð undir breikkun Fríkirkjuvegar. -

Fleira gjörðist ekki
Fundi slitið.
Páll Einarsson.
Arinbjörn Sveinbjarnarson. K. Zimsen.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur